

**EINBYLISHÚS Í DALTÚNI**  
**Stutt í skóla og góðar gönguleiðir**  
 Fasteignablaðið  
**allt** Í MIÐJU BLAÐSINS



**STEFÁN SÖLVI MAGNÚSSON**  
**Yngsti Vestfjarðavík-  
 ingurinn frá upphafi**  
 Sigraði eftir harða keppni  
**FÓLK 34**



**JÓN ODDUR OG JÓN BJARNI**  
**Tvíburarnir  
 eldast vel**  
 Ein vinsælasta kvikmynd Íslandssögunnar  
**FÓLK 24**



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

10. júlí 2006 — 183. tölublað — 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

**Fjögur ár í vinnu í Namibíu**  
 Sjöfn Vilhelmsdóttir er ný framkvæmdastýra UNIFEM á Íslandi en hún hefur unnið við þróunarmál í fjölda ára.  
**TÍMAMÓT 20**



**Kjötflokkarnir**  
 Þeir eiga svo gott með að starfa saman. Hálforski hamborgarhryggurinn og brúnaþunga súpukjötið frá SS, skrifar Hallgrímur Helgason. Á því munu borgarbúar og landsmenn þurfa að japla enn og aftur næstu árin, jafnvel þótt sumir séu fyrir löngu komnir með kjötþol og aðrir séu yfirlystar grænmetisætur.  
**Í DAG 18**


**Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir óperusöngkona**  
 Skipuleggur Kammerhátíð á Kirkjubæjarklaustri í ágúst. Þar verður hátíðabragur og himnesk tónlist.  
**MENNING 23**




**Jafntefli í fyrsta leik**  
 Blikar og Valur gerðu jafntefli í Landsbankadeild karla í gær í fyrsta leik sínum undir stjórn Ólafs Helga Kristjánssonar.  
**ÍÞRÓTTIR 28**



**VEÐRIÐ Í DAG**



**VIÐA NOKKUÐ BJART** í dag verður yfirleitt hæg breytileg átt en vaxandi vindur í kvöld og nótt. Viða nokkuð bjart en hætt við síðdegisskúrur með og hvar. Híti 8-15 stig, hlýjast inn til landsins.  
**VEÐUR 4**



**ÍTALIR HEIMSMEISTARAR** Ítalir urðu í gærkvöldi heimsmeistarar í knattspyrnu í fjórða skipti frá upphafi. Eftir að framlengdum leik lauk með 1-1 jafntefli varð að knýja fram úrslit í vítaspurnuþekki sem Ítalir sigruðu 5-3. Fabio Cannavaro, fyrirliði Ítala, tók við styttni góðu að leiknum loknum.

## Öryggi starfsmanna var haft í fyrirrúmi

Rannveig Rist, forstjóri Alcan, slökkta á öllum kerjum í kerskála 3 vegna þess að hún óttaðist um öryggi starfsfólks. Búnaður var til reiðu til þess að koma rafmagni á að nýju en ekki þótti réttlætlegt að hætta á að nota hann.

**STÓRIÐJA** Rannveig Rist, forstjóri Alcan á Íslandi, tók þá ákvörðun að slökkva á öllum 160 kerjum kerskála 3 í álveri Alcan í Straumsvík vegna ótta um öryggi starfsmanna álversins. Hugsanlega hefði verið mögulegt að setja vararabúnað af stað til að minnka skaðann en Rannveig hætti ekki á það ef ske kynni að búnaðurinn væri vanstilltur.

Lengi dags voru bundnar vonir við að mögulegt væri að bjarga stórum hluta kerjanna, en vegna öryggissjónarmiða varð ljóst að slíku yrði ekki við komið. Hópur tæknifræðinga telur öruggt að bilunin í aðveitustöðinni hafi ekki verið vegna manlegra mistaka. Þvert á móti var um mjög ólíklega og alvarlega bilun að ræða sem öryggisbúnaður var ekki hannaður til svara. Fjórir af sex spennum biluðu en þrjá spenna þarf til að halda uppi nægjanlega miklum straumi til að halda kerjunum gangandi.

Nú er ljóst að framleiðsla getur hafist í fjórutíu kerjum af 160 um verslunarmannahelgi og þau fyrstu verða gangsett á næstu dögum. Er þetta nokkru fyrr en áætlað var í fyrstu. Ljóst hefur verið frá upphafi að tjónið er verulegt og nemur rúmlega milljarði króna. Ekki verður þó ljóst hvert heildartjón fyrirtækisins verður fyrr en eftir nokkra mánuði. Slíkt mat er ekki mögulegt í dag vegna þess að heildartapið ræðst af því hvernig gengur að koma framleiðslunni í samt horf.

Þetta segir Hrannar Pétursson, upplýsingafulltrúi Alcan, spurður hvort staða Rannveigar hafi veikt innan fyrirtækisins vegna þeirrar ákvörðunar að slökkva á öllum kerjunum.

## Kjarnorkutilraunir Norður-Kóreu ræddar í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna: Vilja beita refsiaðgerðum

**TÓKÍÓ, AP** Japönsk stjórnvöld vonast til að kosning fari fram í dag í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna um ályktun þeirra varðandi refsiaðgerðir gegn Norður-Kóreu vegna kjarnorkutilrauna. Norður-Kóreumenn skutu sjö eldflaugum upp síðasta miðvikudag.

Japanar lögðu ályktunina fram á föstudaginn og hafa Bandaríkin, Bretland og Frakkland þegar lýst yfir stuðningi við hana. Kínverjar og Rússar, sem hafa neitunarvald í öryggisráðinu, hafa lýst yfir andstöðu við ályktunina.

Utanríkisráðherra Japans, Taro



**ÞJÓÐARLEIÐTOGAR HEILSAST** Hu Jintao, forseti Kína og Kim Jong-il, leiðtogi Norður-Kóreu takast hér í hendur.  
**FRÉTTABLAÐIÐ/AP**

Norður-Kóreu, eftir eitt í andstöðu við ályktunina. Níu af fimmtán atkvæðum þarf til að samþykkja ályktun í öryggisráðinu.

Ályktunin sem um ræðir er harðorðari en fyrri uppköstin og í henni segir meðal annars að ekkert ríki muni eiga í viðskiptum við Norður-Kóreu með eldflaugar, hluti, tækni eða fjármagn sem þeim tengist.

Stjórnvöld í Norður-Kóreu hafa lýst yfir að tilraunir til að reyna að stjórna hernaðaræfingum þeirra geti orðið kveikja að stríði.

## Óvenjumargir á sama tíma: Umferðarteppa vegna HM

**UMFERÐ** Langar bílalestir mynduðust í átt að Reykjavík í gær upp úr fimm og voru alveg fram á kvöld. Aðalvarðstjóri lögreglunnar í Reykjavík, Pétur Guðmundsson, telur að margir hafi viljað ná í bæinn fyrir úrslitaleik heimsmeistarakeppninnar í fótbolta. Óvenju margir bílar hafi verið á ferð á sama tíma.

Bílalest á Vesturlandsvegi náði upp á Kjalarnef og á Suðurlandsvegi náði hún austur fyrir Selfoss þegar verst var.



**FORSETAHJÓNIN** Borða með Bandaríkjaforseta og konu hans í kvöld.  
**FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI**

## Forsetahjónin í Washington: Snæða kvöldverð með Bush

**HEIMSÓKN** Ólafur Ragnar Grímson, forseti Íslands, og Dorrit Moussaieff snæða kvöldverð í Hvíta húsinu í kvöld í boði George W. Bush, forseta Bandaríkjanna, og Lauru Bush. Kvöldverðurinn er haldinn til heiðurs Special Olympics, íþróttastarfi í þágu andlega fatlaðra einstaklinga, og í tilefni af afmæli Eunice Kennedy Shriver, systur Johns F. Kennedy, fyrrverandi Bandaríkjaforseta.

Ólafur mun funda með ýmsum áhrifamönnum á meðan á dvöl hans stendur í Washington.



**SPURNING DAGSINS**

**Einar, ætti norsk sjávarútvegsráðherrann að ganga plankann?**

„Alls ekki. Helga Pedersen er enginn sjóræningjavinur nema síður sé.“

Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegrráðherra kvartaði á dögunum yfir því að norsk yfirvöld hylgðu sjóræningjaskípum sem staðin væru að ólöglegum veiðum.

Varaformaður fjárlaganefndar segir fjárlagavinna ganga eðlilega:

# Fjárlögin verða hallalaus

**EFNAHAGSMÁL** Einar Oddur Kristjánsson, varaformaður fjárlaganefndar Alþingis, telur að erfitt verði að koma fram með hallalaus fjárlög fyrir næsta ár en það verði að takast. Vinnan við gerð fjárlagafrumvarpsins gangi „eðli málsins samkvæmt“.

Einar Oddur segir að fyrri hluta þessa árs hafi tekjustreymi ríkisins verið verulegt umfram það sem menn hafi ætlað. Gert sé ráð fyrir að dragi úr innflutningi og tekjum ríkisins síðari hluta þessa árs en tekjuáætlun fyrir árið 2006 standist þó í heildina.

„Það er vitað mál að við erum að fara inn í minni tekjur að raun-



**ENINAR ODDUR KRISTJÁNSSON** „Við erum að fara inn í minni tekjur að raungildi á næsta ári. Þess vegna verður erfitt að vera með hallalaus fjárlög en það verður að takast,“ segir Einar Oddur Kristjánsson, varaformaður fjárlaganefndar Alþingis.

gildi á næsta ári. Þess vegna verður erfitt að vera með hallalaus

fjárlög en það verður að takast. Ég vil ekki trúá öðru,“ segir hann.

Einar Oddur segist hafa margfítreað að það sé að sínum dómi ekki nægjanlegt að vera með niðurskurð í ríkisframkvæmdum vegna þess hve litlar þær séu. „Við verðum að geta stöðvað vöxtinn í ríkisrekstrinum,“ segir hann.

„Ríkið hefur leitað eftir samstöðu með sveitarfélögum og fyrirtækjum og reynt að minnka notkun á peningum. Þessu er ekki lokið og ég vil ekki gera lítið úr því að það kunni að takast. Það er samt langt frá því að við séum búin að ná landi.“

- ghs

Írskir dagar á Akranesi:

## Mikil ölvun á fjölskylduhátíð

**LÖGREGLA** Mikill erill var hjá lögreglu á Akranesi vegna Írskra daga sem þar fóru fram um helgina. Hátíðin hefur hingað til verið þekkt sem fjölskylduhátíð en í ár bar sérstaklega mikið á unglingsdrykkju. Hátíðin er haldin í þriðja skiptið á Akranesi.

Talsmaður lögreglu á Akranesi segir að svo virðist sem margar unglingar hafi gripið tækifærið til að komast úr bænum og detta í það yfir helgi á Akranesi. Fjórir gistu fangageymslur í fyrrinótt vegna ölvunar.

- sfs

## Dráttarvextir hafa hækkað: Vanskil verða enn dýrari

**VEXTIR** Dráttarvextir hækkuðu um tvö prósentustig um síðustu mánaðamót og eru komnir í 23,5 prósent. Hafa þeir ekki verið hærri frá því í desember árið 2001.

Þetta var fyrsta vaxtabreytingin af þessu tagi frá áramótum en Seðlabankinn ákvarðar dráttarvexti á hálfis árs fresti. Dráttarvextir hafa ekki hækkað með sama hraða á árinu og stýrivextir og innláns- og útlánsvextir bankanna. Stýrivextir fara í þrettán prósent á morgun.

- eþa

**MATVÆLI**

**Rjómais úr fiskblóði** Nota á erfðatækni til að búa til heilsusamlegri rjómais og nota til þess fiskblóð. Því er haldið fram að hægt sé nota erfðatækni til þess að minnka hitaeyningar og fitu í isnum með þessu.

**STJÓRNSÝSLA**

**Fyrirmyndarstofnun** Sýslumannsembættið á Ísafirði skilaði 2,8 milljóna króna tekjuafgangi á síðasta ári samkvæmt ársskýrslu embættisins. Þar kemur fram að árið hafi verið friðsælt og að embættið hafi verið tilnefnt af fjármálaráðuneytinu sem ríkisstofnun til fyrirmyndar.

# Verði skrefi á undan glæpamönnum

Nýr lögrelustjóri höfuðborgarsvæðisins segir að lögregluembættin í Reykjavík, Hafnarfirði og Kópavogi verði sameinuð um áramót til að styrkja lögreglu á baráttunni gegn skipulagðri glæpastarfsemi.

**LÖGREGLAN** „Það er mikilvægt að vera í tengslum við íbúana og sveitarfélögin. Það er líka mikilvægt að rannsaka málin af festu og gera það hratt og vel. Ógnir, sem við okkur blasa varðandi skipulagða glæpastarfsemi, hafa ekki farið framhá neinum. Þeim þarf að taka á með festu. Þessar breytingar sem við erum að gera á höfuðborgarsvæðinu miða að því að ná meiri styrk út úr lögreglu heldur en er í dag,“ segir Stefán Eiríksson, nýráðinn lögrelustjóri höfuðborgarsvæðisins.

Stefán telur að öflugt greiningarstarf innan lögreglu geti styrkt hana í baráttunni gegn mafiunni. „Það er auðvitað lyklatríði að greiningarvinnu lögreglu hvað varðar skipulagða glæpastarfsemi sé öflug og góð. Með þessum skipulagsbreytingum og öðrum breytingum sem hugsanlega eru í farvatninu erum við að reyna að fá lögreglu í hendur þau tæki og tól sem hún þarf. Aðferðafræði þeirra sem stunda skipulagða glæpastarfsemi þróast á hverjum degi og lögreglan verður að þróa sína vinnu og starfsaðferðir í samræmi við það. Við reynum að vera skrefinu á undan glæpamönnum.“

Stefán leggur áherslu á greiningarvinnu, söfnun upplýsinga og áhættugreiningu. Með því telur hann lögreglu geta brugðist við skipulagðri glæpastarfsemi. Hann vonar að Íslendingar séu ekki komnir á það stig að almenn lögregla þurfi að bera



**LÖGREGLUMÆÐUR VIÐ STÖRF** Nýr lögrelustjóri telur að öflugt greiningarstarf innan lögreglu sé til þess fallið að styrkja hana í baráttunni gegn skipulagðri glæpastarfsemi. Hann segir aðferðafræði þeirra sem stunda slíka glæpastarfsemi þróast á hverjum degi.

skotvopn. „Við skulum stíga þetta skref og sjá hvernig þessar skipulagsbreytingar skila sér áður en við ræðum auknið fjármagn,“ segir hann.

Stefán mun leiða það verkefni að sameina lögregluembættin í Reykjavík, Hafnarfirði og Kópavogi næstu mánuði. Viðamiklar skipulagsbreytingar munu eiga sér stað. Lögregluumdæmum verður fækkað úr tuttugu og sex

í fimmtán, þar af eiga sjö að bera ábyrgð á rannsóknum stærri og flóknari mála.

„Með því að hafa eitt stórt og öflugt lið í staðinn fyrir þrjú stór og góð mun þjónustan eflast og bætast. Það verður meiri möguleiki á sérhæfingu og að takast á við stóra og óvenjulega viðburði af þeim krafti sem nauðsynlegur er í hvert sinn,“ segir Stefán.

ghs@frettabladid.is

Blóðugur dagur í Bagdad:

# Fjörutíu myrtir af vígamönnum

**ÍRAK, AP** Vígamenn úr röðum sjíta myrtu 41 sunnfía í gær í vesturluta Bagdad, höfuðborgar Íraks.

Lögregla og vitni segja að vígamennirnir hafi komið á fjórnum bílum um tíuleytið um morguninn, farið að stöðva bíla og krefja fólk um skilríki. Ef nöfn þeirra bentu til að viðkomandi væru sunnfíar voru þeir myrtir.

Starfsmaður innanríkisráðuneytisins, sem vildi ekki láta nafns sín getið af ötta við hefndaraðgerðir, sagði að svartklæddir vígamenn með grímur hefðu einnig reikað um götur og rænt Sunnfímum. Líkum þeirra hafi síðar verið dreift um hverfið.

- sdg



**FRÁ HAUKADAL** Menntu skemmtu sér hið besta á hátíðinni og allir aldurs hópar nutu lífsins saman.

MYND/GRÓA

Víkingahátíð í Haukadale:

## Unglingar til fyrirmyndar

**MANNFAGNAÐIR** Árleg víkingahátíð, svokölluð Leifshátíð, var haldin á Eiríksstöðum í Haukadale um síðustu helgi. Um eitt þúsund gestir komu til fagnaðarins og skemmtu sér hið besta í ágætum veðri.

Jóhannes Björgvinsson, aðalvarðstjóri lögreglu í Búdardale, segir að hátíðin hafi farið einstaklega vel fram. „Hingað komu unglingar víða að og voru til mikillar fyrirmyndar í alla staði. Það kom eitt útkali til lögreglu aðfaranótt laugardags en það var vegna þriggja ungra pilta af höfuðborgarsvæðinu. Þeir létu svolítið dólgslega en þeir fengu lögglufylgd úr umdæminu eftir föðurlegt tiltal.“

- shá

**LÖGREGLUFRETTIR**

**Keyrði undir áhrifum** Lögrelan í Reykjanessbæ handtók í gærmorgun öðrum manni sem hafði misst vald á bíl sínum og hafnað utan vegar. Er hann grunaður um að hafa verið undir áhrifum fíkniefna. Manninum varð ekki meint af óhappinu en bíllinn er öðkufær.

**HEILBRIGÐISMÁL**

**Of feitur fjölgar** Öryrkjum á Íslandi, sem hafa offitu sem fyrstu sjúkdómsgreiningu, hefur fjölgað úr 37 einstaklingum árið 1992 í 111 árið 2004 samkvæmt grein sem birt er í júlíhefti Læknablaðsins. Aukningin er 183% hjá konum en 263% hjá körlum en þessi aukning var marktækt meiri en aukning örorku almennt á þessu tímabili.

**BÍLL DAGSINS**  
**OPEL ASTRA 1.8**  
 Nýskr 02.05 - Sjálfskiptur - Ekinn 31 þús km. - Allt að 100% lán.

Verð **1.730.000,-**

50.000kr. af bensini fylgja öllum notuðum bílum

**Ingvar Helgason** NOTAÐIR BÍLAR

Opið: Alla virka daga kl. 9:00 - 18:00. Sími: 525 8020.

Rússnesk farþegaflugvél rann út af flugbraut og brotlenti í Irkutsk í gær:

# 145 létust í mannskæðu slysi

**RÚSSLAND, AP** Rússnesk Airbus A-310 farþegaflugvél rann út af flugbraut í Irkutsk í gærmorgun með þeim afleiðingum að 145 manns fórust og 55 slösuðust. Hún skall utan í steinvegg eftir lendingu á regnvotri flugbrautinni og varð aelda á skömmum tíma. Um sjö-tíu manns náðu að forða sér úr brennandi flakinu og liggja yfir fimmtíu þeirra á sjúkrahúsi með brunasár og reykeitrin.

Vélin var í áætlunarflugi á vegum Sibir Airlines á leið frá Moskvu. Um borð voru 192 farþegar, þar af fjöldi barna á leið og sumarfrí, ásamt átta manna áhöfn. Yfir tvo klukkutíma tók að slökkva eldinn, en mikið eldsneyti var í flugvélinni þegar slysið varð.

Upptökukassar vélarinnar hafa fundist og stendur rannsókn slýsins nú yfir. Rússnesk yfirvöld segja að mannleg mistök eða



**AFTARI HLUTI FLUGVÉLARINNAR SEM FÓRST** Mikil bleyta var á flugbrautinni eftir rigningu og er það talið hafa átt þátt í að flugvélin fór út af.

tæknileg bilun séu líklegustu orsakirnar fyrir slysinu.

Þetta er fjórða flugslysið sem verður í Irkutsk á seinustu tólf árum, en í maí brotlenti Airbus flugvél við stremdur Svartahafs þegar hún var að búa sig undir lendingu með þeim afleiðingum að

113 manns létust. Þá var regni og slæmu útsýni kennt um, svipað og uppi er á teningnum nú.

Rússnesk flugfélög voru á tímabili þekkt fyrir að hunska ýmsar öryggisreglur en bót hefur orðið á í þeim málum á seinustu árum.

- sfs

www.sko.is

Ég vil helst geta sinnt öllum  
mínum málum á Netinu. Það  
sparar bæði tíma og peninga.

**Smelltu þér á [www.sko.is](http://www.sko.is)**

Þú getur flutt GSM símanúmerið þitt yfir til SKO.



**SKO**  
Tala meira. Borga minna.

**14,90kr.**  
Mínútuverð

**4,90kr.**  
SMS verð

**0,00kr.**  
Mánaðargjald



GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 7.7 .2006

KAUP SALA

Table with exchange rates for various currencies including US Dollar, British Pound, Euro, Danish Krone, Norwegian Krone, Swedish Krone, and Japanese Yen.

SDR

111,91 112,57

Gengisvísitala krónunnar

133,1667

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Porskveiði við Grænland hefur ekki verið meiri í langan tíma:

Fékk þúsund tonn á mánuði

SIÁVARÚTVEGUR Moksörskveiði er nú á miðunum við Austur-Grænland, sem er mjög óvenjulegt miðað við það ástand sem hefur verið á Grænlandsmiðum á undanförunum árum.



GULA GULLIÐ Mikil þorskveiði er nú við Grænland austanvert. Margir eru þeirrar skoðunar að sá þorskur sé frá Íslandi.

Arthur Bogason, formaður Landssambands smábátægenda, segist ekki hika við að fullyrða að mikið af þorski sem veiðist á miðunum við Austur-Grænland sé héðan kominn.

glænýtt sem er að gerast þarna núna og færeyskur togari fékk á þessum miðum um þúsund tonn á þrjátíu dögum og mikið af því var mjög stór og fallegur þorskur.

Þetta segir mér bara eitt og það er að það hefur gjörsamlega misfarist að mæla stofninn við Ísland og Íslenskir veiðimenn eru að gjalda fyrir það.

Á sama tíma og þessar fréttir berast af Grænlandsmiðum er einnig mikið línuveiði af þorski og ýsu á grunnslóðinni við Ísland. Arthur segir að sennilega sé meiri veiði á línu nú en áður hefur þekkt á Íslandsmiðum.

- shá

Umdeild lög í Egyptalandi:

Blaðamenn mótmæla

EGYPTALAND, AP Sjálfstæð dagblöð og þau sem tilheyra stjórnarandstöðinni í Egyptalandi komu ekki út í gær, sem mótmæli við nýtt lagafrumvarp um að blaðamaður hljóti fangelsisdóm sé hann sakfelldur fyrir meidryði um embættismenn.

Blaðamenn stóðu fyrir mótmælum fyrir utan þingið meðan koslið var um þessi nýju lög í gær.

Stjórnvöld segja markmið laganna að koma í veg fyrir tilhæfulausar ásakanir og vernda réttindi almennings. Talsmenn blaðamanna segja hins vegar að lögin komi í veg fyrir rannsóknarblaðamennsku í spillingarmálum.

- sdg

Kosningabaráttan í Svíþjóð: Óttast hatur á útlendingum

SVÍÞJÓÐ Alf Svensson, leiðtogi kristilegra demókrata, nýtur stuðnings Ian Wachtmeisters, stofnanda Nýs lýðræðis, flokksins sem beitti sér gegn útlendingum í Svíþjóð á tíunda áratugnum og koma þeir fram saman á kosningafundum.



ALF SVENSSON

Samstarf Svensson og Wachtmeisters er umdeilt því að Wachtmeister og flokkur hans áttu stóran þátt í útlendingahatrinu sem kom upp í Svíþjóð í byrjun tíunda áratugarins. Svensson berst nú fyrir því að ná sæti á þingi í kosningum næsta vor.

Í sænska dagblaðinu Expressen kemur fram að Svensson hafi lýst yfir stuðningi við innflytjendur hvað eftir annað á kosningafundum og sagt kristilega demókrata ekki vera á móti innflytjendum.

- ghs

GARÐABÆR

Heimsókn í vinabæ Garðbæingar heimsóttu vinabæ sinn í Finnlandi, Jakobstad, um síðustu mánaðamót en þar fór fram vinabæjamót þar sem fulltrúar frá Asker í Noregi, Birkerød í Danmörku og Eslöv í Svíþjóð og Garðabæ hittust.

HÓLASTAÐUR

900 ára afmæli Á þessu ári er minnst 900 ára afmæli Hólastaðar og af því tilefni koma prófastsdæmin í Hólastifti til Hóla hvert af öðru í sumar. Haldið er upp á afmælið með messu og menningardagskrá.

LEIÐRÉTTING

Rangt var farið með nafn Sigríðar Zöega hjúkrunarfræðings í umfjöllun Fréttablaðsins í gær og hún ranglega kölluð Sigrún. Beðist er velvirðingar á þessum mistökum.



PALESTÍNSKAR KONUR SYRGJA Alls hafa 44 Palestínur og einn Ísraelsmaður fallið í átökum í kjölfar gíslátöku palestínkra hópa.

Hafði áformað að sleppa föngum

Forsætisráðherra Ísraels ætlaði að sleppa palestínskum föngum áður en herskárir palestínur tóku ísraelskan hermenn sem gísl. 45 manns hafa látist í átökum í kjölfarið. Sameinuðu þjóðirnar gagnrýna Ísrael fyrir mannréttindabrot.

ÍSRAEL, AP Ehud Olmert, forsætisráðherra Ísraels, segist hafa verið við það að sleppa palestínskum föngum sem tákni um velvilja, áður en ísraelski hermaðurinn Gilad Shalit var tekinn í gíslingu 25. júní síðastliðinn af vopnuðum Palestínuröðnum.

Á ríkisstjórnarfundi í gær fullyrði Olmert að ef gengist yrði við kröfum gíslátökumanna um laus palestínkra fanga myndi það þýða endalok hófsamra afla hjá palestínskum stjórnvöldum og yrði lítið á það sem merki um að Ísrael geti aðeins talað við harðlínur.

Alls hafa 44 Palestínur og einn Ísraelsmaður látist í átökum í kjölfar gíslátökunnar og 160 særst. Einn ísraelskur

hermaður hefur látist.

Ismail Haniyeh, forsætisráðherra Palestínu og Hamasleiðtogi, hvatti ísraelsk stjórnvöld á laugardag til þess að hætta sókn sinni á Gaza, sleppa palestínskum föngum og taka aftur upp óformlegar viðræður um gíslin með milligöngu erlendra sáttasemjara.

Aðstoðarmenn Ehud Olmert, forsætisráðherra Ísraels, segja að hann muni ekki samþykkja vopnahlé fyrr en gíslin hefur verið sleppt.

Sameinuðu þjóðirnar sendu frá sér tilkynningu á laugardag þar sem Ísrael var gagnrýnt fyrir brot á mannréttindum óbreyttra borgara með hernaðaraðgerðum

sínum. Ísrael vísar allri sök á Palestínuröðnum fyrir að hafa ráðist á herstöðina við gíslátökuna og að hafa skotið eldflaugum.

Bandaríkin og Frakkland höfnuðu á fimmtudaginn uppkasti að ályktun Sameinuðu þjóðanna, þar sem sókn Ísraels á Gaza var fordæmd. Ástæðan var sú að ályktunin væri of gagnrýnin á Ísrael. Þessi ákvörðun hefur verið harðlega gagnrýnd af stjórnvöldum í Malasíu sem segja þetta sýna hvernig Ísrael fær sérmeðferð hjá vestrænum ríkjum. Utanríkisráðherra Malasíu segir hroka Ísraels óbærilegan. „Þeir gera hvað sem þeir vilja, líkt og alþjóðalög eigi hreint ekkert við um þá.“

sdg@frettabladid.is

Skoðanakönnun í Finnlandi:

Fólkið vill Vanhanen áfram

FINNLAND Meirihluti Finna, um 52 prósent, vill að forsætisráðherra Matti Vanhanen, formaður miðjuflokksins, leiði áfram nýja ríkisstjórn eftir þingskosningarnar sem fara fram í Finnlandi næsta vor, að sögn finnska dagblaðsins Ilta Sanomat.

Formaður jafnaðarmanna, Eero Heinäluoma fær stuðning tólf prósentu þeirra sem tóku afstöðu í könnun Ilta Sanomat, og Jyrki Katainen, formaður hægri flokksins stuðning fimmtán prósentu. Fimmti hver svarandi hafði ekki gert upp hug sinn.

- ghs



FRÁ GRUNDARFIRÐI Fjöldmargar skútur franskra skútukappa liggja nú við festar í höfninni á Grundarfirði.

Siglingakeppni franskra:

Viðkoma á Grundarfirði

SIGLINGAR Í höfninni á Grundarfirði er nú fjöldinn allur af frönskum skútum. Ástæðan er siglingakeppnin „Skippers D'Islande“ sem er keppni franskra siglingakappa sem haldin er til minningar um Íslandsveiðar franskra sjómanna hér við land á nítjándu öld. Keppnin hófst 24. júní síðastliðinn í Paimpol í Frakklandi sem er vinabær Grundarfjarðar.

Í tilefni af þeirri einstöku tilviljun að Frakkar léku til úrslita á HM í fótbolta sama dag og skúturnar komu til Grundarfjarðar, var úrslitaleikurinn sýndur á tjaldi í samkomuhúsinu í gær.

- shá

Advertisement for the Reykjavík Marathon with the text 'ALLTAF GOTT VEÐUR TIL AÐ SKOKKA!' and 'REYKJAVÍKUR MARAÞON GLITNIS 19. ÁGÚST'.

Weather forecast section titled 'VEÐURSPÁ' with a map of Iceland showing temperatures and weather conditions for various regions.

# ÁVÖXTUN SJÓÐA KB BANKA

## SKULDABRÉFASJÓÐIR

	Nafnávöxtun sl. 12 mán.
<b>PENINGAMARKAÐSSJÓÐIR</b>	
Peningamarkaðssjóður <sup>1</sup>	10,3%
<b>ÍSLENSK SKULDABRÉF - SKAMMTÍMA</b>	
Hávaxtasjóður <sup>1</sup>	10,0%
Skammtímasjóður <sup>1</sup>	9,0%
<b>ÍSLENSK SKULDABRÉF - MEÐALLÖNG</b>	
Markbréf	7,5%
Kjarabréf	6,2%
Ríkisverðbréfasjóður - millilangur	4,8%
<b>ÍSLENSK SKULDABRÉF - LÖNG</b>	
Ríkisverðbréfasjóður - langur	3,4%

## HLUTABRÉFASJÓÐIR

	Nafnávöxtun sl. 12 mán.
<b>ÍSLENSK HLUTABRÉF</b>	
ICEQ	33,8%
Einingabréf <sup>1</sup>	32,9%
Úrvalsívitölusjóður <sup>2</sup>	32,8%
ÍS-15 <sup>1</sup>	32,5%
Icelandic Equity <sup>3</sup>	31,7%
<b>BLÖNDUÐ VERÐBRÉF</b>	
KB Samval <sup>1</sup>	35,2%
Eignastýringarsjóður <sup>1</sup>	23,2%
<b>ALÞJÓÐLEG HLUTABRÉF - GLOBAL</b>	
KIF Global Sector	48,8%
KB erlend hlutabréf <sup>1</sup>	40,2%
KMS Global Styles	35,3%
Kaupthing Fund - Global Value	35,0%
KIF Global Equity	34,5%
Kaupthing Fund - Global Equities	29,2%
<b>ALÞJÓÐLEG HLUTABRÉF - MARKAÐIR</b>	
Kaupthing Fund - Nordic Growth	78,6%
KMS Asia Pacific	53,4%
KMS Emerging Market	51,9%
KMS Europe	45,2%
KMS N-America	26,7%

## LÍFEYRISSPARNADUR

	Nafnávöxtun sl. 12 mán.
<b>FRJÁLSI LÍFEYRISSJÓÐURINN</b>	
Frjálsi 1	22,9%
Frjálsi 2	11,4%
Frjálsi 3	11,2%
<b>VISTA</b>	
Vista 1	36,7%
Vista 2	28,0%
Vista 3	20,2%
Vista 4	11,5%
Vista 5*	13,4%
Vista, Erend hlutabréf	33,8%
Vista, Innlend hlutabréf	31,6%
Vista, Innlend skuldabréf	4,4%
<b>LÍFEYRISAUKI</b>	
Lífeyrisauki 1	37,4%
Lífeyrisauki 2	28,0%
Lífeyrisauki 3	19,7%
Lífeyrisauki 4	12,1%
Lífeyrisauki 5*	13,3%
Lífeyrisauki, Erend hlutabréf	41,5%
Lífeyrisauki, Innlend hlutabréf	30,2%
Lífeyrisauki, Innlend skuldabréf	3,7%

\* verðtryggðir innlánsreikningar

<sup>1</sup> Fjárfestingarsjóður skv. lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Fjárfestingarsjóður telst vera áhættusamari fjárfesting en verðbréfasjóður. Meiri áhætta fjárfestingarsjóðs er fólgin í rýmri fjárfestingarheimildum sem geta m.a. leitt til minni áhættudreifingar en í verðbréfasjóði.

<sup>2</sup> Vítölusjóður skv. lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Þessi sjóðir endurspeglar eignasamsetningu viðmiðunarvísitölu sinnar hverju sinni. Þar af leiðandi ætti ávöxtun þessara sjóða ávallt að vera mjög nærri breytingu viðmiðunarvísitölu þeirra.

<sup>3</sup> Iceland Equity er skráður í Lúxemborg og lýtur þar lögum um sjóði og eftirlit yfirvalda. Sjóðurinn flokkast sem Part II sjóður og fjárfestingarheimildir eru svipaðar þeim heimildum sem fjárfestingarsjóðir hafa hérlendis. Útboðslýsingar má nálgast í höfuðstöðvum og útibúum KB banka.

Rekstur fjölmargra sjóða KB banka þar ríkulega ávöxtun síðastliðna 12 mánuði. Með fjölbreyttu úrvali verðbréfa- og lífeyrissjóða mætir bankinn þörfum viðskiptavina sinna, einstaklinga jafnt sem stærri fjárfesta, hvort sem þeir fjárfesta til lengri eða skemmri tíma.

Nafnávöxtun síðastliðna 12 mánuði m.v. 30.06. 2006.

**KJÖRKASSINN**

Hefur þú farið á safn á þessu ári?

Já	64%
Nei	36%

SPURNING DAGSINS Í DAG

Horfdir þú á úrslitaleik HM?

Segðu skoðun þína á Vísir



Háskólamenntaðir starfsmenn í Kópavogi vilja að staðið sé við kjarasamninga:

## Tugir bíða launaleiðréttingar

**LAUNAMÁL** Tæplega þrjátíu háskólamenntaðir starfsmenn

Kópavogsbæjar bíða eftir því að staðið verði við kjarasamninga þannig að kjör þeirra sem eru innan Starfsmannafélags Kópavogs verði sambærileg og hjá þeim fagfélögum sem starfsfólki myndi ella tilheyra.

Starfshópur, sem hefur haft þrjátíu mál af þessu tagi til umfjöllunar, átti að ljúka störfum

1. febrúar. Hann hefur afgreitt mál fimm einstaklinga en aðeins þrjú hafa fengið leiðréttingu launa. Einn starfsmaður á leikskóla bæjarins hefur sagt upp störfum vegna þessa. Hún er önnur þeirra sem hafa fengið afgreiðslu en ekki leiðréttingu.

„Það er félagafrelsi í landinu. Ef fólk vill tilheyra sínu starfsmannafélagi þá eiga menn að geta gert það án þess að lækka í launum,“ segir Jófríður Sigfúsdóttir, formaður Starfsmannafélags Kópavogsbæjar.

„Við höfum ekki komist að samkomulagi um hvernig eigi að launasetja þá sem eftir eru,“ segir



**KÓPAVOGUR** Beðið er eftir að starfshópur ljúki störfum og mál starfsmanna verði afgreidd.

Jófríður. Hún telur bæjaryfirvöld reyna að komast hjá leiðréttingu.

Gunnar I. Birgisson bæjarsjóri hafnar því að bæjaryfirvöld dragi lappirnar. Hann segir að málið sé í eðlilegum farvegi. - æþe

Fertugur karlmaður í fangelsi:

## Ofsótti móður sína í síma

**KALIFORNÍA, AP** Bandarískur maður var dæmdur í þriggja ára fangelsi fyrir að ógna konu sem gaf hann til ættleiðingar fyrir 40 árum. Maðurinn, sem heitir Roger Siegel, hafði fjórum árum áður komist að því hver líffræðileg móðir hans var. Þegar Roger hafði samband við móðurina neitaði hún að hitta hann og fór hann þá að ofsækja hana með hringingum og föxum.

„Ég hef verið sæður djúpt,“ sagði Roger þegar dómurinn var upp kveðinn. Móðirin, sem er lögfræðingur í Queens, bar vitni í dómssalnum og sagðist hafa orðið ólétt af Roger eftir að fyrrverandi kærasti nauðgaði henni. - mpp

Mosfellsbær veitir styrki:

## Ungt fólk hvatt til afreka

**STYRKUR** Mosfellsbær úthlutaði á dögunum styrkjum til efnilegra ungmenna svo þau geti alfarið lagt stund á íþrótt-, tómsunda- eða



**RAGNHEIÐUR RÍKHARÐSDÓTTIR**

listgrein sína sumarið 2006. Styrkjunum er jafnframt ætlað að hvetja ungmennin til afreka hvert á sínu sviði.

Styrkirir hljóða alls upp á um eina og hálf milljón króna og skiptast milli sex ungmenna á aldrinum 16-19 ára. Formaður íþrótt- og tómsundaneftar styrkinn í Listasal Mosfellsbæjar, og bæjarsjóri ávarpaði ungmennin. - sþs

Yfirlýsing frá Avion Group:

## Harma misvísandi umfjöllun

**VIBSKIPTI** Avion Group harmar misvísandi fréttaplutning af málefnum félagsins í breskum og íslenskum fjölmiðlum. Félagið vill undirstrika að það stendur við rekstrarlegar áætlanir á yfirstandandi fjárhagsári. Þetta kemur fram í yfirlýsingu frá félaginu.

Vegna fréttu af ásökunum gagnvart dótturfyrirtæki Avion í Bretlandi, Excel Airways, um að hafa hagrætt bókhalði sínu á síðasta ári, vill Avion Group koma á framfæri að mistökum sem þar gerðust hafi verið leiðrétt og viðkomandi stjórnendur verði dregnir til ábyrgðar. Leiðréttingin muni ekki hafa neikvæð áhrif á rekstur félagsins eða sjóðsstöðu. - sþs

## LÖGREGLUFRÉTT

**Árekstur húsbíla** Tveir litlir húsbílar lentu í árekstri með þeim afleiðingum að annar valt á hliðina á mótum Vesturlandsvegar og Þingvallarvegur í gær. Draga þurfti báða bílana af vettvangi og einn farþegi var fluttur til aðhlynningar með minniháttar meißli. Loka þurfti Vesturlandsvegi í hálf tíma.



**ÚR KERSKÁLA 3** Mjög alvarleg bilun í aðveitustöð olli því að straumlaust var í níu klukkustundir. Um stærsta áfall álversins í Straumsvík er að ræða.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Framleiðsla hefst að nýju í byrjun ágúst

Fjörutíu ker af 160 í kerskála 3 í álveri Alcan í Straumsvík verða komin í gagníð um verslunarmannahelgi. Bilunin í júní átti vart að geta átt sér stað og búnaður í kerskalanum var því ekki hannaður til að koma í veg fyrir slíka bilun.

**ÁLVER** Rafmagnsbilunin í kerskála 3 í álveri Alcan í Straumsvík um miðjan júní, var ekki vegna mannglegra mistaka. Hópur tækniþræðinga er þessa dagana að sannreyna kenningu um hvað gerðist þegar fjórir spennar af sex biluðu og kerskálinn var straumlaus í níu klukkustundir. Vegna bilunarinnar þurfti að taka öll 160 kerin úr rekstri. Þetta er stærsta áfall álversins í Straumsvík frá því það hóf starfsemi sína og Rannveig Rist, forstjóri Alcan á Íslandi, telur að bilunin sé mikið áfall fyrir alla starfsmenn fyrirtækisins.

Hrannar Pétursson, upplýsingafulltrúi Alcan, segir að nokkrir samverkandi þættir í búnaðinum sjálfum hafi orsakað bilunina. „Hönnunin á búnaðinum kom ekki í veg fyrir svona bilun því slík bilun

er mjög ólíkleg, vægast sagt.“

Aðspurður segir Hrannar að ekkert sé til í þeim orðrómi að starfsmenn álversins hafi ekki brugðist rétt við þegar bilunin varð vart. „Það hafa margir haft orð á því hvernig svo litill þúfa getur velt svona þungu hlassi. Það tókst að útvega aukaspenna en það var ekki hægt að koma þeim í gagníð þannig að starfsfólki stafaði ekki hættu af. Það hefði verið hægt að taka þá áhættu, að þeir væru rétt stilltir, en það var einfaldlega ekki forsvaranlegt. Starfsmenn álversins gerðu allt sem í þeirra valdi stóð og við erum mjög stolt af framgöngu þeirra við erfiðar aðstæður.“

Stefnt er að því að 40 ker verði komin af stað í framleiðslu fyrir verslunarmannahelgi og þau fyrstu verða sett af stað á allra næstu

dögum. Viðgerðir ganga vel en menn vilja gæta þess að flýta sér hægt og vanda til verka. Upphaflega tjonamatið nemur rúmlega einum milljarði króna en endanlegar tölur liggja ekki fyrir fyrir en eftir nokkra mánuði. Slíkt mat er háð því hvernig gengur að koma framleiðslunni í gang.

Framleiðslutapið verður um 20.000 tonn eins og upphaflega var áætlað. Það er mikið áfall fyrir fyrirtækið en stefnt er á að ná 90 prósentum af áætlaðri ársframleiðslu. Fyrir móðurfélagið er aðeins um eitt prósent af framleiðslugetu ársins að ræða. Hrannar segir að álverið í Straumsvík sé mjög vel tryggt hjá hópi erlendra tryggingarfyrirtækja svo að íslensk tryggingafélag beri ekki neinn kostnað vegna bilunarinnar. svavar@frettabladid.is

Úrslitaleikur HM í knattspyrnu var stærsti sjónvarpsviðburður sögunnar:

## Um einn milljarður horfði á

**KNATTSPYRNA** Úrslitaleikurinn í heimsmeistararnótinu í knattspyrnu fór fram í gærkvöldi en þar áttust landslið Ítala og Frakka við. Fyrir leikinn var búist við að um einn milljarður manna myndi fylgjast með honum í sjónvarpi, sem gerir þetta að stærsta sjónvarpsviðburði sögunnar. Leikurinn endaði með sigri Ítala eftir vítaspyrnukæppi.

Sjónvarpsstöðin Sýn sá um að sýna frá keppninni, en allir leikirnir voru sýndir í beinni útsendingu. Að sögn Hilmarssonar, forstöðumanns Sýnar, var samfelld HM dagskrá frá klukkan hálf eitt að degi til tíu um kvöldið fyrstu sautján daga keppinnar.

„Yfir hundrað gestir hafa komið í myndver okkar á meðan á keppninni stóð, margir góðir gestir héðan og þaðan úr samfélaginu. Eftirminnlegastir held ég að hafi



**HORFT Á HM Í PALESTÍN** Talið er að um einn milljarður manna hafi fylgst með úrslitaleik heimsmeistararnótis í knattspyrnu sem fram fór í gær. Það gerir leikinn að stærsta sjónvarpsviðburði sögunnar.

NORDIC PHOTOS/AFP

verið Össur Skarphéðinsson og Þráinn Bertelsson sem komu í leik Tógó og Sviss. Þráinn var klæddur hátíðabúningi að tógóskum hætti og bar vídúheillagrip um háls-

inn,“ segir Hilmar. Hann var alveg viss um úrslitin þegar blaðamaður hringdi í hann rétt fyrir leikinn. „Frakkar vinna eitt núll, Zidane skorar á 85. mínútu.“ - sþs

Samningaviðræður við Írana:

## Iðnríkin átta funda um Íran

**TEHERAN, AP** Íranski utanríkisráðherrann, Manoucheher Mottaki, hefur varað forsvarsmenn iðnríkanna átta við því að álykta um kjarorkuáætlanir Írans á fyrrihuguðum fundi G-8 í Pétursborg. Segir ráðherrann að slíkar umræður án þátttöku Írana myndu skaða samningaviðræður sem landið á þegar í, til dæmis við Evrópusambandið.

Íranar eiga einnig í samningaviðræðum við fulltrúa í öryggisráði SP og Þýskaland. Innihald samningstillögunnar fæst ekki uppgjafið en talið er þó að hún feli í sér að viðskiptahömlur verði felldar úr gildi. - khh



**HLAUPAHÓPURINN Á MIKLUBRAUT** Tekið var á móti hlaupurinum í miðbæ Reykjavíkur seinnpartinn í gær.

Styrktarhlaup Blátt áfram:

## Hlupu tvö og hálf maraþon

**HREYFING** Ofurhugarnir Arnaldur Birgir Konráðsson, Evert Víglundsson og Róbert Traustason, sem hafa stjórnað Boot Camp námskeiðum hér á landi að undanfögnu, lögðu upp á laugardag í hundrað kílómetra hlaup frá Helli til Reykjavíkur. Hlaupið, sem telst tvö og hálf maraþon, er til styrktar atakinu Blátt áfram, sem berst gegn kynferðislegu ofbeldi gegn börnum.

Fjöldi manns slóst í lið með köppunum á ýmsum hlutum leiðarinnar og var hópurinn orðinn býsna stór þegar ljósmyndari náði mynd af hlaupurinum á Miklubraut í dag. Tekið var á móti hlaupurinum í miðbæ Reykjavíkur síðdegis og hófst mikil skemmtun strax á eftir. - sþs



**DUGLEGUR SUNDBJÖRN** Ungur skógarbjörn sást nýlega á Álandseyjum og er talið að hann hafi synt frá Finnlandi.

Skógarbjörn á Álandseyjum:

## Synti alla leið frá Finnlandi

**ÁLANDSEYJAR** Björn hefur í fyrsta skipti sést á Álandseyjum svo vitað sé. Dagens Nyheter greindi frá því nýlega að íbúi á Brändö í norðausturlhuta álska skerjagárðsins hefði séð björninn í garðinum hjá sér eina nóttina.

Talið er að um ungan skógarbjörn sé að ræða og að hann hafi synt til Álandseyja. Haft er eftir Marcusi Nordberg, veiðistjóra á Álandseyjum, að birnir séu duglegir í sundi og það sé ekki langt að synda frá Finnlandi til Álandseyja. - ghs

## HAFNARFJÖRÐUR

**Tökur á Astrópiu** Fyrir helgina stóðu yfir tökur á nýju ævintýra grínmyndinni Astrópiu í miðbæ Hafnarfjarðar. Myndin er að stórum hluta tekin upp í Hellisgerði, við Lækinn, á Sunnuvegi, við höfnina og við Strandgötuna í Hafnarfirði.

# Er erfitt að velja?



concept

Við viljum gera heimilið þitt eins falletgt og þú átt skilið. Þess vegna vinnur Slippfélagið með fremstu stílistum landsins við litasamsetningar.

Komdu og fáðu ráðgjöf hjá sérfræðingum okkar og saman finnum við draumalitasamsetningu fyrir heimilið þitt, bæði inni og úti.



Slippfélagið selur liti sem virka, málningu sem endist og vill þér bara það besta.



## VEISTU SVARIÐ

- 1 Hvað heitir forseti Póllands?
- 2 Hver vann sigur í einliðaleik kvenna í tennis á Wimbledon á dögunum?
- 3 Hver er nýr forsætisráðherra Austur-Tímor?

SVÖR Á BLS. 34

Nemar í Listaháskóla Íslands setja upp sýningu á Seyðisfirði:

# Krakk og byssur í sveitinni

**LIST** Þau Baldur Björnsson og Lóa Hlín Hjalmtýsdóttir, nemar í Listaháskóla Íslands, opnuðu sýninguna „Straight out of Skaftfell“ í gallerí Vesturvegg á Seyðisfirði á laugardag. Aðstandendur sýningarinnar segja í kynningu að fólkska stórborgarinnar haldi innreið sína í sveitina því þar sé að finna þeldökka glæpamenn, krakk, byssur og hvítar hórur. Þetta er að þeirra sögn síðasta andvarp bændameningarinnar sem drukki í flaumi útlenskra blótsyrða. Á Seyðisfirði sé líka hægt að finna bílahasar og sálarfónlist, félagsblokkir og eiturlyfjaóæfu.

Lóa Hlín útskýrir: „Við Baldur



**LIST** Óhætt er að segja að yrkisefni þeirra Baldurs Björnssonar og Lóu Hlínar Hjalmtýsdóttur séu óhefðbundin.

erum úr sömu skólum úr Breiðholti, sem er eina íslenska

gettóid okkar kynslóðar vegna þess að við erum eldri en Grafarvogspakkid. Við erum að sula saman einhverjum hipphopp veruleika og okkar unglíngameningu. Hvít fólk sem heldur að það sé svart er líka alveg ótrúlega hallærislegt. Ég er að gera andlitsmyndir af stelpum, misheppnuðum gellum sem klæða sig eins og þær séu svartar, en þær komast ekki upp með það af því að þær eru rauðhærðar og freknóttar, eins og Baldur.“

Baldur og Lóa eru á leiðinni til Færeyja í næstu viku þar sem þau ætla að skapa tröll undir brú þar á bæ. - shá

Sjö flúðu úr fangelsi:

## Grunaður um hryðjuverk

**SÁDI-ARABÍA** Sjö grunaðir hryðjuverkamenn flúðu úr fangelsi í Sádi-Arabíu fyrir nokkrum dögum. Innanríkisráðherra landsins sagði flóttamennina trúarofstækismenn frá Sádi-Arabíu og Yemen sem allir hefðu verið handteknir á síðasta ári.

Ráðherrann neitaði að viðurkenna að mennirnir tengdust al-Kaída hryðjuverkasmáttökum heldur sagði þá einungis hafa verið handteknir vegna gruns um hryðjuverk. Öryggisvörður sem ekki vildi láta nafns síns getið sagði einn mannanna hafði verið fangelsaðan fyrir að skýla eftirlýstum marokkóskum hermanni. - mpp



**UNDIRRITUN STYRKARSAMNINGSSINS** Næsti „opni skógur“ verður Tröð á Hellisandí, sem opnar 15. júlí. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Styrktarsamningur við Sjóvá:

## Styrkja Skógræktarfélagið

**SKÓGRÆKT** Sjóvá fjármögnun hf. og Opin skógarverkefni, sem Skógræktarfélag Íslands hefur umsjón með, undirrituðu á föstudag styrktarsamning. Þar með er Sjóvá fjármögnun orðin meðal helstu styrktaraðila Skógræktarfélagsins.

Markmiðið með verkefninu „Opinn skógur“ er að opna fjölmörg skógræktarsvæði í eigu og umsjón skógræktarféлага fyrir almenningi. Áhersla verður lögð á að aðstaða og aðgengi verði til sóma og á að miðla upplýsingum um lífríki, náttúru og sögu. Sjó svæði hafa nú þegar verið opnuð formlega. Þau eru Daníelslundur, Hrútey, Snæfoksstaðir, Tungudalur, Eyjófsstaðaskógur, Sólbrekkur og Hofsstaðaskógur. - sgi

# Engin ástæða til að skella skuldinni á bændur

Guðni Ágústsson landbúnaðarráðherra segir að verndarstefna í innlendum landbúnaði sé ekki ástæða fyrir háu verðlagi á landbúnaðarvörum. ASÍ segir stefnu stjórnvalda fyrr eða síðar munu bíða skipbrot.

**LANDBÚNAÐUR** Guðni Ágústsson landbúnaðarráðherra segir stefnu stjórnvalda í tollamálu vera öllum ljósa. „Við erum í ákveðnu alþjóðlegu samstarfi og nú standa yfir samningar við Alþjóðviðskiptastofnunina,“ segir Guðni.

„Þær viðræður hafa ekki siglt í strand, aðeins tafist tímabundið.“

Aðspurður um ástæður hás matvæla-verðs á landinu segir hann að nálgast þurfi málin af raunhyggju. „Íslenskar búnaðarafurðir eru ekki dýrari en aðrar vörur á Íslandi. Innflutt matvæli eru hlutfallslega miklu dýrari á Íslandi og virðist verði oft hækka í hafi, þannig að íslenskar landbúnaðarvörur skera sig ekkert úr hvað hátt verðlag áhrærir. Þetta sýna kannanir og maður sér þetta á lyfjaverði og á öðrum sviðum.“

Ráðherra vék einnig að starfi matvælanefndar forsætis-

ráðuneytisins. „Í matvælanefndinni hefur verið reynt að ná samstöðu um ýmsar leiðréttingar á vörugjöldum og jafnvel virðisaukaskatti og fleiru. Ég trúi að sú samstaða geti náðst. Hins vegar má starfið ekki vera á kostnað íslensks landbúnaðar.“



GUÐNI ÁGÚSTSSON

Guðni telur að matvælanefnd hafi jafnvel haft of einhliða hlutverk. „Hún fjallar eingöngu um matvæla-verð. Eðlilegra hefði verið að hún fjallaði um allt verðlag á Íslandi, þar sem matvælin eru í sjálfu sér ekkert hlutfallslega dýrari en annað á landinu. Við búum í dýru landi og það er engin ástæða til að skella skuldinni á bændur.“

Gylfi Arnbjörnsson, framkvæmdastjóri ASÍ, segir staðhæfingu Guðna um að verðlag sé hátt á öllum vörum ekki eiga við rök að styðjast. „Matvæla-verð á Íslandi er fimmtíu prósentum hærra en í



**MATVÖRUVERSLUN** Verðlag á Íslandi er fimmtíu prósentum hærra en í nágrennlöndunum að sögn ASÍ og kemur það að miklu leyti til vegna verndarstefnu í innlendum landbúnaði.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

nágrennlöndunum og það skýrist fyrst og fremst af íslenskrum landbúnaðarstefnu og verndartollum. Þetta hefur bæði áhrif á verðlagningu á vörum sjálfum og öðrum íslenskum vörum. „Gylfi segir það ljóst að hátt verð á landbúnaðarvörum hafi mikil áhrif á verðlagi á landinu. „Verðlagning er hlutfallsleg. Menn rukka það verð sem þeir komast upp með og þess vegna

skiptir mjög miklu máli að stefna að lágu verði á landbúnaðarvörum.“

Gylfi segir að hugsun stjórnvalda sé gamaldags. „ASÍ hefur lengi viljað breyta þessu þannig að innflutningur verði gefinn frjáls. Á endanum mun þetta kerfi hrynja. Svona lagað geta menn ekki varið út í hið óendanlega.“

steindor@frettabladid.is



## Fræðsluganga í Henglinum

**Þriðjudagskvöldið 11. júlí verður farin göngu- og fræðsluferð í Henglinum.**

Í göngunni verður hugað að orku, jarðfræði, gróðri og sögu undir leiðsögn Einars Gunnlaugssonar jarðfræðings. Mæting er við Stöðvarstjórúhús Orkuveitunnar við Kolviðarhól kl. 19:30.



Frekari upplýsingar á [www.or.is](http://www.or.is)



**KORNSKURÐUR** Kornrækt hefur aldrei verið meiri á landinu en áður hafa þó aðallega farið í skepnufóður.

Sáningu kornræktarbænda seinkaði vegna vætutiðar:

## Korn kemur seint upp

**LANDBÚNAÐUR** Meira var sáð af korni í ár en nokkurn tímann fyrr. „Veðurfar hefur ekki verið með hagstæðasta móti það sem af er sumri og mér þykir ekki ólíklegt að kornið komi seinna upp en venjulega,“ segir Jónatan Hermannsson hjá Landbúnaðarháskóla Íslands. Samkvæmt honum skiptist kornrækt þannig að á Suðurlandi fer helmingur hennar fram, tæpur þriðjungur á Norðurlandi, fimmtán prósent á Vesturlandi og fimm prósent á Austurlandi. „Kornrækt hefur farið vaxandi undanfarið. Fyrir ári var sáð í 3600 hektara en hún hefur aukist um tíu prósent á ári og er nú um 4000 hektarar,“ segir Jónatan.

„Það sem ég hef séð hefur litið

ágætlega út,“ segir Ólafur Eggertsson, formaður Landssambands kornbænda. „Sáningu seinkaði í byrjun máí vegna bleytu, svo vöxtur á mörgum ökrum er seinni en áður. Vætiðin undanfarið hefur þó gert korninu gott. Hins vegar hefur verið sólarlítið. Við höfum séð það betra í kornræktinni.“ Korn á Íslandi fer að mestu leyti í skepnufóður og ekki hefur reynt markaður fyrir íslenskt korn til manneldis.

Eiríkur Loftsson, ráðunautur hjá Leiðbeiningamiðstöðinni í Skagafirði segir kornrækt ganga ágætlega. Að sögn bænda á Vesturlandi hefur sumarið verið sérkennilegt og lítur því ekki vel út með kornrækt þar.

steindor@frettabladid.is

Goslokahátíð í Eyjum:

## Laus við slagsmál og pústra

**VESTMANNAEYJAR** Mikið var af fólki í Vestmannaeyjum um helgina, en þá var haldið upp á að 33 ár eru síðan eldgosinu á Heimaey lauk formlega. Talið er að um tvö þúsund manns hafi verið í bænum þegar mest var.

Að sögn lögreglu fóru skemmtanir átakalaust fram þrátt fyrir þónokkra ölvun og var ekkert um uppákomur eða slagsmál. Þetta er ein stærsta ferðahegji ársins hjá Vestmannaeyjum, en sú stærsta er vitanlega þjóðhátíð í Eyjum sem haldin er um verslunarmannahelgina. - sfs

Skipulagsstofnun úrskurðar:

## Breyting óháð umhverfismati

**SAMGÖNGUR** Skipulagsstofnun hefur ákveðið að breyting á lagningu Tröllatunguvegar um Arnkötludal og Gautsdal skuli ekki vera háð mati á umhverfisáhrifum. Hægt er að kæra ákvörðunina til umhverfisráðherra.

Um er að ræða breytingu á fyrirhugaðri lagningu vegar um Gautsdal og Arnkötludal frá því sem Skipulagsstofnun úrskurðaði um árið 2005. Stofnunin leitaði meðal annars álits Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða, Landbúnaðarstofnunar og Umhverfisstofnunar við ákvörðunina. - sfs



# HAGKVÆMNI

Verð frá kr. 2.790 þús.

Eyðsla aðeins 9,1 lítrar á hundraðið í blönduðum akstri



Nýr Grand Vitara

Nýr Grand Vitara er alvöru jeppi af réttri stærð fyrir nútíma fólk sem gerir miklar kröfur um hagkvæman rekstur, aksturseiginleika og öryggi.

Undir glæsilegri yfirbyggingu leynist sterkbyggð grind, aflmikil vél og fullkomið fjórhjóladrif með háu og lágu sídrifi með læsingu á milli fram- og afturhjóla.

Það skiptir ekki máli hvort þú ert í borgarumferðinni, eða uppi á fjöllum, hagkvæmni og einstakir aksturseiginleikar Grand Vitara gera aksturinn ánægjulegan.




SUZUKI BÍLAR HF. SKEIFUNNI 17. SÍMI 568 51 00.  
[www.suzukibilar.is](http://www.suzukibilar.is)



**NÝR GRAND VITARA**

## Verðþróun

&gt; Verð á fiski árin 1984 til 2004.



Heimild: Hagstofa Íslands

# neytendur

hagur heimilanna

MATUR Á MÁNUDEGI: STEFÁN KARL STEFÁNSSON LEIKARI OG ATHAFNAMÆÐUR

## Silungur à la Ólina er tilvalinn í sumarbústaðinn

Stefán Karl Stefánsson leikari var staddur í sumarbústaði við rætur Heklu þegar blaðamaður Fréttablaðs-ins náði tali af honum. Hann hafði nýlega matreitt silung á sérstakan hátt ásamt konu sinni, Steinunni Ólínu Þorsteinsdóttur og ákvað að deila uppskriftinni með okkur.

„Þetta er afskaplega einfaldur og hentugur réttur fyrir fólk sem er í sumarbústað. Það sem til þarf er rabarbaragardur, þar sem maður nær sér í stórt rabarbaralauf, og aðgangur að veiðiá. Uppskriftin er þannig að maður flakar silung og leggur á rabarbaralauf sem maður hefur skolað og þurrkað. Stráir á það salti og pipar og leggur á það sítrónusneiðar. Einnig getur gefið gott bragð í fiskinn að leggja hundasúru á til bragðauka.



Þetta setur maður í ofninn í um það bil tuttugu mínútur á 150 til 200 gráðu hita. Við þetta gýs upp þessi líka frábæra rabarbaralykt. Rabarbaralaufið verður að vera það stórt að það faðmi silunginn og leggist utan um hann. Afresturinn er algjört æði og það er gaman að matreiða þennan rétt.

## Innihald:

Ferskt íslenskt silungsflak  
Stórt rabarbaralauf, skolað og þurrkað  
Ein sítróna  
Salt og pipar

Rétturinn er einfaldur og nánast hver sem er getur matreitt hann. Með þessu er gott að bera fram ómbakaða kartöflubáta eða kúskús ásamt fersku grænmeti úr íslenskrí náttúru og Cloudy bay vín. Hugmyndina að þessu á konan mín, sem er besti kokkur sem ég hef á ævinni kynnst og hef þó farið á marga veitingastaði.

## VERÐ Í ÞREMUR BORGUM

Fréttablaðið fór á stúfana á dögnum og lét kanna verð á þremur algengum en ólíkum vörum í heimsborgunum London, Kaupmannahöfn og Reykjavík.

Vörurnar sem teknar eru fyrir að þessu sinni eru Dell UltraSharp 2007FPW skjár, Adidas Predator Absolute FG skór og Double Whopper hamburgari á Burger King



Borg	Dell UltraSharp 2007FPW skjár	Adidas Predator Absolute FG skór	Double Whopper hamburgari á Burger King
London	45.442 kr.	459 kr.	13.976 kr.
Kaupmannahöfn	65.082 kr.	584 kr.	20.780 kr.
Reykjavík	72.900 kr.	829 kr.	19.990 kr.

Öll verð eru með virðisaukaskatti og miðast við gengi gjaldmiðla þegar þau voru könnuð. Ekki var leitað eftir ódýrasta verðinu á hverri vöru.



### ■ BYKO opnar nýja verslun á Akureyri Vörur frá ELKO á boðstólum

BYKO opnaði á laugardaginn nýja verslun á Akureyri en með versluninni mun öll þjónusta fyrirtækisins við Akureyri færa á einn stað. Áður var rekstur BYKO á Akureyri tvískiptur, verslun á Glerártorgi og tímursala á Furuvöllum en það er án efa hentugra fyrir Akureyri að geta náð í allt á sama stað. Í nýju versluninni verður heimilistækjadeild þar sem boðið verður upp á vörur frá ELKO en BYKO er rekstraraðili ELKO á Íslandi. Verslunin býður einnig upp á heimilisdeild og árstíðardeild þar sem verða til sölu vörur sem tengjast hverri árstíð.

### ■ Orkureiknir á heimasíðu Orkuseturs Hvað kostar ferðin?

Á heimasíðu Orkuseturs gefst fólk kostur á að reikna út ýmsar tölur sem tengjast bílnotkun, eldsneyti og umhverfisáhrifum. Þrjár reiknivélir eru á síðunni sem gegna mismunandi hlutverkum. Ein gefur upplýsingar um rekstrarkostnað bifreiða og gefur meðal annars tilvönandi bifreiðakaupendum möguleika á að gera sam-amburð á rekstrarkostnaði milli tveggja mismunandi bílategunda. Önnur reiknar út hvað kostar að fara á bíl milli tveggja staða og sú þriðja heldur kolefnisbókhald þar sem bifreiðaeigendur geta reiknað út eigin kolefnisútblastur.

„Tilgangurinn með reiknivélunum er að menn tengi notkun sína við raunveruleikann, fari að spá í eldsneytisnotkun og umhverfisáhrif. Einnig geta þeir séð svart á hvítu hverjir möguleikarnir eru í sparnaði með því að velja mismunandi bíla,“ segir Sigurður Ingi Friðleifsson framkvæmdastjóri Orkuseturs. Hann segir mjög mikilvægt að Íslendingar fari að spá í rekstrarkostnað því íslenski bílafloftinn sé einn sá eyðslusamasti í heimi. „Bílar sem eru keyptir inn núna eiga eftir að hafa áhrif á mengun og olíunotkun næstu tíu árin,“ segir Sigurður Ingi.



PÚSTRÖR Á BÍL

# Neytendur borga fyrir séreignasparnað

Neytendur eru ekki upplýstir um þann kostnað sem fylgir séreignasparnaði. Hann er um 0,4% af heildareignum og neytendur bera hann. Frá árinu 1999 hefur séreignasparnaður staðið launþegum til boða.

„Séreignasparnaður er viðskiptavinum ekki að kostnaðarlausu og á endanum er það sá sem sparar sem ber kostnaðinn,“ segir Vilhjálmur Vilhjálmsson viðskiptafræðingur. Hann kannaði kostnað vegna séreignasparnaðar hjá íslenskum lífeyrissjóðum í lokaverkefni sínu við viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands.

Frá árinu 1999 hefur séreignasparnaður staðið öllum launþegum til boða og borgar vinnuveitandi þá allt að tvö prósent mótframlag ef hlutfall launþega er fjögur prósent. Vilhjálmur segir ástæðu þess að hann skrifaði ritgerðina vera þá að upp hafa komið mál erlendis þar sem kostnaður við séreignasparnað hafi orðið óeðlilega hár og að honum hafi leikið forvitni á að vita hvernig þessum málum væri háttáð hér á landi.

Vilhjálmur segir það hafa komið í ljós að þessi kostnaður sé ekki mikill á Íslandi. Árið 2004 var kostnaður sem hlutfall af heildareignum 0,38 prósent. Til samanburðar má geta þess að þetta hlutfall er eitt prósent í Chile.

Vilhjálmur segir þá sem nýta sér séreignasparnað ekki alltaf fá upplýsingar um þann kostnað sem



VILHJÁLUR VILHJÁLMSON

Segir þá sem nýta sér séreignasparnað ekki alltaf fá upplýsingar um þann kostnað sem vörsluadílunni innheimtir.

vörsluadílunni, í mörgum tilfellum bankar og aðrar fjármálastofnanir, innheimtir. „Hjá sumum stofnunum er fólk sagt að kostnaðurinn sé enginn. Þegar gefnar eru upp tölur um ávöxtun er búið að draga þóknun vörsluadílans frá og þá getur verið erfitt fyrir neytendur að komast að því hver hún er. Sem dæmi um þetta má nefna að ef ávöxtunin er tíu prósent og kostnaður eitt prósent er viðskiptavininum einungis sagt að ávöxtun hafi verið níu prósent.“

Vilhjálmur segir þessa aðferð geta komið í veg fyrir samkeppni

því erfitt sé að bera saman þann kostnað sem vörsluadílur sparnaðarins innheimta. „Munurinn á gjaldfærðum kostnaði vegna séreignasparnaðar hjá lífeyrissjóðum af svipaðri stærð getur verið allt að sextíu og sjöfaldr en upplýsingar um hann liggja yfirleitt ekki á lausu. Vilhjálmur segir ýmsa lífeyrissjóði hafa gert samninga við banka og önnur fjármálafyrirtæki um að hafa umsjá með séreignasparnaði. „Í þessum tilfellum er mjög erfitt fyrir neytendur að sjá hvað þeir eru í raun að borga í þóknun.“

Vilhjálmur tekur sem dæmi að eitt prósent árlégt umsýslugjald geti haft þau áhrif að einungis 81,29 prósent af mögulegum sparnaði skili sér til viðskiptavinarinnar við starfslok. Vilhjálmur tekur fram að það sé mjög eðlilegt að greiða einhvern kostnað fyrir vörslu séreignasparnaðar en segir að fólk ætti að hafa á hreinu hversu mikið það borgar. „Það sem skiptir fólk mestu máli þegar kemur að séreignasparnaði er ávöxtunin, en fólk verður líka að vera vakandi fyrir þeim kostnaði sem vörsluadílur innheimta og hafa þetta í huga áður en það ákveður í hvaða sjóð það ætlar að borga.“ hugrun@frettabladid.is

Myndavélar fást á góðu verði í sumar:

## Mikil samkeppni á markaðnum

Mikil sala hefur verið á myndavélum í sumar sem margar hverjar eru á góðum tilboðum. Breytingar eru að verða á markaðnum í þá veru að hinn almenni neytandi sækir í meiri gæði.

„Það er búið að vera alveg óhemju mikil sala í myndavélunum alveg síðan fyrir jólni enda eru góð verði í gangi,“ segir Ólafur Steinarsson, framkvæmdastjóri Hans Petersen. Ólafur segir



að breyting sé að verða á myndavélamarkaðnum því að hinn almenni neytandi fjárfesti í vélum. „Þetta er þó ekki bara hér því almennt á heimsvísu, bæði Bandaríkjunum og Evrópu, eru neytendurnir eru að færa sig upp í dýrari vélar. Við höfum líka verið að lækka verðin sem gerir auðvitað neytandanum betur kleift að eignast vélar í þessum gæðum,“ segir Ólafur.

„Salan hefur verið mjög góð hjá okkur en auðvitað ríkir mjög mikil samkeppni í myndavélum og meiri samkeppni en í sölu á mörgum öðrum vörum,“ segir Hallgrímur Halldórsson, sölumaður hjá Heimilistækjum. Hann segir hægt sé að fá mjög finar vélar fyrir milli tuttugu og þrjátíu þúsund krónur sem henta vel til heimilisnota en fólk sé reyndar að sækja í auknum mæli í dýrari vélar. „Gæðin eru að aukast jafnt og þétt miðað við verðið sem nú er á markaðnum,“ segir Hallgrímur.



## Helsinki bjálkahús

Alls 54 fm. glæsihús  
kr. 1.356.000,-



## Vesi saunahús

9 fm. með 8 kW gufubaðsofni  
og saunabekkjum kr.  
365.000,-



## Meri grill- og garðhús

7,5 fm. áttkantað  
kr. 456.000,-



## Saurus bjálkahús

Þetta fallega hús 42 fm. fæst  
nú á stórlækkuðu verði  
kr. 1.212.000,-



## Lovisa bjálkahús

Alls 31 fm. fallett lítið  
sumarhús eða gestahús  
kr. 728.000,-



## Goddi.is

S. 5445550.



Nýtt tákni um gæði

# sótilboð

Frábær sumarauki  
Þér að kostnaðarlausu  
Komdu núna



Ford Expedition Limited 4x4 GPS Active  
5,4i V8 8 manna sjálfskiptur 301 hestöfl

## Vertu á réttum stað Veldu Ford GPS Active

Ford Expedition 4x4  
**GPS Active**  
Sótilboð með aukahlutapakka\*  
**5.990.000 kr.**

Rekstrarleiga 109.200 kr. Bílasamningur 74.125 kr.

### Hvar er húfan mín? Hvar er hettan mín?

Rataðu á Ford. Njóttu þess að vera til. Kaupu Ford 4x4 GPS Active. Garmin Nüvi 350 er meðfærilegt leiðsögutæki með snertiskjá sem fylgir með Ford GPS Active. Taktu tækið úr bílnum og gerðu það að leikfélaga eins og Ford. Leiktu þér með fjölskyldu og vinum í skemmtilegum ratleik út í náttúrunni. Feldu litlar gjafir og láttu hina finna. Eða langar þig kannski frekar að vita hvað klukkan er á Íslantilla golfvelli á Spáni akkúrat núna eða gengið á dollarnum? Í leik eða alvöru? Finndu öruggan stað að vera á. Finndu rétta hótelið, besta pylsubarinn og bensínstöðina á Norðurlandi eða Disneylandi, Flórída. Bara hvar sem er. Farðu bestu leiðina til næsta áfangastaðar. Hvar eru söfnin, tjaldstæðin? Hvar eru veitingahúsin? Hvar eru skemmtistaðirnir? Þú ratar rétta leið á Ford 4x4 GPS Active og Nüvi 350 sem talar við þig í leiðinni. Segir þér að beygja. Og svo passar Nüvi líka beint í vasann. Nüvi getur líka spilað fyrir þig og sýnt þér myndir! Rataðu á Ford 4x4 GPS Active. Getur allt, veit allt. Hvað með vitann á Dalatanga? Ertu með?



### Sumarauki. Verðmæti 635.000 kr. Þú færð aukalega í Expedition 4x4 GPS Active:

- Nüvi 350: eitt fullkomnasta leiðsögutækið frá Garmin -með korti af Íslandi, Evrópu og Norður Ameríku
- Stöðugleikastýrikerfi, veltivörn og loftpúðatjöld
- 8 manna; þrjár sætaraðir (aftasta rafstýrð)
- Öflugt dráttarbeiðis frá Ford. Bakkskynjari
- Viðarstýri
- Fjarstýring í stýri fyrir hljómtæki og loftkælingu

Og jeppinn tilbúinn með fullan tank af bensini

Aflaðu þér  
frekari upplýsinga  
[www.ford.is](http://www.ford.is)

### Vertu á Ford 4x4 GPS Active í dag Nýttu þér sumartilboð á Ford jeppum



**Ford Escape XLS  
4x4 GPS Active**  
2,3i 5 dyra sjálfskiptur\*

Sótilboð 2.990.000 kr.  
Bílasamningur 36.990 kr.  
Rekstrarleiga 53.200 kr.

**Sumarauki GPS Active  
Verðmæti 265.000 kr.**



**Ford Explorer XLT Sport  
4x4 GPS Active**  
4,0i V6 5 dyra sjálfskiptur\*

Sótilboð 4.540.000 kr.  
Bílasamningur 56.180 kr.  
Rekstrarleiga 84.500 kr.

**Sumarauki GPS Active  
Verðmæti 207.000 kr.**



**Ford Expedition Limited  
4x4 GPS Active**  
5,4i V8 8 manna sjálfskiptur\*

Sótilboð 5.990.000 kr.  
Bílasamningur 74.125 kr.  
Rekstrarleiga 109.200 kr.

**Sumarauki GPS Active  
Verðmæti 635.000 kr.**

Komdu núna. Sótilboð Brimborgar  
gildir meðan birgðir endast.



### Í spennandi bíltúr í Ford GT?

Ofursportbíllinn Ford GT er kominn í sýningarsalinn. Komdu. Skoðuðu einn magnaðasta bíl sem framleiddur hefur verið.

**FORD GT**

Smelltu á [ford.is](http://ford.is) og taktu þátt í Happapotti Brimborgar og þú átt möguleika á bíltúr í Ford GT þegar líða fer á sumarið.

Sumarið er  
í Brimborg



Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | [www.ford.is](http://www.ford.is)



Öruggur staður til að vera á

## „ORÐRÉTT“

## Erftitt hlaup

„Þetta er það allra erfiðasta sem við höfum gert og við höfum gert ýmislegt.“

PRÍR BOOT CAMP-ÞJÁLFAVAR HLUPU 100KM FRÁ HELLU TIL REYKJAVÍKUR Í FYRRADAG. MORGUNBLAÐIÐ, 9. JÚLÍ.

## Hvers vegna ekki?

„Hvers vegna ekki að hafa sama gjaldmiðil og aðal viðskiptalöndin og spara sér gengiskostnað og óþægindin af sveiflukenndum gjaldmiðli?“

DANIEL GROS, FORSTÖÐUMAÐUR EVRÓPURANNSÓKNA- OG RÁÐGJAFARSTOFNUNARINNAR CEPIS Í BRUSSEL. FRÉTTABLAÐIÐ, 9. JÚLÍ.

nær og fjær  
tilveran

## SJÓNARHÓLL

HEIMSÓKN GEORGE BUSH ELDRI



BIRGIR JÓNSSON FORSTJÓRI

## Á hnén út af gömlum jálki

„Ég hef séð þetta í fjölmiðlum og mér finnst kannski dálítið furðulegt hvað er látið mikið með þetta. Þetta er einhver gamall forseti frá Bandaríkjunum en það er látið eins og hann sé enn sitjandi forseti,“ sagði Birgir Jónsson, framkvæmdastjóri Iceland Express um heimsókn Bush á dögunum. „Allir fjölmiðlar voru undirlagðir af þessu. Maðurinn var bara kominn í laxveiði.“

Birgi finnst óviðeigandi að bjóða manni eins og Bush hingað á meðan Íraksstríðið er í fullum gangi. „Mér finnst mjög áberandi þessi undirlægjuháttur íslenskra stjórnvalda gagnvart Bandaríkjunum en það er kannski ekki endilega rétt að vera að tengja það við einhvern öldung. Við höfum verið algjörlega á valdi Bandaríkjamanna undanfarin ár, sérstaklega eins og með Íraksstríðið. Það sýnir smáborgaraháttinn í okkur að það sé látið svona mikið með komu manns sem var forseti fyrir fimmtán árum síðan. Maður hefði vonað að íslensk stjórnvöld hefðu smá bein í nefinu og sýndu smá sjálfstæði en það þarf greinilega ekkert meira en einhvern gamla jálk í heimsókn til að allir fari á hnén.“

## HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? ÁRNI JOHNSEN ATHAFNAMAÐUR

## Er ekki mikið fyrir sumarfrí

„Ég er að leggja lokahönd á tveggja diska útgáfu á öllu efni Ása í bæ,“ segir athafnamaðurinn, tónskáldið og fyrrverandi alþingismaðurinn Árni Johnsen. „Á diskunum verða öll lögin og ljóðin sem hann gerði, ásamt ljóðunum sem hann gerði við lög annarra eins og Ég veit þú kemur og fleiri góð lög.“ Árni er búinn að vera að vinna að gerð plötunnar undanfarnar vikur og ásamt því að syngja og spila á gítar inn á plötuna hefur hann fengið til liðs við sig fjölda allan af hljóðfæraleikurum og söngvurum til að gera útgáfuna sem glæsilegasta. „Það syngja margir mætir söngvarar með mér á plötunni, en sérstaklega gaman er að segja frá því að Einar Kárason rithöfundur syngur með mér Göllavísurnar sem voru vinsælar hér um árið,“ segir Árni. Diskurinn hans Ána kemur til með að heita Það er gaman að vera til, sótt í ljóð Ása í bæ um Oddgeir Kristjánsson.

Árni hefur unnið hörðum höndum undanfarið að

frágangi Herjólfsbæjarinnar inni í Herjólfssdal, sem er endurgerð í anda gamla stilsins eins og Árni orðar það.

Nú styttist óðum í þjóðhátíð í Eyjum og ekki er laust við að það sé komin stemning í kallinn. Hann segir undirbúning hafinn og að framkvæmdir séu á fullri ferð inni í Herjólfssdal. Aðspurður hvort hann ætli sér í sumarfrí í sumar var stutt í svarið. „Nei, ég fer aldrei í svoleiðis, mér líkar miklu betur að vinna og gera eitthvað. Ég er ekkert fyrir að liggja með tærnar upp í loftið á sólarströnd og vil helst gera sem minnst af því,“ segir vinnuþjarkurinn Árni Johnsen.



## Sólarsinnar mótmæla veðrinu

Íbúar höfuðborgarsvæðisins hafa kvartað sáran undan veðrinu í sumar. Óánægja yfir sumarveðrinu er alls ekki ný af nálinni og hafa landsmenn gripið til ýmissa ráða til að reyna að kalla fram sólina. Í lok júlí sumarið 1983 tók hópur sólarsinna sig til og mótmælti vöndu veðri fyrir utan Veðurstofu Íslands.

Sólarsinnarnir mættu með mótmælaspjöld og kröfðust þess meðal annars að veðurspár yrðu settar í hendur einkaaðila. Þeir afhentu Hlyni Sigtryggssyni, þáverandi veðurstofustjóra, spáskort sem sýndi heiðan himin um allt land og báðu um sólina „bara einn dag“. Ekki var þó allt sem sýndist því mótmælin voru í raun bara grín og glens sem Dagblaðið stóð fyrir, fólki var hóað saman í gönguna í svokallaðri gúrkutíð.

Trausti Jónsson veðurfræðingur man vel eftir sólarsinnunum en hans var einmitt getið á einu mótmælaskiltanna þar sem stóð: „Hvar eru öll gömlu loforðin



HVAR ERU GÖMLU LOFORÐIN TRAUSTI?

Trausti Jónsson veðurfræðingur man vel eftir mótmælunum sem hann segir hafa átt sér aðdraganda í einu versta sumri í manna minnum, sumrinu 1983.



HLYNUR SIGTRYGGSSON VEÐURSTOFUSTJÓRI ÁSAMT FULLTRÚA SÓLARSINNA Veðurstofustjóri fékk í hendurnar óskaspákortíð sem sýndi skjálalaut Ísland. Sólarsinnur varð þó ekki að ósk sinni um meiri sól fyrr en tveimur árum eftir mótmælin þegar veðrið batnaði lokins.

FRÉTTABLAÐIÐ/ÚR MYNDASAFNI

Trausti?“ Hann segir að starfsmenn Veðurstofunnar hafi skemmt sér vel yfir uppátækinu sem hafi átt sér aðdraganda í einu versta



SÓLARSINNAR Á HEIMLEIÐ Í rauninni voru sólarsinnar ekki á mótmælastað af einlægum áhuga á betra veðri heldur fyrir tilstuðlan Dagblaðsins sem skipulagði mótmælin í gúrkutíð.

sumri í manna minnum.

„Sumarið 1983 var alveg með eindæmum vont og náði algjörum botni á því sem ég hef nokkurn tímann kynnst,“ segir Trausti.

Hann segir að hitinn hafi varla farið yfir átta stig allt sumarið og því ekki furða að fólk hafi verið orðið langþreytt. „Þetta var líka inni í hræðilega rigningasömu sumartímabili. Sumrin ’81 og ’82 voru eiginlega bara hálf því það fór að rigna bara um miðjan júní og rigndi svo alveg til jóla. Svo kom þetta sumar þarna ’83 þegar var eiginlega ekkert sumar.“

Sólarsinnar náðu því ekki fram betra veðri með mótmælunum og má segja að sumarið hafi varla komið aftur fyrr en sumarið 1985. „Sumarið 1984 var líka mjög rign-

ingasamt en það var þó miklu hlýrra en þessi sem á undan komu og með góðu veðri fyrir norðan. Síðan má eiginlega segja að sumurinn hafi verið hlýr alveg til okkar daga,“ segir Trausti.

Hann segir þó að alltaf komi mánuðir inn á milli sem séu verri en gengur og gerist, eins og júnímánuður var nú í sumar. Menn geta þó huggað sig við að vöndu mánuðirnir á okkar dögum eru ekki nánda nærri eins vöndir og þeir sem sólarsinnar mótmæltu sumarið 1983. „Júní í ár var ekki verri en svo að í honum voru 140 sólskinsstundir en í þessum botnmánuðum eru þær ekki nema á bilinu sjöttíu til áttatíu, sem er nú alveg nokkuð gott,“ segir Trausti Jónsson.

annat@frettabladid.is

## Með mysing til Ítalíu

Á veitingahúsinu Friðriki V á Akureyri hefur alltaf verið lagt mikið upp úr því að nota hráefni úr sveitinni. Friðrik V. Karlsson, yfirkokkur veitingahússins, fer til Ítalíu í haust til að taka þátt í móti hundrad kokka sem hafa sinnt héraðseldhúsinu.

„Í upphafi voru þúsund athyglisverðir veitingastaðir valdir frá öllum heimsins hornum, sem allir hafa þessa svæðisbundnu ímynd. Hópurinn var svo minnkaður niður í hundrad þátttakendur sem var boðið að taka þátt. Ég veit ekki alveg hvernig þetta verður en ég á að halda stóran fyrirlestur og svo er unnið í teyrum með tíu kokkum,“ segir Friðrik. Hann verður í fríðum flokki kokka á mótinu því þótt hann hafi ekki

fengið endanlegan þátttakendalista veit hann um nokkra sem ætla að fara. „Þarna verða þungavigtarnöfn eins og Alain de Casse í Mónakó og Ferran Adria, en veitingastaðurinn hans var á dögunum valinn sá besti í heiminum. Ég gæti lent með einhverjum frá Mósambík eða einum af þessum frægu, það kemur bara í ljós.“

Aðspurður um uppruna mótsins segir hann að það sé afspenging hreyfinga sem heita Slow Food og Terra Madra. „Hugmyndin er að hvetja veitingamenn og fólk almennt til að vita meira um hráefnið sem það er með í höndunum,“ segir Friðrik. Ástæða þess að hann notar mikið hráefni úr sinni sveit er að miklu leyti sú að hann vill þekkja uppruna þess betur, auk þess sem það er góð leið til að styrkja svæðið. „Við myndum til dæmis aldrei nota innflutt kjöt, ekki af einhverjum hroka eða vegna þess að innflutt kjöt sé eitthvað vont. Það er bara

um að gera að nota íslenskt kjöt því við eigum það og það er frábært.“

Að sjálfsögðu ætlar Friðrik að taka með sér íslenskt hráefni á mótið enda segir hann að fullt af flottum hugmyndum sé að finna í gömlum íslenskum hefðum. „Ég er viss um að íslenskt eldhús á eftir að rísa upp aftur. Auðvitað þurfum við að nútímavæða það og ástæðulaust að fara að bera aftur fram súrsaða hrútpunga. En við sjáum það herna á veitingahúsinu okkar að gamlir réttir í nýmóðins útfærslum eru mjög vinsælir.“

Til þess að kynna íslenskt eldhús þarf Friðrik að taka með sér hráefni frá Íslandi. Hann segist ætla að taka með sér allt sem hann getur og nefnir sem dæmi rabarbara og íslenskar kryddurtir. „Ég er að vinna í þessu núna og kanna hvað ég má taka með mér. Norðlenska ætlar að hjálpa mér með að fara með lambakjöt og svo tek ég að öllum



FRÍÐRIK V. KARLSSON KOKKUR Í haust leggur Friðrik leið sína til Ítalíu og tekur þar þátt í móti þar sem kokkar, víðs vegar að úr heiminum, koma saman til að kynna héraðseldhúsið sitt.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA.IS

líkindum skyr með, því mér sýnist á öllu að það sé ekkert mál. Svo eru erfiðari hlutir eins og hangikjöt sem er spurning með

hvort fæst leyfi fyrir. Mig langar líka til að taka með mysing, sem er mjög akureyrskt fyrirbæri,“ segir Friðrik V. Karlsson.



# Hágæða múrvörur fyrir allar aðstæður

Múrbúðin býður aðeins viðurkenndar gæða múrvörur, meðal annars frá **Maxit**, stærsta múrvöruframleiðanda í Evrópu.



**Maxit Rep 980**  
steiningar-  
lím/þunnmúr



**Maxit IP22**  
gífs sprautu-  
múr



**Maxit IP 18**  
sprautumúr, inni



**Maxit IP 14**  
sprautumúr, úti



**Maxit EXM 702**  
Þunnfljótandi  
þanmúr. Undir  
vélar og stöpla



**Trefjastyrktur múr fyrir Serpo**  
múrkerfi á einangrun



**Deka Fiber**  
firnasterkur  
trefjastyrktur múr



**Maxit Steiningarlím /fílmúr**  
Verð pr. 25 kg  
kr. 1.380,-



**Deka Hrað**  
hraðharðnandi  
viðgerðar-  
blanda



**Deka Plug**  
vatnsþéttimúr  
Stoppar  
rennandi vatn  
á nokkrum sek.



**Deka Grip**  
þanmúr fyrir  
boltagöt o.fl.



**Grov Betong**  
Gróf  
múrblanda  
fyrir allar  
viðgerðir



**Deka Akryl**  
alhliða  
akrylgrunnur



## MÚRBÚÐIN

Byggingavöruverslunin í Árbænum

Kletthálsi 7 · Sími: 544-5470 · sala@murbudin.is · www.murbudin.is

# VIÐ



Landsbankinn



Um leið og við óskum Ítölum til hamingju með heimsmeistaratitilinn í knattspyrnu viljum við þakka samstarfsaðilum okkar fyrir frábæra samvinnu og áskrifendum fyrir samfylgdina.

# HA





# NINGJU


## ALLIR LEIKIRNIR Í MEISTARADEILDINNI Í BEINNI

Sýn hefur tryggt sér útsendingaréttinn að Meistaradeildinni til næstu þriggja ára. Samningurinn felur í sér stórlega bættu umfjöllun um þessa stærstu og virtustu keppni sem haldin er á milli félagsliða í knattspyrnu. Frá og með næstu keppni munu áskrifendur Sýnar geta séð alla leikina í Meistaradeildinni í beinni útsendingu í sjónvarpi og á netinu.

**SÝN**  
*besta sætið*

### Svona erum við

> Fastráðnir starfsmenn RÚV 1995-2005



Heimild: Hagstofa Íslands

## baksvið

fréttir og fróðleikur

### FBL-GREINING: SAMBAND ÍSLENSKRA BERKLA- OG BRJÓSTHOLSSJÚKLINGA, SÍBS

# Berst fyrir betri heilbrigðisþjónustu

Samband íslenskra berkla- og brjóstholssjúklinga er líklega frægara undir nafninu SÍBS og fyrir happdrætti, frekar en málefni berkla- og brjóstholssjúklinga. Nú til dags starfrækir sambandið margvíslega þjónustu.

#### Hvernig kom stofnun SÍBS til?


Haustið 1938 komu 26 berkla-sjúklingar saman á Vífilsstaðahæli til að stofna Samband íslenskra berkla-sjúklinga. Tilgangurinn var að reyna að hjálpa útskrifuðum berkla-sjúklingum að ná fötfestu í lífinu. Deildir voru í kjölfarið stofnaðar um allt land, undir nafninu Berkla-vörn. Bygging tíu smáhýsa hófst árið 1944 og ári síðar tók vinnuheimilið Reykjalundur til starfa. Með tilkomu berkla- og brjóstholssjúklinga árin 1947-1952 fór berkla-sjúklingum fækkandi. Þá var farið að taka við

öðrum sjúklingum til endurhæfingar.

#### Hverjum sinnir sambandið nú til dags?

Með fækkun berkla-sjúklinga komu aðrir brjóstholssjúklingar í sambandið. Astma- og ofnæmisfélagið kom til samstarfs og árið 1974 var nafni félagsins breytt í Samband íslenskra berkla- og brjóstholssjúklinga. Landsamtök hjartasjúklinga komu síðar í samtökin, þá félag fólks með svefnháð- ar öndunartuflanir og því næst Samtök lungnasjúklinga. Tilgangur SÍBS er meðal annars sá að sameina innan vébanda sinna fólk með

berkla, hjartasjúkdóma, lungnasjúkdóma, astma- og ofnæmi og svefnháðar öndunartuflanir og vinna að því að heilbrigðisþjónusta og félagsleg aðstoða þessa fólks sé sem fullkomnast.



#### Hvaða þjónustu starfrækir SÍBS?

Auk Reykjalundar starfrækir SÍBS nú Múlabæ, vinnustofu fyrir öryrkja og Happdrætti SÍBS sem er kjölfesta alls starfs SÍBS. Í samstarfi við önnur samtök rekur SÍBS Múlabæ, dagvistun fyrir aldraða og Hlíðabæ, dagvistun fyrir minnisjúka. SÍBS kemur einnig að rekstri HL-stöðva. Lauslega talið hafa þrjátíu til fjórtíu þúsund landsmenn notið endurhæfingar á Reykjalundi.

### SPURT & SVARAÐ

LÍFRÆN RÆKTUN

## Meira bragð

Á dögunum bárust fréttir frá Bandaríkjunum um að sala lífrænna matvæla hafi aukist mikið þar í landi. Hjördis Ásberg er framkvæmdastjóri versunarinnar Maður lífandi sem selur lífrænar vörur.



#### Hvað er lífræn ræktun?

Lífræn ræktun þýðir að jarðvegurinn er alveg hreinn og án alls kemisks áburðar. Þá má ekki nota nein hormónalyf, ekkert gerladrepani eða sveppadrepandi heldur bara lífrænan áburð. Einnig eru strangar kröfur um að hvíla jarðveginn reglulega svo hann endurnúi sig. Lífrænt kjöt krefst þess að dýrin fái bara fóður sem uppfyllir lífrænar kröfur og slátrunin þarf líka að vera án allra kemiskra efna.

#### Af hverju er skortur á ræktendum?

Framleiðendur lífrænna matvæla verða að fá vottun og í kringum það er mjög strangt ferli. Einnig vaxa afurðirnar hægar og eru minni svo að uppskeran er alltaf minni.

#### Af hverju vill fólk kaupa lífrænar vörur?

Bæði hugsar fólk um að ýmislegt sem notað er í hefðbundna ræktun geti verið skaðlegt. Síðan finnst fólk oft lífrænar vörur bragðbetri og bragðmeiri. Fólk sem er ekki að spá mikið í ræktunaraðferðirnar velur þær út af því.

# Ótti vegna eldflaugaskota

## Mikill uggr hefur gripið um sig meðal alþjóða vegna eldflaugaskota Norður-Kóreumanna á miðvikudag. En hvaða hætta stafar af Norður-Kóreumönnum?

Tilraunir Norður-Kóreumanna með sjö eldflaugar, sem þeir skutu á loft í síðustu viku, vöktu mikil og hörð viðbrögð um allan heim. Eldflaugarnar sjö lentu í Japanshafi og öllu engum skemmdum.

Áratugum saman hefur Norður-Kórea verið eitt lokaðasta land heimsins, en það er eitt fárra landa sem enn eru undir kommúnistastjórn og fá afar fáir útlendingar að sækja það heim. Leiðtogi Norður-Kóreu, Kim Jong-il, hefur vakið mikla forvitni margra, en lítið er vitað um hann. Þó er ljóst að Norður-Kóreumenn vilja láta taka sig alvarlega, og hefur alþjóðasamfélagið tekið þá á orðinu seinustu daga.

#### Líf í Norður-Kóreu

Fátt er vitað um daglegt líf í Norður-Kóreu. Öllum fjölmiðlum er stjórnað af ríkinu og í þeim er ekki sagt frá neinu sem gæti komið stjórninni illa. Til dæmis er aldrei sagt frá hungursneyðum sem

reglulega herja á Norður-Kóreubúa.

Landið reiðir sig mikið á erlend fjárframlög og telja erlendar hjálparstofnanir að um tvær milljónir manna hafi farist þar úr hungri á síðasta áratug. Auk þess berast óljósar frétnir af miklum mannréttindabrotum, svo sem pyntingum, opinberum aftökum, þrælkun, ungbarnamorðum og nauðungarfóstureyðingum.

Um 23 milljónir manna búa í Norður-Kóreu, sem nær yfir 122.762 ferkílómetra - tæplega tuttugu þúsund ferkílómetrum stærra svæði en Ísland. Flestir eru trúlausir, en aðhyllast sterkar þjóðarhefðir.



#### Vopn Norður-Kóreu

Í landinu er einn stærsti starfandi her heims, og hafa ráðamenn þess löngum verið sakaðir, á alþjóðavettvangi, um að eyða of miklu í vopn og her landsins, á meðan milljónir manna búa við hungur og sára neyð. Nýverið var haft eftir suður-kóreskum vopnasérfræðingi að eldflaugaskotin hefðu kostað 2,2 milljarða króna. Jafnframt leikur grunur á að þjóðin eigi kjarnorkuvopn, eða sé að koma sér þeim upp.

#### Eldflaugaskotin

Norður-Kóreumenn segja eldflaugaskotunum ekki hafa verið beint gegn neinum, heldur hafi eingöngu verið um æfingar að ræða. Jafnframt segjast þeir ætla að halda æfingum sínum áfram og gagnrýna Vesturveldin fyrir að reyna að banna þeim vopnaæfingarnar.


„Það eru óréttlát rök að segja að sumir megi gera eitthvað en aðrir ekki. Þessi sömu rök eru notuð varðandi eignarhald á kjarnorku,“ hafði suður-kóreska fréttastofan Jonhap eftir Choe Myong Nam, fulltrúa Norður-Kóreu í Sameinuðu þjóðunum í Genf, á föstudag.

Choe endurtók jafnframt áskanir Norður-Kóreumanna um að Bandaríkin og bandamenn þeirra, sérstaklega Japanar, séu að undirbúa árás á Norður-Kóreu.

„Bandaríkin hafa lengi íhugað árás á okkur, en hafa ekki gert alvöru úr þeirri árás vegna styrks

### Nokkrar eldflaugar Norður-Kóreu

Norður-Kórea á yfir 600 Scud-eldflaugar sem geta dregið til Suður-Kóreu og allt að 200 No-dong eldflaugar sem gæti verið skotið á Japan. Hafist var handa við að þróa fjölþrepa eldflaugar af Taepo-dong-gerð árið 1998, en Taepo-dong 2 er hönnuð með Bandaríkin sem skotmark í huga.



### KIM JONG-IL

Kim Jong-il erfið leiðtogaréttindin eftir föður sinn, Kim Il-sung, sem stofnaði ríkið árið 1948. Þó getur sonurinn aldrei hlotið forsetatítlinn sem eilíflega tilheyrir föðurnum. Kim Il-sung lést árið 1994 og tók sonur hans við leiðtogastarfinu þremur árum síðar. Kim Jong-il er afar sjaldan ljósmynndaður og lætur næstum aldrei heyra í sér í útvarpi eða sjónvarpi. Á undanförmum árum hefur hann hitt nokkra helstu leiðtoga heims, meðal annars forseta Suður-Kóreu og forsætisráðherra Japans. Hefur honum verið lýst sem hlédrægum glaumgosa með vandlega blásið hár sem gengur í þykkbotna skóm og þykir koniák gott. Hann er 64 ára og virðist eiga við einhver heilsuvandamál að stríða, þó óljóst sé af hvaða toga þau eru. Honum er gefið að hafa samið sex óperur á tveimur árum og að hafa hannað stóran turn í höfuðborginni Pjongjang. Hann á þrjá syni, en hefur enn ekki útnefnt neinn þeirra sem erfingja leiðtogatignarinnar.

okkar,“ sagði Choe.

Alls óvíst er hvort einhver fótur sé fyrir þessum ásökunum. Ráðamenn í Norður-Kóreu saka Bandaríkin reglulega um njósnir, en Bandaríkjaher svarar þeim ásökunum ekki.

#### Viðbrögð við eldflaugaskotunum

Eldflaugaskotin vöktu hins vegar afar sterk viðbrögð um allan heim.

George W. Bush, forseti Bandaríkjanna, hringdi í Hu Jintao, forseta Kína, auk annarra þjóðarleiðtoga á fimmtudag og hvatti til samstillts alþjóðááttaks varðandi málið, en Bush-stjórninni hefur löngum verið í nöp við Norður-Kóreu og nýverið gaf utanríkisráðuneyti Bandaríkjanna út skýrslu, þar sem Norður-Kórea er skilgreind sem stuðningsaðili hryðjuverka.

Atlantshafsbandalagið sendi frá sér tilkynningu þar sem atvikinu var lýst sem „ögnun við öryggi austurhluta Asíu“ og hvatt var til harðra viðbragða á alþjóðavettvangi.

Japanar ákváðu að hætta að senda til landsins matargjafir, enda

telja ráðamenn þar líklegt að Japan sé eitt skotmarka Norður-Kóreumanna. Ástralalr ætla að skerða stjórnmalasambönd sín við landið til muna, en Ástralía er eitt fárra landa sem hefur slík tengsl við Norður-Kóreu.

Viðbrögð næsta nágranna Norður-Kóreu, Suður-Kóreu, voru fyrst og fremst varkærni, og hvöttu ráðamenn þar til langlundargeðs í viðræðum.

Meira að segja Kína, einn helsti bandamaður Norður-Kóreu, brást illa við, en hvatti þó eindregið til stillingar.

„Öryggisráð (SD) verður að bregðast við, en þau viðbrögð ættu að hjálpa til við langtímatámarkið, að halda frið og jafnvægi á Kóreuskaga,“ sagði utanríkisráðherra Kína, Jiang Yu, á fimmtudag.

FRÉTTASKÝRING  
SÍGRUN MARÍA KRISTINSDÓTTIR  
smk@frettabladid.is

## Birgitta Haukdal

Syngur með sínu nefi



Nýr heimur á Hótel Borg  
Bjargey Ingólfssdóttir  
Tíska  
Öflugasta sjónvarpsdagskráin



ELDFLAUGAR SKOÐAÐAR Ferðamaður skoðar eftirlitlingar af norður-kóreskum eldflaugum á safni í Seoul í Suður-Kóreu. Norður-Kóreumenn segjast ætla að halda áfram tilraunum sínum með eldflaugar.

NORDICPHOTOS/AFP



Veldu HYUNDAI gæði, veldu TERRACAN

**Terracan** DELUXE

- 2900 cc. Turbo Dísel 163 hð.
- Sjálfskiptur
- 32" Arctic Trucks jeppabreyting
- TSC spólvörn
- Sítegt aldrif með læsingu
- ABS með EBD hemlajöfnun
- Tölvustýrð miðstöð
- Samlitun
- Leðuráklæði
- Hiti í sætum
- Topplúga
- Dökkar afturrúður

LÝSING



**HYUNDAI**  
Official Partner



Með bílinn handa þér

**ARCTIC TRUCKS**

## Vertu í sambandi við náttúruna

TERRACAN í ARCTIC TRUCKS útgáfu hlaðinn staðalbúnaði



\* Blásamningur til 84 mánaða með 30% útborgun. Mánaðanlegar greiðslur eru háðar vaxta- og gengisþróun.

**HYUNDAI** hefur gæðin

B&L • Grjóthálsi 1 • 110 Reykjavík • 575 1200 • www.bl.is

Keflavík 421 4444

Selfoss 575 1460

Akranes 431 2622

Akureyri 461 2533

Egilsstaðir 471 2524

# skoðun

SJÓNARMÍÐ  
HAFLÍÐI HELGASON

Seðlabankinn fetar nú einstigi síðustu metrana í vaxtahækkun:

## Að missa af flugvél

Skiptar skoðanir eru um síðustu stýrivaxtahækkun Seðlabankans. Hún var í efri mörkum þess sem spáð hafði verið. Í kjölfarið hafa vaknað upp spurningar hvort Seðlabankinn sé hugsanlega að ganga of langt og muni valda óþarfa sársauka í hagkerfinu með aðgerðum sínum. Með öðrum orðum að læknin verði á endanum verri en sjúkdómurinn.

Reynslan á eftir að leiða slíkt í ljós. Nokkuð ljóst er að í síðustu uppsveiflu hefði Seðlabankinn þurft að auka aðhaldið meira og fyrr. Sú aðferð sem notuð er til að hafa hemil á þenslunni er ónákvæm og litlar líkur á að nokkur vaxtabreyting sé hárrétt. Þetta er hins vegar það stjórnþæki sem Seðlabankinn hefur yfir að ráða og ekki vól á öðru betra.

Prástagast hefur verið á þeirri staðreynd að Seðlabankinn hafi ekki fengið mikla hjálp á þessari vakt. Hann hefur borið hitann og þungann af þenslunni í efnahagslífinu og þeir sem áttu að slökkva með honum eldana hafa verið iðnir við að henda lurkum á bálið.

*„Hafi maður aldrei misst af flugvél er hægt að draga þá ályktun að maður eyði of miklum tíma á flugvöllum.“ Af tvennu illu er betra þegar til lengri tíma er litið að missa af flugvél, en eyða of miklum tíma á flugvöllum.*

Ákvörðun Seðlabankans er ekki og verður aldrei hafin yfir gagnrýni. Hins vegar er nauðsynlegt að menn geri sér grein fyrir því að bankinn stendur frammi fyrir afar vandasömu verki og vill hafa vaðið fyrir meðan sig. Á fundi sem Seðlabankinn hélt fyrir tveimur árum ræddi Andrew Crocket, fyrrverandi bankastjóri Alþjóðagreiðslubankans í Basel, um þann vanda sem fylgir stjórn peningamála. „Hafi maður aldrei misst af flugvél er hægt að draga þá ályktun að maður eyði of miklum tíma á flugvöllum.“ Af tvennu illu er betra þegar til lengri tíma er litið að missa af flugvél, en eyða of miklum tíma á flugvöllum.

Verðbólguhorfur hafa versnað og Seðlabankinn þarf að styrkja trúverðuleika sinn, sem er forsenda þess að verðbólguvæntingar fari niður. Bankinn hefur boðað að staðan verði skoðuð í ágúst og grannt fylgst með þeim teiknum sem gefa vísbendingar um hvert beri að stefna.

Í upphafi vaxtahækkana glímdi Seðlabankinn við þann vanda að miðlun peningastefnunnar inn í hagkerfið var hæg. Skuldarar sem höfðu tók á flýðu innlenda vexti og tóku erlend lán. Nú ríkir meiri óvissa á mörkuðum og trú manna á gengi krónunnar er minni, auk þess sem vextir í nágrannalöndunum fara hækkandi. Það eykur líkurnar á að stýrivaxtahækkunar virki hraðar í efnahagslífinu og togi upp langtímavexti.

Peningar eru orðnir óheyrilega dýrir og skuldabyrði reynist mörgum einstaklingum og smærri fyrirtækjum erfið. Mikilvægt er að Seðlabankinn ígrundi vel hvert skref á næstunni. Hann hefur staðið vaktina einn og hefur margt sé til varnar þegar hann er gagnrýndur. Ef illa fer er ágætt að hafa í huga að ábyrgðarleysis er annars staðar að leita en í ranni Seðlabankans.

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Jarðvegur og Listaspíra

Kartöflugeymslurnar í Ártúnsbrekkunni eru að fá nýtt hlutverk sem gallerí, kaffihús og vinnustofur listamanna og er unnið við að breyta lélegum malar-slóðanum þangað í alvöru veg. Stefán Pálsson sagnfræðingur stakk nýverið upp á nafninu Kartöflutröð á þennan veg og lýsti eftir fleiri hugmyndum á bloggsíðunni sinni. Hann fékk góðar viðtökur: Örtröð, Svarthöfði, Innstunga, Jarðeplaslóð, Línuvegur, Tengill, Jarðvegur, Spíra eða Listaspíra vegna þess að listamenn verða geymdir þarna, nú eða Skeifugörn. Og nú er bara að vona að yfirvöld gripí eina tillöguna á lofti.



### Lóa langsokkur

Og Stefán heldur áfram að fjalla um nöfn og þá eru það nöfn á söguhetjum Andrésblaðanna sem hafa fengið ýmsar undarlegar útgáfur í gegnum tíðina. Þannig heita Chip & Chap Snar & Snöggur á íslensku en hafa áður verið kallaðir Snóðinn og Loðinn. Ripp, Rapp og Rupp hafa heitið Tikki, Trikk og Trakk og Fetmúli hét víst stundum Grani eða Feiti-múli. Þá ku Mogginn hafa birt barnasögu eftir Astrid Lindgren um Lóu langsokk árið 1946.

### Skemmt lappinar

Hundrað kílómetra hlaup Boot Camp-kappanna sem komu í mark um helgina er hlauparanum Gunnlaugi A. Júlíusssyni hugstætt en Boot Camp-strákarnir voru búnir að fá nóg eftir 75 km. Gunnlaugur bendir á að það geti skemmt lappinar að fara lítill undirbúinn í svona hlaup og spyr: „Ætli þetta hafi verið hjá þeim eins og enski strákurinn sagði í lestinni í vor þegar ég spurði hvernig hlaupið hefði gengið. „It was horrible, after 25, every step was in pain,“ um leið og hann rifjar upp sögu af tveimur sextugum sem hlupu hundrað kílómetra fyrir nokkrum árum. Eins og ekkert væri.

ghs@frettabladid.is

## Kjötflokkarnir

B og D fóru saman í stjórn í Reykjavík og um land allt. Þrátt fyrir að tapa kosningunum skreiddi litli upp í til stóra fyrir norðan, sunnan, austan og vestan. Við horfðum á og fylltumst viðbjóði. Svo var það gleymt eins og annað. Mánuði síðar var búið að endurhanna litla með glænýjum ráðherrum og fúlскеggjuðu formannsefni. Gamalt vín á nýjum belgjum gekk í gullfiskþjóð: Í næstu könnun var hann orðinn aðeins stærri.

Og nú siglum við til kosninga með flokkana tvo á nýjum fötum með ný andlit. Og nýjar línur. Allt skal nú gleymt sem liðið er. Því senn skal sest að kötlunum á ný.

Kjötflokkarnir kætast. Fyrsti flokkur og annar flokkur. Þeir eiga svo gott með að starfa saman. Hálfnorski hamborgarhryggurinn og brúnaþunga súpukjötið frá SS. Seiga kjötið og feita kjötið. Á því munu borgarbúar og landsmenn þurfa að japla enn og aftur næstu árin, jafnvel þótt sumir séu fyrir löngu komnir með kjötóþol og aðrir séu yfirlýstar grænmetisætur.

Frímúraður bóguur í öðrum flokki kveður sér hljóðs, vill verða formaður og lofar öllu fögru, segir stóriðjustefnu lokið. Stóriðjustefnu Framsóknar er formlega lokið. Reyndar er Kárahnjúkastíflu enn ekki lokið. Reyndar er verið reisa risaálver á Reyðarfirði, sem tekur ekki til starfa fyrr en að ári. Reyndar er nýbúið að lofa Húsvíkum álveri sem ekki er einu sinni byrjað að reisa. Og talað er um annað í Helguvík. Auk stækkunar í Straumsvík. En stóriðjustefnu er lokið. Eg er hættur að reykja en á reyndar þrjú karton inni í skáp og mun að sjálfstögu klára þau. Bógur hefur ferilinn á fyndnu nóttunum og Moggi klappar hann upp: „Snilldarflétta hjá nýjum iðnaðarráðherra.“ Því nú er tími fyrirgefningar. Og friðar. Eg þori ekki að segja ástar. Því ritstjórinn er farinn að vinna í opnu rými.

Helstu talsmenn kjötflokkanna boða okkur mikinn fögnuð. Með

### Í DAG STJÓRNARFLOKKARNIR

#### HALLGRÍMUR HELGASON

*Hálfnorski hamborgarhryggurinn og brúnaþunga súpukjötið frá SS. Seiga kjötið og feita kjötið. Á því munu borgarbúar og landsmenn þurfa að japla enn og aftur næstu árin, jafnvel þótt sumir séu fyrir löngu komnir með kjötóþol og aðrir séu yfirlýstar grænmetisætur.*

einu pennastriki skal slegið yfir deilur fortíðar. Framsókn er á móti stóriðjustefnunni og Mogginn er hættur að vega úr launsáttri. Hættur að hata fólk og leggja í einelti. Hættur að þegja yfir vondum fréttum af sínu fólk. Hættur að slá þeim göðu upp. Ritstjórinn er hættur að vera mafiós. Í sama blaði og gamli skúrur biður þjóðina fyrirgefningar birtir hann tveggja opnu viðtal við frægan mann í Flórída. Væntanlega hefur það verið ritskóðað í anda nýrrar sáttastefnu blaðsins. Stuttu síðar er svo Ingibjörgu Sólrúnu boðið upp í dans á miðopnu blaðsins, í sárabætur fyrir eineltið sem hún hefur orðið að þola í allan vetur. Ritstjórinn er eins og erfiður maki. Ómurlegur alla daga en yndislegur þegar hann tekur sig til.

Og hann heldur að það dugi. Einlægur og alsaklaus á svip býður hann okkur fulla sátt. Eins og Guðfaðirinn á göðum degi. Og á bak við hann sitja nýju mennirnir í stjórn Árvakurs og yppa öxlum. Sumum peningum fylgja engin völd.

Það er ábyrgðarhlutur að hreyfa ekki við þessu ástandi. Íslenskt samfélag getur aldrei

orðið heilbrigt á meðan „virtasti“ fjölmiðill þess er dulbúið flokks-gagn sem hegðar sér eins og armasti síkkópati, heilsar fólki með annarri hendi en stingur í bak við hinni. Sumir reyna að láta eins og Mogginn sé ekki til en það er erfitt á meðan helmingur landsmanna les hann. Aðrir leyfa honum að kyssa sig á kinnina í dag, bara til að vera sviknir á morgun. Hér er engin leið út önnur en sú augljósa.

Því annars hjókkum við bara áfram í sama farinu. Kjötflokkarnir halda völdum um alla eilífd með öllum sínum ómurlegu helm-ingaskiptum og reglulegu sinnaskiptum. Ári fyrir kosningar munu þeir alltaf koma til okkar eins og iðrandi afbrotamenn sem afneita eigin stefnu. „Stóriðjustefna, ha? Nei nei, elskan mín. Við erum löngu hættir með hana. Nú erum við fyrst og fremst flokkur þekk-ingariðnaðarins.“ Rétt eins og gamli góði Villi gerði í vor: „Blár karlaflokkur, ha? Nei, nei. Við erum bleikur jafnréttisflokkur.“

Með sama hætti gæti nýr utan-ríkisráðherra senn afneitað þátt-töku okkar í Íraksstríðinu. „Ja, þetta var nú reyndar ákvörðun þeirra Halldórs og Davíðs. Þeir eru nú báðir hættir í pólitík og því má segja að við höfum líka hætt stuðningi okkar við stríðið. Þannig að Írakssmálið er úr sögunni, að mínu mati, og á ekkert að þurfa að þvælast fyrir okkur í kosningunum.“ Sömuleiðis gæti forsætisráð-herra sagt: „Varnir Íslands? Ja, ég get ekki séð að Ísland þurfi neinar varnar. Gömlu mennirnir voru með þetta á heilanum en nú er Sjálfstæðisflokkurinn fyrst og fremst flokkur sjálfstæðis, í þessum málu sem öðrum.“ Landbún-adarráðherra getur hins vegar haldið sig við hefðbundna frasa sé hann spurður um hátt verð á land-búnaðarafurðum: „Íslenska sauð-kindin er dýr.“

Það er ekki mikið eftir á beinunum hjá kjötflokkunum. En þá segjast þeir bara vera orðnir grænmetisætur. Voða góðir og grænir.

# Mallorca

## Sumartilboð

Royal Playa de Palma

### 59.900 kr.

á mann m.v. 2 í íbúð 11. júlí.

**VISA**

Nánari upplýsingar um ferðir ásamt lýsingum á hótélum er að finna á [www.urvalutsyn.is](http://www.urvalutsyn.is)

Úrval-Útsýn, Lágmiða 4: 585 4000 - Akureyrri: 460 0600 - Vestmannaeyjum: 481 1450

# MARKAÐURINN

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA

## Sögurnar, tölurnar, fólkíð.



AUGLÝSINGASÍMI  
**550 5000**

### FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRAR: Kári Jónsson og Þorsteinn Pálsson ABSTODARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Sigríður Björg Tómasdóttir og Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Björgvin Guðmundsson RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinn Stefnadóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skafthlíð 24, 105 Reykjavík **ADALSíMI: 550 5000** Símbreyf Á FRÉTTAÐEILD: 550 5006 NETFÖNG: [ritstjorn@frettabladid.is](mailto:ritstjorn@frettabladid.is) og [auglysingar@frettabladid.is](mailto:auglysingar@frettabladid.is) VEFVANG: [visir.is](http://visir.is) UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmíðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. [dreifing@posthusid.is](mailto:dreifing@posthusid.is) Fréttablaðinu er dreift ókeypis á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871



## RÉTT SKAL VERA RÉTT

Á húsfundum í fjölbýlishúsum eru oft teknar ákvarðanir um stór mál og er mikilvægt að löglega sé staðið að fundunum.

HÚS 4

# allt fasteignir

ER ÞÍN EIGN AUGLÝST HÉR? MEST LESNA FASTEIGNABLAÐ LANDSINS

FRÉTTABLAÐIÐ

FASTEIGNASÖLUR	
Atlas	21
Árborgir	12
Ás	26-29
Dómus	11, 14-15
Draumahús	17 - 20
Eignaumboðið	16
Eignastýring	6
Fasteignamiðlun FMG	8
FFA	8
Húsavík	11
Höfði	25
Kjöreign	7
Lundur	22 -23
Lyngvík	10
Neteign	24
Nýtt	13
Remax	30
Smárin	9, 12



Húsið er hraunað og málað að utan.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## GÓÐAN DAG!

Í dag er mánudagurinn 10. júlí, 191. dagur ársins 2006.



Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
Reykjavík 3.26	13.33	23.38
Akureyri 2.34	13.18	23.58

Heimild: Almanak Háskólans



Smáauglýsingasími 550 5000

Auglýsingasími Allt 550 5880

Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is

## Stutt í skóla og góðar gönguleiðir

Fasteignasalan Kjöreign hefur nú til sölu glæsilegt einbýlishús með sérbyggðum bílskúr í Daltúni 17 í Kópavogi.

Á aðalhæð er forstofa en inn af henni er flísalagt sturtubað með glugga. Í eldhúsi eru korkflísar, góð innrétting, hvítt plast og ljós víður og borðkrókur. Á milli stofu og eldhúss eru hillur og stofurnar eru rúmgóðar með eikarparketi. Þaðan er hurð út í bjarta sólstofu með flísalögðum gólfum með hita og ofnum. Gengið er úr sólskálunum út á afgirtan sólpall. Á hæðinni er einnig herbergi með parketi, skápur í holinu og teppalagður stigi upp í rishæðina.

Á rishæð er sjónvarpsstofa með innréttingu. Hjónaherbergi er parketlagt og nýlegur góður skápur er í herberginu. Gengið er úr herberginu út á góðar innbyggðar svalir. Á hæðinni eru tvö rúmgóð herbergi með geymslum undir súðinni og pallur í báðum. Herbergið sem er við hliðina á hjónaherberginu er nýtt sem þvottahús í dag. Parket er á herbergjunum og sjónvarpsstofunni. Baðherbergið er flísalagt með góðum innréttingum og þakgluggum. Mikil lofthæð er á hæðinni og loftin eru panelklædd. Yfir stigahúsinu er þakgluggi.

Sérinnangangur er í kjallara en einnig er innangengt. Í kjallara er gangur og forstofa og geymsla með inntökum og þar er lagt fyrir þvottavél. Íbúðin í kjallaranum skiptist í rúmgóða stofu með filteppum, dúklagt eldhús með borðkrók, og opið herbergi inn af eldhúsinu. Svefnherbergið er rúmgott með filteppum og í holi er fatahengi. Rúmgott sturtubaðherbergi sem allt er flísalagt.

Húsið er hraunað og málað að utan og húsið og bílskúrin eru í góðu ástandi. Garðurinn er stór með potti og hita í stéttum. Húsið stendur innst í lokaðri götu og stutt er í útivistarsvæði, góðar gönguleiðir, skóla og ýmsa þjónustu.

Ásett verð er 59,8 milljónir.



Fasteignaverðið gæti lækkað um allt að 7%.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Fasteignaverð gæti lækkað

DREGUR ÚR EFTIRSPURN Á FASTEIGNAMARKAÐI

Að mati greiningardeildar KB banka gæti fasteignaverð lækkað um allt að 7% að raunvirði á næstu 12 mánuðum. Hærrí vextir, aukin verðbólga og skert aðgengi að lánsfé hafa undanfarið dregið úr eftirspurn á fasteignamarkaði. Á sama tíma er mikið af nýju húsnæði í byggingu.

Í skýrslu bankans segir að þensla á fasteignamarkaði hafi átt sinn þátt í uppsveiflu undanfarinna missera og því sé samdráttur á fasteignamarkaðnum eftirsóknarverður. Þetta leiðir hins vegar til óvissu á næstu mánuðum.

Bankinn reiknar með því að fasteignaverð lækki um 2-3% á næstu tólf mánuðum. Að viðbætti verðbólgu nemur raunlækkunin um 7%.

# www.nytthus.is

einbýlishús  
parhús  
sumarhús  
litaður panill í þakkanta



Nytt Hús ehf.  
Seylubraut 1  
230 Reykjanesbæ  
Sími: 414-3400



Mjög vönduð finnsk heilsárshús(sumarhús) og íbúðarhús úr hágæðafuru frá Lapplandi. Margar gerðir húsa – hagstætt verð.  
**G. Pálsson ehf.** s: 462-2272/896-0423 ghalldor@simnet.is

**Fjöldi ánægðra viðskiptavina Sjá nýuppsetta stiga á [www.byggingavorur.com](http://www.byggingavorur.com)**

**Stigar & Handrið Mex - byggingavörur**  
Sími 567 1300 og 848 3215  
[www.byggingavorur.com](http://www.byggingavorur.com)

Vantar betra aðgengi í garðinn?, stigi getur leyst málið.....



Húsasmiðjan selur brú sem sniðugt getur verið að leggja yfir tjörnina til að lifga upp á garðinn.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Gæða hús handa þér

**Bjálkahús ehf**  
Hefur skapað sér orð fyrir vönduð hús.  
Hús okkar eru byggð til að endast.  
Á fjórðahundarð hús hafa verið byggð.

einingahús-bjálkahús-sumarhús [www.husogheimili.is](http://www.husogheimili.is)  
Komdu við á skrifstofu okkar til að fá nánari upplýsingar  
HÚSOGHEIMILI - BJÁLKAHÚS EHF / Krókháls 5A, 110 R, s: 511-1818

## Gosbrunnar og gerviendur

Æ fleiri búa til tjörn í garðinn sér og sínum til yndisauka.

Finnst þér garðurinn vera litlaus og leiðinlegur? Þá gæti lítil tjörn verið lausnin. Það er nefnilega ótrúlegt hvað falleg tjörn getur gert mikið fyrir umhverfið.

Hægt er að velja um tvær gerðir tjarna. Þær má kaupa tilbúnar í mismunandi stærðum, það er að segja form, sem grafin eru niður í garðinn.

Svo er hreinlega hægt að búa



Þessi tjörn er til sýnis í Garðheimum, þar sem ýmsar góðar garðlausnir eru í boði.

FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN

sjálfur til tjörn í garðinum. Þá hefur garðeigandinn meira svigrúm til að útfæra tjörn eftir eigin smekk. Þússningasandur er settur í botninn og sérstakur tjarnadúkur, sem er þykkur, sterkur og end-ingargóður, lagður yfir. Síðan er tilvalið að þekja dúkinn með fallegum fjörusteinum en kanta má fylla með gróðri.

Í báðum tilvikum er góðum

dælubúnaði komið fyrir, en niðurfalli sleppt sé hreinsibúnaðurinn vandaður. Þá ætti ekki að vera til-tökumál að hafa fiska og gróður í tjörnunum. Að auki er hægt að kaupa alls kyns fylgihluti með tjörnum sem lifga enn frekar upp á garðinn, svo sem brýr, gosbrunna, vindmyllur og gerviendur(!).

-rve




...þarftu gler?



Smiðjuvegi 7 - 200 Kópavogi - sími 54 54 300 - [www.gler.is](http://www.gler.is)

## Girðingaefni



Nú er tækifæri að girða af lóðina, garðinn eða sumar-bústaðinn. Val á galvaniseruðu eða plasthúðuðu (grænt) girðingaefni. Hæð 2m eða 1,2m.



**ATLANTSKAUP ehf.**

Bæjarflöt 6, 112 Reykjavík

## Sýning um húsa-gerð í Árbæjarsafni

Minjasafn Reykjavíkur opnaði nýlega sýningu þar sem farið er yfir sögu húsagerðar og byggingartækni í Reykjavík á tímabilinu 1840-1940.

Á árunum upp úr 1840 fór Reykjavík að eflast sem höfuðstaður landsins og því er miðað við þetta ártal. Helstu stofnanir landsins fluttust um það leyti til Reykjavíkur, þar á meðal Alþingi og Lærði skólinn. Sýningunni í Árbæjarsafninu er skipt upp í þrjá hluta. Í fyrsta hlutanum eru tekin fyrir hlaðin steinhús þar sem sér-reykvísk húsagerð, steinbærinn, er í forgrunni. Í öðrum hlutanum er fjallað um timburhús og sér-staklega tekin fyrir svokölluð sveitserhús. Þau voru reist á þeim tíma þegar vélvæðing í timburiðnaði hafði hafið innreið sína og íslenskir smiðir höfðu náð góðu



Sýningin fjallar um húsagerð frá árunum 1840 til 1940.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

valdi á byggingu timburhúsa. Þriðji hlutinn er tími steinsteypunnar. Þar er sjónum beint að funkishúsunum og verkamannabústaðirnir við Hringbraut teknir sem dæmi. Þegar þeir voru byggðir höfðu menn náð góðu valdi á notkun steinsteypunnar og járnbindingu. Sýningin er sem áður segir í Árbæjarsafninu og mun hún standa fram eftir sumri. Nánari upplýsingar á [www.skipbygg.is](http://www.skipbygg.is).



### Útsölumarkaður

Útsölumarkaður Húsasmiðjunnar er opinn alla virka daga frá klukkun 12 til 18. Á markaðnum má finna allt milli himins og jarðar fyrir heimilið, garðinn, pallinn og sumarhúsið. Á markaðnum eru seldar vörur á vægu verði allt frá fatnaði og verkfærum til heimilisvara. Þar má einnig finna vörur á lágu verði sem eru við að hverfa úr sölu og hægt er að gera góð kaup á útlitsgölluðum vörum. Útsölumarkaður Húsasmiðjunnar er við hlið verslunar Húsasmiðjunnar í Ögurvharfi við Breiðholtsbrautina.



Þjófar sitja oft um mannlauð hús.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Ekki bjóða þjófum í bæinn

Sjöfn segir að UNIFEM á Íslandi hafi tekið til starfa árið 1989 og hafi tekið virkan þátt í starfi kvennahreyfingarinnar hér. Í ár var UNIFEM í samstarfi við Kvinnahlaup ÍSÍ þar sem markmiðið var að vekja athygli á starfi félagsins og þá sérstaklega í Afganistan.

UNIFEM fékk fimmtíu krónur af hverjum seldum bol í Kvinnahlaupinu og einnig voru seld bleik armbönd til styrktar afgönskum konum en UNIFEM hefur rekið kvennamiðstöðvar í Afganistan í nokkur ár. Sjöfn segir sölnu á armböndunum hafa gengið mjög vel og þau séu ennþá að seljast.

UNIFEM á Íslandi er einnig í samstarfi við íslensku friðargæsluna á Balkanskaga og á þeirra vegum er einn starfsmaður sem vinnur að uppbyggingu þar. Íslenska friðargæslan borgar

fyrir þann starfsmann en UNIFEM á Íslandi fær framlög bæði frá ríkinu og fyrirtækjum. „Svo náttúrulega eru félagsmenn og þar fáum við greidd félagsgjöld sem hjálpar mjög mikið. Eins og þegar Kvinnahlaupið var og fjáröflunin fyrir það, þá voru margir sjálfboðaliðar sem eru félagsmenn sem komu að því,“ segir Sjöfn.

Sjöfn lærði stjórnmálafræði við Háskóla Íslands og útskrifaðist þaðan árið 1996 og er með meistaraþráðu í alþjóðafræðum frá University of Denver. „Ég hef starfað við þróunarmál í níu ár og var meðal annars úti í Namibíu í rúm fjögur ár sem verkefnisstjóri félagslegra verkefna á vegum Þróunarsamvinnustofnunar þar.“ Sjöfn segir vistina í Namibíu hafa verið skemmtilega og ánægjulega en jafnframt hafi vinnan oft verið bæði krefjandi og erfið. Hún hlakkar til að takast á við nýja starfið enda nóg að gera og mörg verkefni framundan.

## Rainbow Warrior sökk

Þann tíunda júlí árið 1985 var skipi grænfríðunga, Rainbow Warrior, sökk þegar það var við bryggju í Auckland, Nýja-Sjálandi. Skipið var á leiðinni til Moruroa Atoll í Suður-Kýrrahafi til þess að mót-mæla kjarnorkutilraunum Frakka sem stóðu þar yfir á árunum 1966 til 1996.

Það voru tvær sprengjur sem grónduðu skipinu og af tólf manna áhöfn dó einn.

Það kom síðar í ljós að franská leyniþjónustan




RAINBOW WARRIOR SEKKUR

DGSE hafði staðið á bak við ársásina sem olli miklu hneyksli um allan heim og

varð til þess að franská varnarmálaráðherra sagði af sér.

Samtök grænfríðunga voru stofnuð árið 1971 til þess að mótmæla kjarnorkutilraunum Bandaríkjamanna í Alaska. Samtökin beita sér fyrir meðal annars verndun dýra í útrýmingarhættu og vekja athygli almennings á umhverfismállefnum. Grænfríðungar hafa meðal annars mótmælt hvalveiðum Íslendinga og komið hingað til lands.



RENNIBRAUTARGAMAN Háskólamaðurinn Tomoya Okazaki renndi sér eina salíbunu í nýju vatnsrenni-brautinni í Toshiamaen sundlaugar- garðinum í Tókýó. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fallegir legsteinar á góðu verði

Englasteinar

Helluhrauni 10 Hafnarfirði Sími: 565-2566

[www.englasteinar.is](http://www.englasteinar.is)

Fróðleikur af gardur.is

Heimspekingur og menntafrömuður:

**Guðmundur Finnbogason**

Guðmundur Finnbogason var f. 6. júní 1873 að Arnstapa í Ljósavatnsskarði, sonur Finn. bónda Finnbog. og k.h. Guðrúnar Jónsd. Vann fyrir sér 10–17 ára í Möðrudal, lærði hjá sr. Einarí á Kirkjubæ, stúd. frá Lærða skól. 1896. Magister í heimspeki frá Kh.hásk. 1901. Undirbjó fræðslulöggjöf á Ísl. 1901–5; reit bókina

Lýðmenntun. Nam heimsp. m/sálfr. sem aðalgr. 1907–10 í Khöfn, París og Berlín, dr.phil. frá Kh.hásk. 1911 fyrir rit um samúðarskilning, útg. á dönsku og frönsku. Bókavörður í Lbs. 1911–15. Próf. í hagnýtri sálfr. í HÍ 1918–24; rektor HÍ 1920–21. Landsbókavörður 1924–43. Í Menntamálaráði 1938–43, forseti Bók.m.fél. 1924–44. Frábær ræðumaður, listfengur á ísl. mál, auðgaði tunguna að orðum öllum samtíðarmönnum fremur. Fjölhæfur rithöf., oft afburðasnjall. Öflugasti málsvari skáldskapar Einar. Ben. Snjall málflytjandi fyrir gildi ísl. þjóðmenningar og glæsli. bók. Íslendingar. Önnur helztu rit: Hugur og heimur. Vit og strit, Vinnan, Frá sjónarheimi, Land og þjóð. Stjórnarbót, Mannfagnaður, Iðnsaga Ísl., Hugafr. Alþ. og mennta-málin; sagnar greina. Þýddi merk fræðirit. Ritstj. Skírnis 22 ár. Var glæsimegni, vinsæll, starffús, grandvar og heill. Lézt 17. júlí 1944. K.h. 1914 Laufey Vilhjálmsd. kennari frá Rauðará (1879–1960). Af 6 börnum lifðu Guðrún prófessors-frú, Vilhjálmur verkfr., Örn viðskfr. og Finnþogi landsbókavörður.

Meira um hann á gardur.is

Hugt er að setja inn arvidrög lífinsins íslendinga með því að hringja í síma 585 2700 eða á gardur.is.

gardur.is



# VEGGFÓÐUR.

ÁSKRIFTARSÍMI 550 5000 | WWW.VISIR.IS



TRYGGÐU ÞÉR BLAÐIÐ  
Í ÁSKRIFT MED  
**30% AFSLÆTTI**  
Á AÐEINS **489 KR.**  
EINTAKIÐ OG FÁÐU  
VEGLEGA GJÖF  
Í KAUPBÆTI



## GLÆNÝTT VEGGFÓÐUR ER KOMIÐ ÚT

- Draumahús íslenskra hjóna í Hollandi
- Fjörupikknikk Áslaugar Snorradóttur
- Rómantískt heimili Fjölfnis Elvarssonar og Rósu Svövdóttur
- Dagar Magnúsar Scheving fullir af tækifærum

## STUÐ MILLI STRÍÐA Litum okkur nær

ÞÓRGUNNUR ODDSDÓTTIR TÍMIR ALVEG AÐ EYÐA PENINGUM Í FERÐALÖG UM ÍSLAND



Ég fór í útilegu um helgina. Gerðist alvöru túristi og tók rútuna í Þórsmörk með tjaldid, svefnpokann og kæliboxið í farteskinu. Þessi stutta rútuferð og næturnar tvær í mínu eigin tjaldi kostuðu mig fúlgur fjár. Marga þúsundkalla sem ég reiddi þó fram með glöðu geði.

„Maður kæmist nú bara til Kaupmannahafnar fyrir sama pening,“ sagði félagi minn hneykslaður þegar hann heyrði upphæðina. „Já, en mig langaði

ekki til Kaupmannahafnar,“ svaraði ég. „Mig langaði í Þórsmörk.“

Það er dýrt að ferðast innanlands og margir eru fljótir að gripa til samanburðarins við útlönd. Frá Reykjavík kemst maður fyrir sama pening til Kaupmannahafnar og Akureyrar, en þýðir það endilega að maður eigi alltaf að taka Kaupmannahöfn fram yfir? Hringferð um landið með fjölskylduna kostar kannski jafn mikið og tvær vikur á sólarströnd en það er ekki þar með sagt að sólarströndin sé meira spennandi bara fyrir það eitt að vera í útlöndum. Stundum er engu líkara en Íslendingar telji sig vera að borga fyrir kílómetrafjöldann, en ekki fyrir þá upplifun

sem bíður þeirra á áfangastað, og þess vegna sé alltaf hagstæðara að fara til útlanda.

Ég er reyndar von því að eyða dágóðum upphæðum í ferðalög innanlands. Ekki það að ég ferðist svona mikið heldur vegna þess að fjölskylda mín og margir vina minna búa í öðrum landsfjórðungi. Það kostar mig að minnsta kosti tíu þúsund kall að „skreppa“ í mat til mömmu og heim aftur. Ég kæmist til Kaupmannahafnar fyrir sama pening og langleiðina til London líka. En stundum langar mann bara ekkert til Kaupmannahafnar, London eða Rómur. Stundum langar mann bara í matinn hennar mömmu sama hvað það kostar.

## myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Øverli



## Gelgjan

Eftir Jerry Scott &amp; Jim Borgman



## Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



## Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



## Barnalán

Eftir Jerry Scott &amp; Rick Kirkman



REYKJAVÍK SÍÐDEGIS  
16-18.30 ALLA VIRKA DAGA

HLUSTAR ÞÚ Á VINSÆLUSTU  
ÚTVARPSSTÖÐ LANDSINS?

Bylgjan er vinsælasta útvarpsstöð landsins skv. nýjustu fjölmiðlakönnun Gallup. Það eru sérlega ánægjuleg tíðindi á afmælisárinu sem eru okkur hvatning til frekari afreka.

**BYLGJAN**  
20 ÁRA

- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!

# Kammerhátíð á Kirkjubæjarklaustri

Kammertónleikar á Kirkjubæjarklaustri hafa öðlast fastan sess í tónlistarlífi landans, enda eiga þeir fimmtán ára sögu að baki.

Frumkvöðull hátíðarinnar, Edda Erlendsdóttir píanóleikari hefur annast listræna stjórnun hennar öll árin, en hefur nýverið látið af störfum. Arftaki hennar er hin unga mezzósópransöngkona Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir, en hún bar sigur úr bítum í hinni virtu Rodrigo söngvakeppni sem haldin var fyrir skemmstu í Madrid þar sem hún er búsett. „Fyrir um ári síðan hafði ég samband við Eddu og fór þess á leit við hana að syngja á tónleikum. Í framhaldinu hafði hún samband við mig og bauð mér að taka við starfi sínu sem listrænn stjórnandi. Það kom mér mjög á óvart en mér fannst það einkar spennandi verkefni svo ég ákvað að slá til.“

Guðrún segist hafa fengið til liðs við sig úrvalssveit tónlistarmanna, þar á meðal Víking Heiðar Ólafsson píanóleikara, Eyjólf Eyjólfsson tenórsöngvara, Stefán Jón Bernharðsson hornleikara, Sigrúnu Eðvaldsdóttur fiðluleik-

ara og Francisco Javier Jáurequi gítarleikara. Hún segist mikið hafa starfað með Víkingi Heiðari en þau eru þessa dagana að vinna að sinni fyrstu plötu saman sem kemur út hjá 12 Tónum í haust. „Þar sem ég er búsett í Madrid og hann í New York er það nokkrum vandkvæðum bundið að ná saman en engu að síður hefur samstarf okkar haldist frá árinu 2000 þegar við hófum samstarfið. Þá hef ég ennfremur sungið með Eyjólfni en það er frábært að fá hann til liðs við okkur enda hefur hann stórkostlega tenórródd. Sigrún er auðvitað fiðluleikari á heismæliskvarða og Stefán Jón vann nýverið til verðlauna í mikilvægri hornkeppni en hann mun taka þátt í tveimur af stærstu verkum hátíðarinnar.“

Guðrún segir þau öll hafa komið að efnisvali tónleikanna sem nú verða haldnir á Kirkjubæjarklaustri og hún undirstrikar að samstarfið hafi gengið afskaplega vel.

Dagskrá kammertónleikanna er einkar fjölbreytt að sögn Guðrúnar en þeir standa yfir þrjá

daga. „Allir tónlistarmennirnir koma fram á öllum tónleikum en þeir skiptast í þrjár stórar blokkir. Á einum verður horntríó eftir Ligeti sem er mjög fallegt en það er fyrir píanó, fiðlu og horn. Síðan er annað horntríó eftir Brahms, sem er stórt verk fyrir sömu samsetningu hljóðfæra. Þriðja stóra blokkin er síðan sönglagaflokkur eftir Grieg sem við Víkingur munum flytja, en verkið verður jafnframt á nýju plötunni okkar.“ Á fyrri hluta tónleikanna verður dagskráin blönduð, það er að segja þá verður annaðhvort spilaður einleikur eða samleikur og eru þetta styttri verk. Seinni hlutinn snýst aftur á móti um stór og löng verk, að sögn Guðrúnar. „Tónleikarnir hafa verið gríðarlega vel sóttir öll árin og það er uppselt löngu áður en þeir hefjast. Vinsælt hefur verið að gista í nágrenni Kirkjubæjarklausturs til að njóta þar bæði náttúru- og tónlistarfeegurðar undir lok sumarsins.“

Tónleikarnir fara fram 12.-13. ágúst.

bryndisbjarna@frettabladid.is



GUÐRÚN JÓHANNA ÓLAFSDÓTTIR MEZZÓSÓPRANSÖNGKONA OG VÍKINGUR HEIÐAR ÓLAFSSON PÍANÓLEIKARI Tónleikarnir á Kirkjubæjarklaustri eru alla jafna mjög vel sóttir og oft löngu uppselt áður en þeir hefjast.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Eco í kilju

Skáldsagan Nafn rósarinnar, eftir ítalska rithöfundinn og táknafræðinginn Umberto Eco, er nú fáanleg í kilju. Þessi spennuþrungna, óvenjulega spæjarsaga vakti heimsathygli þegar hún kom fyrst út árið 1980.

Bókin kom út í þýðingu Thors Vilhjálms-sonar hjá forlaginu Svart á hvítu árið 1984 og hefur lengi verið ófáanleg.

Munkurinn Vilhjálmur frá Baskerville rannsakar dularfull mannslát í klaustri í Appenínafjöllum en fljótt kemur í ljós að dauðsföllin tengjast bókasafni klaustursins, þar sem í meira lagi dularfullur og staurblindur bóka-vörður ræður ríkjum. Æsispennandi og óvænt flétta heldur lesandanum við efnið til bókarloka.

-khh



**MR. SKALLA GRIMSSON**  
Benedikt Erlingsson

Sýnt í Landnámssetri í Borgarnesi  
Sýningar í júlí

Föstudag	7. júlí	kl. 20	laus sæti
Laugardag	8. júlí	kl. 20	laus sæti
Sunnudag	9. júlí	kl. 20	laus sæti
Föstudag	14. júlí	kl. 20	laus sæti
Laugardag	15. júlí	kl. 20	laus sæti
Sunnudag	16. júlí	kl. 20	laus sæti
Föstudag	21. júlí	kl. 20	laus sæti
Laugardag	22. júlí	kl. 20	laus sæti
Sunnudag	23. júlí	kl. 20	laus sæti
Föstudag	28. júlí	kl. 20	laus sæti
Laugardag	29. júlí	kl. 20	laus sæti
Sunnudag	30. júlí	kl. 20	laus sæti

**LEIKHÚSTILBOÐ**  
Tvíréttadur matur, miði og fritt í göngin til baka í boði Landnámsseturs  
Frá kr. 4000 - 4800  
MIDAPANTANIR Í SÍMA 437 1600

**Starex**

2.5L dísel bsk. 140. hö  
Kr 3.590.000 eða  
**Kr. 38.876 á mánuði\*.**

- 4x4 með háu og lágu drifi
- Sæti fyrir 7 fullorðna
- ABS bremsur
- 4 Captain snúningsstólar



Með bílinn handa hér

## 7 sæti fyrir fullorðna STAREX 4x4



**HYUNDAI** hefur gæðin

B&L • Grjóthálsi 1 • 110 Reykjavík • 575 1200 • www.bl.is

Keflavík 421 4444

Selfoss 575 1460

Akranes 431 2622

Akureyri 461 2533

Egilsstaðir 471 2524

\* Bilasamningur til 84 mánaða með 30% úrborgun. Mánabæjarlegar greiðslur eru hábar vaxa- og gengisþróun.

# Gengur í hjónaband til að halda börnunum

Söngvarinn Michael Jackson áformar nú að kvænast barnfóstru sinni í Frakklandi. Barnfóstran heitir Grace Rwamba, 39 ára gömul, og hefur gætt barna hans þriggja upp á síðkastið. Ástæða þess að Jackson vill kvænast henni er sú að hann telur að það hjálpi honum að fá forráð yfir tveimur barna sinna, Prince Michael, sem er nú ára, og París, sem er átta ára. Þau eignaðist hann með Debbie Rowe en hún var einmitt líka barnfóstran hans.

Rowe undirbýr nú málsókn gegn söngvaranum umdeilda til að fá umgengnisrétt og jafnvel fullt forræði yfir börnunum. Fyrir fimm árum gaf hún frá sér

allan rétt til umgengni við börnin gegn vænni greiðslu frá Michael Jackson. Rowe sá að sér og fyrir skemmstu veitti réttur í Kaliforníu henni réttinn að nýju.

Nýlega kom fram að leynileg skjöl, sem lögð verða fram í komandi réttarhöldum, leiða í ljós að Jackson er ekki líffræðilegur faðir barnanna tveggja. Í skjölunum kemur skýrt fram að þau voru getin af nafnlausum sæðisgjafa.

Yfirvofandi réttarhöld eru ástæða þess að Michael Jackson íhugar að kvænast barnfóstru sinni. Hann er svo hræddur um að missa forræði yfir börnunum til móður þeirra að hann er til-

búinn til að leggja næstum allt í sölurnar til þess að svo verði ekki. Jackson telur að gangi hann í hjónaband líti fjölskyldu-aðstæður barnanna betur út og að það muni styrkja stöðu hans í réttarhöldunum. „Hann ætlar að gera þetta vegna barnanna. Þau eru þegar farin að líta á Grace sem móður sína og Michael vill stofna heimili með henni í Evrópu,“ sagði vinur barnfóstrunnar.

**MICHAEL JACKSON** Stendur í forræðisdeilu við Debbie Rowe sem hann kvæntist þegar hún var barnfóstra hans. Hann íhugar að kvænast núverandi barnfóstru sinni til að hafa betur gegn fyrrverandi barnfóstru sinni fyrir rétti.



# Jón Oddur og Jón Bjarni eldast vel

Í ár eru 25 ár síðan kvikmyndin Jón Oddur og Jón Bjarni, sem byggð er á bókunum Guðrúnar Helgadóttur, var frumsýnd. Kvikmyndin þykir hafa elst ágætlega, þó að ekki hafi hún verið dýr í framleiðslu. Aðstandendur myndarinnar hafa flestir farið í ólíkar áttir en eiga það þó sameiginlegt að fá reglulega athugasemdir frá fólki um myndina.

Fyrsta bókun um tvíburabræðurna Jón Odd og Jón Bjarna kom út árið 1974, framhaldsbókun sem heitir Meira af Jóni Oddi og Jóni Bjarna kom út 1975. Þriðja og síðasta bókun, Enn af Jóni Oddi og Jóni Bjarna, kom svo út árið



**PRÁINN BERTELSSON.** Leikstjóri myndarinnar segist hafa fengið margar athugasemdir síðastliðin 25 ár.

1980.

**Hefur ekki séð myndina í 25 ár**

Árið 1981 leikstýrði Práinn Bertelsson kvikmynd sem byggði á bókunum þremur. Þegar blaðamaður heyrði í Práni virtist hann ekki hafa hugsað mikið um kvikmyndina. „Já, bíddu við, er kominn aldarfjórðungur?“ segir Práinn hugsi. „Ég held að ég hafi ekki séð myndina síðan sumarið 1981 á kvikmyndahátíð á Ítalíu. Ég er nú bara ekki þannig innritaður að ég hafi gaman af því að skoða eða lesa eitthvað sem ég hef búið sjálfur til.“

Þó að langt sé síðan hann horfði á kvikmyndina segir Práinn að hann hafi fengið stöðugar athugasemdir varðandi kvikmyndina í 25 ár. „Fullorðið fólk sem sá myndina sem krakkar kemur upp að mér og þakkar mér fyrir, þó svo að það ætti frekar að þakka Guðrúnu Helgadóttur og leikurunum. Nú og svo kom 100 kílóa viðskiptaboltar ljómandi til manns og þakka manni fyrir, mér finnst það óskaplega gaman.“

**Lifandi handrit**

Práinn segist vera opin fyrir því að nota það sem gerist í hita augnabliksins og víkja þá frá handriti myndarinnar. „Það voru þó ekki mörg atriði með strákunum sem voru gerð spontant. Við vorum í tímabróng með að klára myndina af því að strákagreyin voru orðnir hundleidir á þessu. Það þurfti stöðugt að míta þeim með sælgæti og sundferðum,“ segir Práinn hlæjandi. „Það kom líka fyrir að maður þurfti að skrökva að þeim að þetta væri búið á morgun þegar þetta var svo búið eftir viku.“

Karl Ágúst Úlfsson sem lék



**WILHELM OG PÁLL** Bræðurnir voru níu ára gamlir þegar þeir léku bræðurna Jón Odd & Jón Bjarna.

sundlaugarvörðinn svo eftirminnlega segir að kvikmyndin hafi elst vel jafnvel þótt hún beri þess greinileg merki að vera framleidd í frumbersku íslenskrar kvikmyndagerðar. „Við Práinn Bertelsson náðum strax mjög vel saman og það skapaðist einhver stemning á tókustað og á endanum varð þetta dálítið spunnit, við hentum boltanum á milli okkar og þetta varð útkoman,“ segir Karl Ágúst en þetta hlutverk var númer tvö á ferlinum, skömmu áður hafði hann leikið Ingjaldsfíflid í Útlaganum. Karl Ágúst segist hafa horft á myndina með

krökkunum sínum þegar hún var sýnd í sjónvarpinu fyrir ekki svo löngu.

**Ódýr í framleiðslu**

Jón Oddur og Jón Bjarni var ekki dýr í framleiðslu miðað við það sem gerist í kvikmyndagerð nú til dags. Allar aðstæður voru mun frumstæðari en nú þekktist. „Mig minnst að hún hafi kostað um það bil 60 milljónir króna í framleiðslu á verðlagi þess tíma,“ útskýrir Práinn.

Á sínum tíma segist Práinn hafa fengið nokkra gagnrýni fyrir það metnaðarleysi að eyða tíma sínum í að búa til kvikmynd handa börnum. „Þetta var fyrsta bímyndin mín og ég ákvað að gera mynd handa börnum vegna þess að mér fannst þörfin vera mest hjá þeim. Ég hef aldrei séð eftir því síðan, en þetta varð til þess að maður var svolítið settur út í horn. Mér var sagt að ég ætti að gera kvikmyndir eins og Ingimar Bergman og fleiri, en ég hafði engan áhuga á því að fara í fötin hans, mér líður vel í mínum.“

**Aðalsöguhetjurnar búsettar á Spáni**

Tvíburabræðurnir Páll Jósefs og Vilhelm Jósefs Sævarssynir sem léku aðalsöguhetjurnar Jón Odd og Jón Bjarna hafa ekki látið mikið fyrir sér fara á Íslandi síðan myndin var sýnd. Þeir bræður, sem nú eru 34 ára gamlir,



**JÓN ODDUR OG JÓN BJARNI** Mörg eftirminnileg atriði er að finna í kvikmyndinni.

hafa mestan part ævinnar búið á suðurströnd Spánar þar sem þeir eru báðir í sambúð með spænskum konum. Páll Jósefs eignaðist sjálfur tvíbura með með eigin konu sinni Mörtu fyrir skemmstu. Vilhelm starfar á pitsustað og á hann að baki langt samband með konu sinni Ciara.

Tinna Gunnlaugsdóttir var aðstoðarleikstjóri myndarinnar og vann hún mikið með bræðrunum. „Þó að þeim hafi leiðst biðin á milli atriða þá stóðu þeir sig alveg frábærlega,“ segir hún. „Í einu atriði í myndinni sést þegar verið er að hringja heim til bræðrana, vandamálið var hins vegar að það sást aðeins of greinilega í hvaða númer verið var að hringja, en þetta var í raun númerið heima hjá okkur Agli. Það var hringt oft á dag þegar myndin var í bíó og það er ennþá að koma fyrir að einhver börn hringi í okkur og spyrji hvort að Jón Oddur og Jón Bjarni séu heima,“ segir Tinna og hlær.

valgeir@frettabladid.is



**WILHELM JÓSEFS SÆVARSSON** Vilhelm og kona hans Ciara hafa verið saman í mörg ár. Hann starfar nú á veitingastað á Costa del Sol.



**GULLMOLI** Kvikmyndin um bræðurna hefur elst mjög vel.



**STEINUNN JÓHANNESSDÓTTIR** Rithöfundurinn Steinunn Jóhannesdóttir lék móður bræðrana í kvikmyndinni.



AUGLÝSING Í FRÉTTABLAÐINU 21. JÚNÍ 2006

# ÞAÐ SEM ÞIÐ MÁTTUÐ HVORKI SJÁ NÉ HEYRA...

\*Séð og heyrt var dreift frítt með Morgunblaðinu í könnunarvikunni í maí 2006

Fróði tímaritaútgáfa birti nýverið auglýsingu þar sem útgáfan stærir sig af góðri útkomu tímaritsins Séð og Heyrt í fjölmiðlakönnun Gallup sem framkvæmd var í maí. **Það sem kemur ekki fram í auglýsingunni er að Séð og heyrt var dreift ókeypis með Morgunblaðinu, á því tímabili sem spurt var um, þó IMG Gallup tæki það skýrt fram í niðurstöðunum.** Slíkt skekkir ekki aðeins mælinguna heldur gefur afar villandi mynd af tímaritalestri Íslendinga.



**ÍSLENDINGAR KUNNA AÐ META SANNLEIKANN**

**Stítt í bió**

Frá leikstjóra Big Daddy og Happy Gilmore kemur sumarsmellurinn í ar!  
3 fullorðnir ættu að gefa unnið hrottana í hverfinu...eða hvað?

**THE BENCHWARMERS**

Sprenglögleg grínmynd með Íslandsvininum Rob Scheider úr Deuce Bigalow og John Heder úr Napoleon Dynamite!

**CLICK**

Ef þú ættir fjarstýringu sem gæti stýrt lífi þínu? Hverju myndir þú breyta? Myndir þú breyta heiminum með henni...eða gera eitthvað annað.

ADAM SANDLER, KATE BECKINSALE OG CHRISTOPHER WALKEN Í GAMANMYND ÁRSINS

**ROBIN WILLIAMS R.V.**

8 HJÓL. 1 FJÓLSKYLDA. ENGAR BREMSUR.

**DA VINCI CODE**

BYGGÐ Á VINSÆLSTU BÓK Í HEIMI!

**THE OMEN**

51.000 MANN

**FAST & THE FURIOUS: TOKYO DRIFT**

51.000 MANN

**SMÁRA BIÓ** Sími 564 0000

**REGNBOGINN** Sími 551 9000

**Borgarbió** Sími 462 3500

THE BENCHWARMERS	kl. 4, 6, 8 og 10 B.L. 10 ÁRA
CLICK	kl. 3, 5.30, 8 og 10.30 B.L. 10 ÁRA
CLICK Í LÚXUS	kl. 3, 5.30, 8 og 10.30 B.L. 10 ÁRA
JUST MY LUCK	kl. 8 og 10.20
R.V.	kl. 3.40 og 5.50
DA VINCI CODE	kl. 6 og 9 B.L. 14 ÁRA
RAUÐHETTA M/ÍSL TALI	kl. 4

**400 kr. í bió!**  
Gildir á allar sýningar í Regnboginn markaðs með raubu

Dolby SDDS THX BÍÓ.IS – allt á einum stað

LAUGARAS BÍÓ bara lúxus

Sími 553 2075

FINA LEBIEN VEIÐU VÍNNA... ER AÐ MISSA STÖRNINGNA

**FAST & THE FURIOUS: TOKYO DRIFT**

Sýnd kl. 4, 6, 8 og 10:15 B.L. 12

**CLICK**

hvað ef þú ættir fjarstýringu... sem gæti stýrt lífi þínu?

ADAM SANDLER

Sýnd kl. 4, 6, 8 og 10:15 B.L. 10

**TAKE THE LEAD**

Sýnd kl. 5.45 og 8

**STAY ALIVE**

Sýnd kl. 10.15 B.L. 16

www.laugarasbio.is Sýnd kl. 4



**SHERYL CROWE** Saknar fyrirverandi unnusta síns, Lance Armstrong, og hugsar til hans á hverjum degi.

## Saknar Lance

Söngkonan Sheryl Crowe segist sakna fyrirverandi unnusta síns, hjólréiðamannsins Lance Armstrong. Þetta kemur fram í viðtali við hana í tímaritinu Vanity Fair. Crowe og Armstrong voru trúlofuð og hættu saman fyrr á þessu ári.

Crowe segist enn þann dag í dag hugsa um hann á hverjum degi. Stuttu eftir sambandslitin greindist Crowe með krabbamein í brjósti og segist hún einskis hafa óskað sér frekar en að hann myndi koma til hennar aftur á þessum tímamarki.



**TORI SPELLING** Leikkonan er fræg fyrir leik sinn í sjónvarpsþáttunum „Beverly Hills 90210“. Hún sættist við föður sinn áður en hann dó.

## Andlátsfregn í pósti

Leikkonan Tori Spelling frétti af andláti föður síns, Arons Spelling, í gegnum tölvupóst. Spelling var stödd í Toronto þegar hún fékk fregnirnar. Stirt samband hefur verið á milli hennar og foreldra hennar í langan tíma og fékk hún áfall þegar henni barst tölvupóstur frá vini sínum sem hafði séð fréttina í sjónvarpi.

Mun hún þó hafa samið frið við föður sinn áður en hann dó og segir við bandaríska blaðið US weekly að það fyrsta sem hún hugsaði hafi verið hvers vegna mamma hennar hefði ekki hringt í hana.

# Dýrustu kjólar í heimi

Sýningar á hátískunni, eða „haute couture“ eins og hún heitir á máli tískunnar, eru alltaf mikill viðburður í tískuheiminum. Í síðustu viku voru það hönnuðir á borð við Galliano, Lacroix og Armani sem sýndu í París ófgafullar þælingar sínar fyrir haustið og veturinn 2007. Þeir leggja línurnar fyrir hönnuði hvað varðar snið og líti enda er þetta gert eitt og hálf á fram í tímann.

Sýningarnar þetta árið einlendust af ýktum sniðum sem undirstrika kvenlíkamann með mjóu mitti og ýktum mjöðmum. Jarölitir í bland við skærrauðan og gulan voru áberandi og létt efni á borð við sjiffon og tjull var mikið notað. Gaman er að fylgjast með rosalegum hárgreiðslum og svakalegri andlitsmálningu sem einkennir þessar sýningar og hattar verða greinlega ein tískubólan á næsta ári ef marka má þessa tískusnillinga.

alfrun@frettabladid.is



**DIOR** Ef marka má Galliano verða ýktar mjaðmir mikið á næsta ári. Rosalegur kjóll frá honum.



**CHRISTIAN DIOR** Kynpokkafullur svartur kjóll sem mundi sóma sér vel á rauða deglinum.



**KVENLEGT** Giorgio Armani kann sitt fag og mun enginn kvenmaður slá hendinni á móti þessum flotta kjól.



**HVÍTT FYRIR VETURINN** Hönnuðurinn Felipe Oliveira Baptista sýnir hér flottan klæðnað og má sérstaklega taka eftir hattinum sem hylur allt andlitíð.



**FLOTT FÖRÐUN** Hönnuðurinn John Galliano hannar fyrir Christian Dior og þykir hann bera af í hátískugeiranum.



**HATTAR** Hönnuðurinn Giorgio Armani lét fyrisæturnar bera litla hatta í sýningu sinni.



**KONUNGURINN** Christian Lacroix er þekktur fyrir að gera rosalega kjóla og sýndi hann það og sannaði á þessari tískuviku.



**VALENTINO** Flottur kjóll í beinhvítum og gylltum litum, gegnsær að ofan með flottum lina í mittið.

FRETTLABÍÓ/GETTYIMAGES

<p>vince vaughn jennifer aniston taktu afstöðu!</p>	<p>SAMBÍÓIN EINA LEIÐIN TIL AD VINNA ER AD MISSA STJÖRNINA</p>	<p>Keanu Reeves Sandra Bullock Hvernig heldurðu í einhverna sem þú hefur aldrei hitt?</p>		
<p><b>ÁLFABAKKA</b></p> <p>THE BREAK UP KL. 3-5:45-8-10:20          THE BREAK UP VIP KL. 4:15-8-10:20          THE FAST AND THE FURIOUS 3 KL. 3:30-5:45-8-10:20 B.I. 12          BÍLAR ísl. tal KL. 3-5:30-8          CARS enskt tal KL. 3-5:30-10:20          THE LAKE HOUSE KL. 3:30-5:45-8-10:20          SLITHER KL. 10:30 B.I. 16          SHE 'S THE MAN KL. 8</p>	<p><b>KRINGLUNNI</b></p> <p>THE BREAK UP KL. 3:45-6-8:15-10:30          THE FAST AND THE FURIOUS 3 KL. 8:15-10:30 B.I. 12          BÍLAR ísl. tal KL. 4-6:30          *CARS enskt tal KL. 3:45          *POSEIDON KL. 6 B.I. 14          *SÝNDAR Í STAFRÆNNI ÚTGÁFU. MYND OG HLJÓÐ</p>	<p><b>KEFLAVÍK</b></p> <p>THE BREAK UP KL. 8-10:10          THE CLICK KL. 8 B.I. 10          THE FAST AND THE FURIOUS 3 KL. 10:10 B.I. 12</p>	<p><b>AKUREYRI</b></p> <p>THE BREAK UP KL. 6-8-10:10          THE LAKE HOUSE KL. 8-10:10          BÍLAR ísl. tal KL. 5:40</p>	<p><b>HÁSKÓLABÍÓ S:</b> 530-1919</p>



REYKJAVÍK! Rokksveitin alræmda gefur út fyrstu plötu sína í dag. Þó sveitin spili rokk af harðari gerðinni vilja meðlimir Reykjavíki að á plötunni sé að finna tónlist fyrir alla.

# Hlutirnir gerast í Reykjavík!

Hljómsveitin Reykjavík! gefur út sína fyrstu breiðskífu í dag. Valgeir Ragnarsson heimsótti þá Kristján Frey Halldórsson og Guðmund Halldórsson í æfingahúsnæði þeirra og ræddi við þá um frumburðinn sem nefnist Glacial landscapes, religion, oppression & alcohol.

Hljómsveitin Reykjavík! var stofnuð fyrir um það bil tveimur árum en upphaflega var það meiningin hjá Bóasi söngvara og Hauki gítarleikara að stofna þjóðlagahljómsveit á kassagítara. „Svo þegar að þeir fóru að spila þá áttuðu þeir sig á því að þeir bara kunnu ekkert að spila. Svo tóndumst við hinir inn í þetta og þá bara kom þessi tónlist, það fór einhverj veginn allt úr böndunum enda mikil reiði sem býr í okkur,“ útskýrir Kristján.

**Upphröpunarmerkið í Reykjavík!**  
„Upphröpunarmerkið í nafninu er vegna þess að við erum utan af landi og í okkar huga þá er Reykjavík svona borg væntinganna, þar gerast

hlutirnir. Það mætti eiginlega segja að það sé svolítið það sem við erum að fjalla um, það er nefnilega búið að „hæpa“ Reykjavík mikið upp erlendis og við erum dálítið að kanna hvort hún standi undir væntingum og hvort það sé raunverulega eitthvað á bak við þetta „hæp“,“ útskýra þeir.  
„Nú og svo er auðvitað búið að vinna heilmikla grunnvinnu fyrir nafnið Reykjavík, það er búið að búa til bolina, póstkortin eru tilbúin og það er búið að byggja ráðhúsið. Þannig að það eru heilmiklar praktískar ástæður fyrir þessu líka,“ segir Kristján.  
Útgáfu plötunnar seinkaði um nokkra daga vegna mistaka í umbrotinu á plötuumslaginu, en mynd af Kristjáni trommuleikara rataði óvart framan á umslag plötunar og því þurftu hljómsveitar meðlimir að taka til sinna ráða.  
„Maður er náttúrulega að vestan og hefur unnið í fiski þannig að við settumst bara niður eitt kvöld, rifum plastið af og brutum umslögin rétt saman. Þetta voru nú samt ekki nema þúsund eintök, við vorum engin stund að þessu,“ segja þeir hlæjandi og sýna blaðamanni sára finger.

**Allir vilja en enginn þorir**  
Það stendur ekki á svörum þegar að þeir eru beðnir um að útskýra

tónlistina á plötunni en að þeirra mati er eitthvað á henni fyrir alla. „Platan er mjög skitsófrænsk. Það er mikill handgangur í öskjunni en við og við dettur allt í dúnalogn, en ekki lengi þó,“ segir Guðmundur glettinn.  
„Það er eitthvað fyrir alla þarna. Mamma er undir sjötugu og var að vinna í rækju á Ísafirði. Hún hlustar á lag með Reykjavík! á Rás 2 og hefur gaman af,“ segir Kristján. Að þeirra mati spilar Reykjavík! tónlist sem allir vilja spila en enginn þorir að spila. „Það er svolítið hráleiki í þessu, en samt viss fágum og mjög skipulagt kaos. Menn hafa verið að tala um að það sé næstum því óþægilegt að hlusta og horfa á okkur. En það eru bara aumingjar sem segja það,“ segja þeir.

**Langt upptökuferli**  
Upptökur á plötunni hófust í október á síðasta ári og lauk ekki fyrr en í apríl en það var Valgeir Sigurðsson sem annaðist upptökustjórn og hljóðblöndun. „Við vorum mjög ánægðir að fá að taka plötuna upp í Gróðurhúsinu hjá Valgeiri og hann var sömuleiðis mjög spenntur fyrir þessu verkefni. Þetta var langt upptökuferli enda komumst við inn svona annað slagði á meðan hann var í hléi frá öðrum verkefnum.“

Hann var að vinna á sama tíma með Morten Harket, Will Oldham og Björk, hún gerir náttúrulega ekkert nema að hafa Valgeir með sér.“  
Platan sem kemur út í dag heitir Glacial landscapes, religion, oppression & alcohol og segja þeir að nafnið á plötunni gefi til kynna hvað það sé sem hafi áhrif á tónsmíðar þeirra. „Þetta er að okkar mati svolítið það sem að vera Íslendingur gengur út á.“

**Tónleikar framundan**  
En skyldi vera einhver útrás í kortunum hjá hljómsveitinni? „Já, já. 12 Tónar gefa plötuna út og þess vegna verður hún líka gefin út á Norðurlöndunum og við stefnum ótrauðir að því að fara í Skandinavíutúr með haustinu. En fyrst eru nokkrir tónleikar hérna heima. Við erum að spila í Grapevine-útgáfu-partíi í tilefni af bókinni þeirra Grapevine-manna. Í ágúst ætlum við að halda marga tónleika og fara hringinn í kringum landið. Svo stefnum við á að spila á Gay Pride-hátíðinni, við erum með lag sem heitir „All those beautiful boys“ og erum að vona það verði baráttulag samkynhneigðra,“ segja þeir. „Við erum líka að spila á Airwaves í haust og erum auðvitað eitt af aðal-númerunum þar.“ valgeir@frettabladid.is



AVRIL /Ætlar að gifta sig á heimili sínu. FRETATABLADI/GETTYIMAGES

## Avril giftir sig heima

Avril Lavigne ætlar að gifta sig í kyrrþey á næstu dögum. Söngkonan unga hafði áformað að ganga upp að altarinu með Deryck Whibley úr hljómsveitinni Sum 41 í ágúst en hefur flýtt áformunum til að losna undan ágangi fjölmíðla. Vinir og fjölskylda hinnar 21 árs kanadíska söngkonu þyrpast nú að heimili hennar í Kaliforníu þar sem athöfnin verður innan tíðar.



BILLY JOEL Kann ekki við að vera gerður að andliti AA-samtakanna.

## Ekki mikill AA-maður

Tónlistarmaðurinn Billy Joel vill alls ekki vera hampað sem andliti eða talsmanni AA-samtakanna, enda segist hann þekkja það betur að vera drukkinn en edrú. Joel fór í meðferð í fyrra en er þó handviss um að hann hafi haft stjórn á drykkjunni fram að því. „Ég sá að þetta var að verða vandamál og tók á málunum. Þetta er bara mitt einkamál, rétt eins og þegar maður lætur hreinsa í sér tennurnar. Þess vegna skil ég ekki af hverju ég er útmálaður sem andlit AA-samtakanna. Ég veit voða lítið um edrú-mennsku, en ég þekki drykkju vel.“

## Eignaðist son

Leikarinn Russell Crowe eignaðist son á dögnum með eiginkonu sinni Danielle Spencer. Þetta er annað barn þeirra hjóna en fyrir eiga þau soninn Charlie. Sonurinn var skírður Tennyson Spencer Crowe eftir ljóðskáldinu Alfred Lord Tennyson. Crowe er þekktur fyrir að vera mikill ólátabelgur og hefur í ófá skipti lent í slagsmálum við ljósmyndara. En hann sagði BBC að föðurhlutverkið hefði breytt hugsun hans um lífið og tilveruna og nú væri forgangsröðin önnur.



RUSSELL CROWE Eignaðist son á dögnum með eiginkonu sinni Danielle Spencer.

## Atmosphere á Gauknum

Ein vinsælasta neðanjarðar rapphljómsveit í heiminum í dag, Atmosphere, er væntanleg hingað til lands og ætlar að halda tónleika á Gauknum miðvikudaginn 12. júlí. Plötusnúðurinn Brother Ali mun sjá um að hita upp fyrir hljómsveitina ásamt Íslendingunum Dóra DNA, Bent og DJ Danna Deluxe.

Hljómsveitina Atmosphere skipa félagarnir Slug og Ant og eiga þeir að baki sex plötur og nú

síðast kom út platan „You Can't Imagine How Much Fun We're Having“ og þykja þeir fara nýjar leiðir á henni og vera undir meiri rokkáhrifum.  
Sveitin kom hingað til lands árið 2003 og hélt tónleika á Gauknum. Þá var fullt hús og því má búst við öðru eins á miðvikudaginn. Húsið opnar kl. 20.30 og kostar 2.000 krónur inn. Engin forsala er á miðum á tónleikana og aldurstakmark er 18 ár.





### Birgir Leifur stóð sig vel

Atvinnukyflingurinn Birgir Leifur Hafþórsson hafnaði í 14.-17. sæti á áskorendamóti sem fram fór í Skotlandi um helgina. Birgir Leifur lék síðasta keppnisdaginn í gær á sléttu pari og hringina fjóra á alls þremur höggum undir pari. Sigurvegarinn á mótinu, Sam Walker, lék á 18 höggum undir pari og hafði mikla yfirburði.

**sport**  
sport@frettabladid.is

### UWE RÖSLER: ÞJÁLFARI LILLESTRÖM VAR HUNDÓÁNÆGÐUR MEÐ SÍNA MENN

## Bjóst við meiru af Keflvíkingum

Þýski þjálfari Lilleström, Uwe Rösler, var allt annað en sáttur við sína menn eftir leikinn gegn Keflavík í gær. „Okkur ætla ekki að takast að halda markinu hreinu,“ sagði hann við Fréttablaðið eftir leik. „En við spiluðum ágætlega í fyrri hálfleik og náðum að skora þessi tvö mörk sem gerðu endanlega út um vonir Keflvíkinga. En í seinni hálfleik þá spiluðum við óskiljanlega illa og þá sérstaklega í vörninni. Þar með gáfum við Keflvíkingum þann möguleika að skora tvö mörk. En ég er mjög óánægður með þessa fjóra leikmenn sem spiluðu í vörn liðsins í dag.“

Rösler var á sínum tíma leikmaður Dynamo Dresden, Nürnberg og Kaiserslautern í þýsku úrvalsdeildinni áður en hann kom til Noregs til að spila

með Lilleström. Það gerði hann þar til fyrir fáeinum árum þegar hann greindist með krabbamein og átti ekki afturkvæmt í knattspyrnu sem leikmaður. En hann sneri aftur í fyrra og tók þá við þjálfun liðsins. Því hefur gengið vel nú í ár og situr í 2. sæti norsku úrvalsdeildarinnar en á í vandræðum, rétt eins og gegn Keflvíkingum, með að halda markinu hreinu.

„Keflvíkingar spiluðu mjög vel í síðari hálfleik og nýttu sér algjör áhugamannamistök í varnarleik

okkar til að skora þessi tvö mörk. En fyrirfram bjóst ég við erfiðari leik og meiri mótspyrnu frá Keflvíkingum. Sérstaklega í fyrri hálfleik bjóst ég við að þeir myndu þrýsta meira á okkur.“

Lilleström mætir í næstu umferð Intertoto-keppninnar enska úrvalsdeildarliðinu Newcastle en Rösler vildi sem minnst tjá sig um þann leik. „Næsti leikur er gegn Odd Grenland og að honum einbeiti- um við okkur nú.“



### > Silkeborg vill Hólmar

Danska úrvalsdeildarliðið Silkeborg hefur óskað eftir því að fá Keflvíkinginn Hólmar Örn Rúnarsson til reynslu hjá félaginu. Það vill fá Hólmar nú strax í júlí en það gæti reynst erfið þar sem leikjaáætlun Keflavíkur er ströng. „Þjálfarinn kom hingað til lands fyrir stuttu og vill kíkja betur á mig. Ég er spenntur fyrir þessu en það er undir Keflavík komið hvort þeir vilja leyfa mér að fara. En ef ekki nú, þá kannski í haust,“ sagði Hólmar.



## Blikar jöfnuðu á síðustu stundu

Petr Podzemsky var hetja Blika gegn Val í gær þegar hann skoraði jöfnunarmark liðsins með síðustu spyrnu leiksins. Lokatölur urðu 1-1 og var nýr þjálfari Blika sáttur með eitt stig í sínum fyrsta leik.

**FÓTBOLTI** Það voru slæm mistök Kjartans Sturlusonar í marki Vals sem leiddu til þess að Blikar fengu hornspyrnuna sem þeir skorðuðu upp úr á síðustu sekúndu leiksins. Misheppnuð fyrirgjöf Blika fór beint á Kjartan sem huggðist taka boltann niður með fótunum og tefja. Árangurinn varð þó ekki betri en svo að hann missti boltann undir sig og aftur fyrir endamörk. Blikar settu alla sína menn í teiginn og svo fór að Podzemsky náði til knattarins á markteig og gat ekki annað en skorað.

Ólafur Kristjánsson, sem stjórnaði Breiðablik í fyrsta sinn, taldi að réttlætinu hefði verið fullnægt með marki Podzemsky. „Mér fannst vinnuframlag okkar vera þannig að við áttum skilið að fá eitthvað út úr þessum leik. Spilamennskan var ekki alltaf glansandi en við börðumst allan tímann og áttum ekki skilið að tapa,“ sagði Ólafur sem náði að stjórna Blikum á tveimur æfingum fyrir leikinn í gær. „Mér fannst ég að mörgu leyti ná að koma mínum áhersluatriðum til skila. Ég var fenginn hingað til að hala inn stigum og við fáum eitt í fyrsta leik svo að ég er sáttur,“ bætti Ólafur við.

„Ánægður, mjög ánægður,“ var það eina sem tékkneski miðjumaðurinn gat sagt með sínum mjög svo takmarkaða enska orðaforða eftir leikinn, en hann hafði varla undan við að taka á móti fagnaðarörpum stuðningsmanna og faðm-



**DUGÐI EKKI TIL** Nenad Zivanovic sést hér sækja að Pálma Rafni Pálmasyri, markaskorara Vals í gær. Mark Pálma dugði skammt því einbeitingarleysi á lokasekúndunum varð til þess að Blikar jöfnuðu. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

lögum samherja sinna er hann gekk til búningsklefa. Kjartan vissi hins vegar upp á sig sökina, hann hljóp rakleiðis af leikvelli um leið og flautað hafði verið til leiksloka, augljóslega svektur út í sjálfan sig.

„Mér fannst við ekki skilið að tapa þessum leik,“ sagði Willum Þór Þórsson, þjálfari Vals, eftir leikinn. „Þetta var mjög sárt. Kjartan Sturluson átti frábæran

leik en gerir þarna mistök sem gefa þeim horn. En þetta var bara horn, það á að vera hægt að verjast hornum,“ sagði Willum.

Valsmenn voru ívið sterkari aðillinn í leiknum í gær og fengu hættulegri færi þegar á heildina er lítið, þó svo að ekki hafi þau verið íkja mörg. Leikurinn fór nokkuð fjörlega af stað en eftir því sem leið á fyrri hálfleikinn datt leikurinn niður og náði ekki

flugi á ný fyrr en Hjørvar Hafliðason í marki Blika varði vítaspyrnu Garðars Gunnlaugssonar á 70. mínútu. Hjørvar varði í horn og það var upp úr því sem Valsmenn náðu forystunni með marki Pálma Rafns Pálmasonar þegar hann fylgdi eftir skoti Ara Freys Skúla-sonar sem Hjørvar hafði varið út í miðjan vítateig.

Blikar settu aukinn kraft í sóknina í kjölfarið, en hún hún hafði ekki verið upp á marga fiska fram að því. Þeir voru reyndar heppnir að lenda ekki 2-0 undir á 79. mínútu þegar Garðar skaut í stöng en pressan bar tilætlaðan árangur á allra síðustu stundu þegar Podzemsky kórónaði fínan leik sinn. Óflugar miðjumaður þar á ferð sem kann sitt hlutverk og skilar bolta vel frá sér. Annars voru greinileg batamerki á varnarleik Blika en sem fyrr var Marel Baldvinsson heldur einmana uppi á toppi.

Eins og svo oft áður í sumar vantaði einhvern neista í sóknarleik Vals og er líðið einfaldlega ekki að skapa sér nægilega mörg færi þrátt fyrir að stjórna miðju-spilinu. Það verður þó að viðurkennast að líðið var einstaklega óheppið af missa af stigunum þremur í gær. Þau hefðu fleytt liðinu upp í 2. sæti deildarinnar en í staðinn fara Valsmenn aðeins upp í það fjórða með 13 stig eftir 10 leiki. Blikar eru sem fyrr í næst-neðsta sæti með 11 stig.

Keflavík er úr leik í Intertoto-keppninni eftir hetjulega baráttu:

## Klaufamistök Keflvíkinga voru dýrkeypt

**FÓTBOLTI** Það var ef til vill heldur vonlaust verkefni sem beið liði Keflavíkur á heimavelli í gær en liðið tók á móti Lilleström frá Noregi í Intertoto-keppninni. Fyrri leiknum lauk með 4-1 tapi Keflavíkur á útivelli en sigurvegarans beið enska úrvalsdeildarliðið Newcastle.

Og það var engu síður en að algjörlega andlausir Keflvíkingar mættu til leiks í gær sem leyfðu þeim norsku að yfirkeyra sig frá á til ö. Ef til vill kemur þar í ljós munurinn á liði úr atvinnumanna- og áhugamannadeild þó svo að margir vilja meina að atvinnumennskan sé að fæðast hér á landi.

Litlu mátti muna að Lilleström kæmist yfir á 7. mínútu en því var bjargað í horn á síðustu stundu. En aðeins þremur mínútum síðar gerðu Keflvíkingar sig seka um afar slæm mistök á miðjum vallarhelmingi sínum og misstu sendingu inn fyrir eigin vörn. Þar var mættur Magnus Myklebust sem skoraði örugglega.

Á 19. mínútu kom svo sending frá vinstri kanti sem skoppaði í gegnum vörn Keflavíkur og beint fyrir fætur Robert Koren sem neglir knettinum í efra markhornið fjær.

Eftir um hálf tímaleik voru Keflvíkingar stálheppnir að lenda ekki 3-0 undir þegar að Ómar markvörður neyddist til að verja glæsilega frá Arild Sundgot sem átti lúmskt skot á marki. Ómar varði í



**ÞÓRARINN SKORAR** Þórarinn Brynjar Kristjánsson skorar fyrsta mark Keflavíkur í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VÍKURFRÉTTIR

slána og Keflvíkingar önduðu léttar. Það var svo á 39. mínútu sem Keflvíkingar áttu sitt fyrsta skot í leiknum. Við það kviknaði neisti í Keflavíkurliðinu sem blés miklu lífi í liðið í seinni hálfleik.

Heimamenn áttu síðari hálfleikinn nánast skuldlausan. Þórarinn Kristjánsson kom inn á í hálfleik og fór sem þriðji maður í sóknina. Sú breyting borgaði sig fljótlega er Þórarinn setti laglega fyrirgjöf Stefáns Arnar Arnarssonar í markið á 58. mínútu. Níu mínútum síðar bætti Hólmar Örn Rúnarsson um betur með skoti utan teigs sem hafði við-

komu í varnarmanni og blekkti þar með markvörðinn.

Síðasta hálf tímann fengu Keflvíkingar mýmörg færi til að skora sigurmarkið en það átti einfaldlega ekki að detta fyrir þá. Baráttan var hetjuleg, miðað við að þeir þurftu að skora sex mörk í síðari hálfleik til að vinna upp muninn úr fyrri leiknum.

„Það hefði verið gaman að vinna þá þó svo að við hefðum ekki náð að vinna upp muninn,“ sagði Hólmar eftir leik. „Við hefðum vel getað sett 4-5 mörk í seinni hálfleik.“

- esá



Laugardalsvöllur, áhorf.: 424 Kristinn Jakobsson (8)

1-0 Garðar Gunnlaugsson (71.)  
1-1 Petr Podzemsky (94.)

### TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	15-14 (8-4)
Varin skot	Kjartan 3 – Hjørvar 7
Horn	6-4
Aukaspyrnur fengnar	15-13
Rangstöður	1-2

VALUR 4-4-2	BREIÐAB. 4-5-1
Kjartan Sturluson 6	Hjørvar 7
Birkir Már 7	Arni Kristinn 6
Atli Sveinn 7	Srdjan Gasic 7
Barry Smith 7	Kári Ársællson 6
Steinþór Gíslason 7	Stig Haaland 4
Baldur Ingimar 7	Steinþór Freyr 4
Pálmi Rafn 5	(59. Gunnar Örn 6)
Kristinn Hafliðas. 4	*Petr Podzemsky 7
Matthías Guð. 4	Olgeir Sigurgeirss. 4
(60. Ari Freyr 6)	(80. Ragnar Heimir -)
Guðmundur Ben. 5	Nenad Zivanovic 4
(80. Örn Kató -)	Viktor Unnar 6
Garðar Gunnlaugss. 5	(69. Magnús Páll 6)
(86. J. Spansberg -)	Marel 6

### STAÐAN Í LANDBANKAEIÐINNI:

1. FH	10	8	2	0	19-5	26
2. VÍKINGUR	9	4	2	3	13-8	14
3. GRINDAVÍK	10	3	4	3	15-12	13
4. VALUR	10	3	4	3	13-12	13
5. FYLKIR	9	4	1	4	12-12	13
6. KR	10	4	1	5	8-19	13
7. KEFLAVÍK	9	3	2	4	14-9	11
8. ÍBV	9	3	2	4	9-14	11
9. BREIÐABLIK	10	3	2	5	17-23	10
10. ÍA	10	3	0	7	12-18	9





**CRISTIANO RONALDO** Heilsar hér upp á Jürgen Klinsmann eftir leik Þýskalands og Portúgal. NORDIC PHOTOS/AFP

## Cristiano Ronaldo: Vill fara frá Manchester

**FÓTBOLTI** Portúgalski knattspyrnumaðurinn Cristiano Ronaldo sagði eftir leik Þýskalands og Portúgal í fyrradag að hann hefði hug á að yfirgefa enska úrvalsdeildarfélagið Manchester United sem hann er skuldbundinn í fjögur ár í viðbót. „Ég held að ég ætti að koma mér frá Manchester þar sem aðstæður henta því ekki að ég haldi áfram að spila þar,“ sagði Ronaldo sem hefur verið mikið í sviðsljósinu síðan að Wayne Rooney var rekinn af velli í leik Englands og Portúgals á HM. Ronaldo var sakaður um að eiga þar hlut í máli.

„Enginn hefur staðið mér við hlið þó svo að ég vildi engum vinna mein. Ég mun ákveða hvert ég fer eftir einn eða tvo daga,“ sagði Ronaldo. Langlíklegast þykir að hann fari til Real Madrid og sagði Fabio Capello nýráðinn þjálfari félagsins að sér lítis vel á það.

- esá



**FABIO CAPELLO** Var ráðinn til Real Madrid til næstu þriggja ára. NORDIC PHOTOS/AFP

Fabio Capello:

## Juventus stóð í vegi fyrir mér

**FÓTBOLTI** Fabio Capello, nýráðinn þjálfari spænska stórveldisins Real Madrid, hefur greint frá því að Juventus hafi neitað enska knattspyrnusambandinu þeirri bön að fá að ræða við Capello um landsliðsþjálfarastöðuna. „Á þeim tíma sagði Juventus að ég væri þjálfarinn þeirra og þeir sögðu nei,“ sagði Capello en sambandið var í vetur að leita að eftirmanni Sven-Göran Eriksson sem hætti nú að lokinni HM í Þýskalandi.

„Ef ég hefði verið laus alla mála hefði ég íhugað þetta vel,“ sagði Capello og bætti því við að sér hefði einnig verið boðin þjálfarastæðan áður en Eriksson var ráðinn árið 2000. Þá var hann einnig sammingsbundinn öðru liði.

- esá

Stoke City:

## Bangoura lætur ekki sjá sig

**FÓTBOLTI** Enska 1. deildarfélagið Stoke City, sem áður var í eigu íslenskra fjárfesta, er í miklum vandræðum þessa dagana þar sem þeirra besti og dýrasti leikmaður, Sammy Bangoura, er ekki enn mættur til æfinga á undirbúnings-tímabilinu sem hófst formlega um miðja síðustu viku. Það sem verra er þá hafa forráðamenn Stoke ekki hugmynd um hvar Bangoura er niðurkominn.

„Þetta er fátíðlegt. Við erum byrjaðir að æfa á fullu og ég veit ekki hvar stjórnuframherjinn minn er. Þetta er ósanngjarnt gagnvart öllum,“ segir stjórinn Tony Pulis. „Enginn veit hvar hann er. Ég hringdi í hann en það er slökkt á símanum hans,“ segir Mamady Sidebe, leikmaður Stoke. Bangoura hefur áður verið til vandræða hjá félögum sínum og nokkrum sinnum snúið of seint til æfinga eftir landsliðsferðalög.

- vig

Svisslendingurinn Roger Federer er langbesti tennisspilari heims:

## Rafael Nadal átti ekki möguleika

**TENNIS** Roger Federer frá Sviss undirstrikaði yfirburði sína í tennissíðunni í gær þegar hann sigraði á opna Wimbledon-mótinu, stærsta móti hvers árs, í fjórða skiptið í röð. Federer sigraði Rafael Nadal frá Spáni í fjórum sett-



**FÉLAGAR** Federer og Nadal takast í hendur eftir leikinn í gær. NORDICPHOTOS/AFP

um, 6-0, 7-6, 6-7 og 6-3.

Federer, sem er langestur á heimslistanum í tennis, hafði tapað fyrir Nadal í síðustu fjórum viðureignum kappanna, fagnaði vel og innilega í leikslok og kvaðst hafa náð lengra en hann átti sjálfur von á. „Þetta er yndislegt, stórkostleg tilfinning,“ sagði Svisslendingurinn. „Ég hafði efasemdir um sjálfan mig í upphafi móts, sjálfstraustið var ekki upp á sitt besta og ég var spenntur. En ég náði að komast yfir það og að standa uppi sem sigurvegari er ótrúlegt.“

Federer er sjöundi tennisspilari sem nær að vinna Wimbledon-mótið fjögur ár í röð og kom

sér þannig í hóp með ekki minni mönnum en Björn Borg og Pete Sampras. „Það eru hetjur og góðsagnir í þessari íþrótt eins og öðrum og ég er sannarlega ekki ein af þeim. Ég er bara 24 ára og mun mæta aftur til leiks á næsta ári og reyna að vinna þann fimmta,“ sagði Federer hógværf eftir viðureignina.

Árangur Federer síðustu misseri er með ólíkindum en hann hefur nú unnið 48 viðureignir í röð á grasi, en þess má geta að allir fjórir tapleikirnir gegn Nadal hafa komið á leirvelli, þar sem Spánverjinn er í algjörum sérflokk.

„Federer átti skilið að vinna, hann lék ótrúlega,“ sagði Nadal



**LANGBESTUR** Federer fagnaði gríðarlega eftir að sigurinn á Nadal var í höfn í gær. NORDICPHOTOS/AFP

eftir úrslitaviðureignina í gær. „Ég er í stöðugri framför á grasinu og finnst ég vera að saxa á yfirburði Federer. Vonandi næg ég aftur svona langt á næsta ári,“ bætti hann við.

- vig

# Myndaðu þínar stundir með Canon



**Frábært tilboð á Canon Ixus Wireless**  
Sendir þráðlaust myndir í tölvuna eða prentara

- Innbyggð þráðlaus tenging gerir kleift að senda myndirnar í tölvuna um leið og smellt er af.
- 5.0 megapíxlur.
- 3x „optical“ aðdráttarlinsa veitir mikinn skýrleika í líftilli og nettri vél.
- 2.0" LCD skjár.
- 14 tókustillingar.
- Hágæða kvikmyndaupptaka með hljóði.

**Sumartilboð 39.900 kr.**  
Listaverð 49.900 kr.

**Canon Ixus 800 IS stafræn myndavél**  
Ný og glæsileg í Ixus línunni – Framúrskarandi tækni



- 6.0 megapíxlur.
- 4x „optical zoom“ linsa m/ Image Stabilizer tækni
- ISO 800 og High ISO Auto tækni Canon aðstoða við myndatöku í erfiðum birtuskilyrðum.
- 2.5" LCD skjár og glæsilega hönnuð myndavél.
- 16 tókustillingar – Einnig 16:9 breiðjaldsmyndataka.
- Kvikmyndaupptaka með hljóði.

Listaverð 59.900 kr.

**Canon iP5200R bleksprautu-prentari**  
Afkastamikill þráðlaus prentari



- Þráðlaus prentun iP5200R gerir öllum á heimilinu kleift að nota einn prentara án þess að snúur flækist fyrir.
- 9600x2400 dpi prentunupplausn tryggir skýrar myndir í ljósmyndagæðum.
- ChromaLife100 kerfið frá Canon lengir líftíma útprentaðra mynda.
- Prentar allt að 30 A4 bls. á mín. í svarthvítu og 24 A4 bls. á mín. í texta og graffik.
- Prentar 10x15 cm myndir í lit á aðeins 36 sek. í gæðum sem jafnast á við framkollunarþjónustuna.
- Hægt að prenta á DVD/CD.
- Single Ink kerfið tryggir lægri rekstrarkostnað þar sem blekeyðsla er í lágmarki.
- Prentari sem hentar fyrir öll heimili sem og á skrifborðið í vinnunni.

**Sumartilboð 21.900 kr.**  
Listaverð 29.900 kr.

**PowerShot A430 myndavél + CP510 ljósmyndaprentari á aðeins 29.900 kr.**

**PowerShot A430**

Einföld og þægileg fyrir alla fjölskylduna

- 4.0 megapíxlur og 4x aðdráttur.
- 15 tókustillingar
- Kvikmyndaupptaka með hljóði.

**CP510 ljósmyndaprentari**

- Prentar beint af myndavélinni – þarf ekki tölvu.
- Nettur og auðveldur í notkun.
- Margar prentútfærslur og stærðir.



**Þú sparar 7.900 kr.**

**Canon EOS 350D SLR myndavél m/18–55 mm og 55–200 mm linsum**

Skiptu yfir í framtíðina og efldu sköpunargleðina

- CMOS tækni Canon færir þér framúrskarandi ljósmyndagæði og 8.0 megapíxla upplausn.
- Öflug DIGIC II tækni sem er fengin úr „pro-línu“ Canon tryggir hraða við myndatöku.
- Sjö sjálfvirkir fókuspunktar ná hraðvirkum og nákvæmum fókusi.
- „Pop-up flash“
- Um 60 EF linsur frá Canon auk Canon EF-S linsa passa á vélinu.
- Aðskilin JPEG/RAW mynda vistun. Hægt að velja JPEG myndir fyrir beina útprentun eða eftirvinnslu.

**Sumartilboð 119.900 kr.**  
Listaverð 139.900 kr.



**Canon MV900 myndbandsupptökuvél**

16:9 háupplausna vél með öflugum 25x „optical zoom“

- 16:9 upptaka með 2.7" LCD breiðjaldsskjá.
- Öflug 25x „optical zoom“ linsa með Electronic Image Stabilization sem kemur í veg fyrir ranga lýsingu og óskýran fókus.
- Með Canon DIGIC DV eru litir teknir upp á miniDV; raunverulegir, skýrir og liflegir.
- Einfalt notendaviðmót og stjórnbörð gerir öllum auðvelt að byrja að taka upp heimavídeó – aðeins sex takkar til að læra á.

**Verð 39.900 kr.**



þú þekkir  
**Canon**

Söluaðilar um land allt  
[www.nyherji.is/canon](http://www.nyherji.is/canon)

## RAUÐA SPJALDIÐ

Zinedine Zidane, fyrirlíði Frakka, fór heldur betur illa að ráði sínu í síðari hálfleik framlengingar í úrslitaleiknum á HM. Zidane var rekinn af velli á 110. mínútu fyrir að skalla Marco Materazzi, varnarmann Ítala. Þar með lauk Zinedine Zidane knattspyrnuferli sínum á fremur ósmekklegan hátt.



NÚMÉR 1 » Zinedine Zidane skallar Marco Materazzi í bringuna. NORDIC PHOTOS/AFP



NÚMÉR 2 » Eftir nokkurt þref og mikla óvissu ráðfærir dómari leiksins sig við aðstoðardómara sinn og rekur Zidane af velli. Er það í fjórða sinn sem leikmaður er rekinn af velli í úrslitaleiknum.



NÚMÉR 3 » Zidane yfirgefur knattspyrnu-vellinn í síðasta sinn á ferlinum.

# Ítalir heimsmeistarar í fjórða sinn

Ítalir urðu í gær heimsmeistarar í knattspyrnu í fjórða sinn í sögunni þegar þeir lögðu Frakka að velli eftir vítaspyrnukeppni. Zinedine Zidane breyttist úr hetju í skúrkt þegar stundarbrjálæði varð til þess að hann var rekinn af leikvelli í framlengingu. David Trezeguet var eini leikmaðurinn sem brenndi af sinni spyrnu.

**FÓTBOLTI** Í skugga skandalsins sem skekur Ítalíu náði Marcello Lippi, þjálfari ítalska landsliðsins, að gera hið ómögulega. Hann sneri mótlætinu sem ítölsk knattspyrna þarf að búa við í heimalandinu upp í meðbyr sem skilaði liði hans sjálfum heimsmeistarattitlinum, æðstu tign sem nokkur knattspyrnumaður getur hlotið. Þar með lauk ævintýrinu sem hófst 18. ágúst 2004 í fyrsta leik Ítala undir stjórn Lippis, gegn Íslendingum á Laugardalsvellingum. Það var þá sem Lippi hóf vinnuna við það að gera ítalska landsliðið að því besta í heimi.

Á sama tíma lauk ferli hins stórkostlega Zinedines Zidane á versta mögulega máta. Það síðasta sem hann gerði á fótbolta- velli var að láta reka sig út af fyrir ofbeldi af verstu gerð. Maðurinn sem hefur glatt augu knattspyrnuáhugamanna með snilli sinni sl. áratug lét veiða sig út í ógöngurnar og setti þar með sót- svartan blett á annars stórkost- legan feril. Hvílk synd.

Kaldhæðni orlaganna réði því að það var David Trezeguet sem varð skúrktur vítaspyrnukepp- ninnar. Sóknarmaðurinn sem tryggði Frökkum Evrópumeistar- atitilinn fyrir sex árum með gull- marki var sá eini sem brenndi af sinni spyrnu en allir ítölsku leik- mennirnir voru öryggið uppmál- að og það var að lokum Fabio Grosso sem tryggði þjóð sinni sigurinn með því að skora úr fimmtu og síðustu spyrnu Ítala. Þannig batt hann formlega enda á hina stórkostlegu keppni sem staðið hefur yfir í Þýskalandi síð- asta mánuðinn.

### Skin og skúrkt

Leikurinn fékk sannkallaða óska- byrjun því strax á 7. mínútu dæmði Horacio Elizondo, argent- inskur dómari leiksins, vítas- pyrnu þegar Marco Materazzi braut klaufalega á Florent Malouda innan teigs. Dómarinn þótti nokkuð vafasamur og í end- ursýningu sást að mjög lítil snert- ing átti sér stað.

Gríðarlega einbeittur og að því er virtist algjörlega taugalaus steig þáverandi konungurinn Zid- ane, fyrirlíði og andlegur leiðtogi Frakka, á vítapunktinn og gerði hann engin mistök. Zidane vipp- aði boltanum á mitt markið, vit- andi það að Gianluigi Buffon í markinu myndi að öllum líkind- um henda sér í annað hvort



ÞJÓÐHETJA Marcello Lippi var borinn í gullstól af leikmönnum sínum eftir leikinn í gær. Ævintýri hans hófst á Laugardalsvellingum um miðjan ágúst fyrir tveimur árum þegar hann stjórnaði Ítölum í fyrsta sinn gegn Íslendingum á Laugardalsvellingum. Þá þurfti hann að þola niðurlægjandi 2-0 tap en í dag, 25 leikjum síðar, er liðsmenn hans heimsmeistarar.

NORDICPHOTOS/AFP

hornið, og af slánni fór boltinn inn fyrir marklínuna. Ótrúlegt mark og hefði líklega enginn annar leikmaður þorað að taka annað eins víti í úrslitaleik HM. Þetta var hans 31. landsliðsmark í 108 landsleikjum og vel við hæfi að hans skyldi vera minnst fyrir þetta víti. Annað átti eftir að koma á daginn.

Ítalir voru ekki lengi að jafna metin því á 19. mínútu fengu þeir hornspyrnu. Andrea Pirlo spynti fyrir markið þar sem áður nefnd- ur Materazzi stökk hæst allra og stangaði boltann í netið. Stór- glæsilegt mark og vel við hæfi að Materazzi skyldi skora og bæta þannig upp fyrir vítaspyrnuna sem hann gaf Frökkum. Tíu mín- útum fyrir hálfleik mátti litlu muna að leikurinn endurtæki sig þegar Luca Toni skallaði í slá eftir hornspyrnu Pirlo en Frakkar slupu með skrekinn.

Líðin spil- uðu eins og við

mátti búast í fyrri hálfleik. Bæði fóru þau varlega í öllum sínum aðgerðum og lögðu áherslu á vörn- ina. Mörkin glöddu augað en fyrir utan þau og skalla Tonis gerðist fátt markvert í fyrri hálfleiknum.

Síðari hálfleikurinn var mun fjörugri en sá fyrri og komu Frakk- arnir gríðarlega ákveðnir til leiks. Zid- ane náði að skapa sér mun meira svæði en í þeim fyrri og komust Frakkarnir ansi nálægt því að bæta við öðru marki. Á þessum tíma- punkti var leikurinn frábær skemmtun, sóknarleikurinn í fyrirrúmi og greinilegt að leikmenn voru byr- aðir að þreystast. En inn vildi bolt- inn ekki og því þurfti að fram- lengja. Frakkar höfðu undirtökin í framlengingunni og voru óheppnir að skora ekki. Besta færið féll í skaut Zidanes en Buff- on í markinu varði skalla hans á stórkostlegan hátt.

En á 108. mínútu gerðist atvik- ið sem menn eiga eftir að muna

eftir og ræða um næstu ár og jafn- vel áratugi. Zidane átti í útistöð- um við Materazzi sem endaði með því að fyrirlíðinn missti algjör- lega stjórn á skapi sínu og skallaði í bringu Ítalans af miklu afli. Eliz- ondo átti ekki annara kosta völ en að sýna Zidane rauða spjaldið og gerði hann það algjörlega miskunnar- laust. Hörmulegur endir á annars stór- kostlegum ferli Zidane og nokkuð sem mun án efa setja svartan blett á minninguna um Zizou, sem getur þó engum um kennt nema

sjálfum sér. Án Zidanes voru Frakkar eins og höfuðlaus her. Þeir héldu út í vítaspyrnukeppni en án höfðingja síns var sjálfstraustið í molum. Barthez náði sér alls ekki á strik og að lokum kom það í hlut Trez- eguet að taka vítaspyrnuna sem skildi á milli. Það var síðan Grosso sem tryggði sigur Ítala, eða rétt- ara sagt sigur ítalskrar knatt- spyrnu.

-vig

### VÍTAKEPPNIN

- 1-0 Pirlo, skoraði
- 1-1 Wiltord, skoraði
- 2-1 Materazzi, skoraði
- 2-1 Trezeguet, skaut í slá
- 3-1 De Rossi, skoraði
- 3-2 Abidal, skoraði
- 4-2 Del Piero, skoraði
- 4-3 Sagnol, skoraði
- 5-3 Grosso, skoraði



ÞÖKK SÉ ALMÆTTINU Marco Materazzi fagnaði ógurlega eftir að hann skoraði jöfnun- armarkið. NORDIC PHOTOS/AFP



BÆTIR FYRIR MISTÖKIN Marco Materazzi skorar mark Ítala í leiknum eftir að hafa fengið dæmt á sig víti skömmu áður.



HART BARIST Ítalski framherjinn Luca Toni skýlir boltanum fyrir William Gallas.



SVEKKTUR Thierry Henry er vonsvikinn eftir að gott færi Frakka fer förgörðum.



HENRY TÆPUR Thierry Henry fékk höfuðhögg snemma í leiknum en lék þó þar til hann var tekinn út af í framlengingu.



HARKAÐI AF SÉR Zinedine Zidane meiddist á öxl í leiknum en harkaði af sér.



INN FYRIR LÍNUNA Vítið sem Zidane tók fór í slána, inn fyrir línuna og skoppaði svo aftur úr markinu. Guanluigi Buffon kom engum vörnum við.

ÚFFF Fabien Barthez lifir sig vel og innilega í leiknum.



### Úrslitaleikur:

**ÍTALÍA-FRAKKLAND** 1-1  
0-1 Zinedine Zidane, viti (7), Marco Materazzi (19).  
*Ítalir unnu eftir vítaspjrymukeppni, 5-3*  
**Lið Ítala:** Gianluigi Buffon; Gianluca Zambrotta, Fabio Cannavaro, Marco Materazzi, Fabio Grosso; Mauro Camoranesi (86. Alessandro Del Piero), Andrea Pirlo, Gennaro Gattuso, Simeone Perrotta (Danielle De Rossi); Francesco Totti (61. Vincente Iaquinta), Luca Toni.  
**Lið Frakka:** Fabian Barthez; Willy Sagnol, Lilian Thuram, William Gallas, Eric Abidal; Franck Ribery (100. David Trezeguet), Claude Makelele, Patrick Vieira (57. Aliou Diarra), Zinedine Zidane, Florent Malouda; Thierry Henry (107. Sylvain Wiltord).



MARCELLO LIPPI Kveikir sér í vindli eftir leikinn í gær. NORDIC PHOTOS/AFP

Marcello Lippi:

## Stund lífs míns

**FÓTBOLTI** Landsliðsþjálfari Ítala, Marcello Lippi, var að vonum í skýjunum að loknum úrslitaleiknum í gær enda hafði hann stýrt sínum mönnum til heimsmeistararitils í Þýskalandi. „Ég verð að þakka leikmönnum mínum. Þetta er besta stund lífs míns,“ sagði Lippi. „Ég tileinka sigurinn fjölskyldu minni. Að vinna heimsmeistararitil er besta upplifun sem þjálfari eða knattspyrnumaður getur haft. Ég hef unnið marga titla áður en engin jafnast á við þennan.“ - esá

Hetjur Ítala:

## Ólýsanleg gleði

**FÓTBOLTI** Hetjur Ítala, fyrirliðinn Fabio Cannavaro og bakvörðurinn Fabio Grosso sem tryggði Ítölum titilinn með síðustu vítaspjrymuni, voru nánast orðlausir er fréttamenn töluðu við þá eftir leikinn. „Þetta er ótrúlega tilfinningarík stund,“ sagði Grosso. „Orð fá þessu varla lýst. Kannski höfum við ekki gert okkur grein fyrir hverju við höfum áorkað.“

Cannavaro sagði það við hæfi að þar sem Þjóðverjar urðu heimsmeistarar á Ítalíu árið 1990 að Ítalar fögnuðu sigri í Þýskalandi nú. „Enginn hefði getað ímyndað sér fyrir keppnina hvað myndi gerast en við unnum og erum svo innilega hamingjusamir.“ - esá

Rauða spjaldið:

## Skiptar skoðanir

**FÓTBOLTI** Raymond Domenech, þjálfari Frakka, sagði eftir leikinn í gær að hann skildi það vel að Zidane hafi misst stjórn á sér í gær. „Ég er ekki að afsaka það sem hann gerði en eftir 110 mínútur af spörkum og brotum get ég skilið að hann hafi fengið nóg. Við söknudum hans gríðarlega og fjarvera hans kostaði okkur líklega leikinn,“ sagði hann.

Jacques Chirac, forseti Frakklands, hrósaði Zidane þrátt fyrir rauða spjaldið. „Ég veit ekki hvað kom fyrir hann en þrátt fyrir hans gjörðir vill ég þakka honum fyrir framlag hans til fótbolta í Frakklandi. Zidane er lifandi goðsögn í okkar landi.“ - vig

## ALDREI AFTUR SPÓLUR - BYLTING Í HREYFIMYNDUM

# TÖKUVÉLAR MEÐ HÖRÐUM DISK



**JVC**

**GZMG30**

**30GB HARÐUR DISKUR**

### TÖKUVÉL ÁN SPÓLU

Ótrúlega Nett Digital Media TÖKUVÉL með **30GB** hörðum disk (allt að **37,5 tíma upptaka**) og innbyggðri kyrrmyndavél (640x480), 1/6" upptökufloðu með 800.000 pixela upplausn, 2.5" LCD skjá, 25x Optical Zoom og 800x Digital Zoom, Dolby Digital hljóðupptaka, Snapshot möguleiki, Power Producer, ljós að framan, titringsdeyfir og USB 2.0. Tekur SecureDigital kort. Stærð í sm (bxhxd): 6.7x7x10.9.

**TILBOÐ** ▶ **69.990**

FULLT VERÐ kr. 79.990



**JVC**

**GZMG37**

**30GB HARÐUR DISKUR**

### TÖKUVÉL ÁN SPÓLU

Ótrúlega Nett Digital Media TÖKUVÉL með **30GB** hörðum disk (allt að **37,5 tíma upptaka**) og innbyggðri kyrrmyndavél (640x480), 1/6" upptökufloðu með 800.000 pixela upplausn, 2.7" LCD skjá, 25x Optical Zoom og 800x Digital Zoom, Dolby Digital hljóðupptaka, Snapshot möguleiki, Power Producer, ljós að framan, titringsdeyfir og USB 2.0. Tekur SecureDigital kort. Stærð í sm (bxhxd): 6.7x7x10.9.

**TILBOÐ** ▶ **89.990**

FULLT VERÐ kr. 99.990



**JVC**

**GZMG70**

**30GB HARÐUR DISKUR**

### TÖKUVÉL ÁN SPÓLU

Digital TÖKUVÉL með **30GB** hörðum disk (allt að **37,5 tíma upptaka**) og innbyggðri kyrrmyndavél (1600x1200), 1/4,5" upptökufloðu með 2.12 pixela upplausn, 2.5" LCD skjá, 10x Optical Zoom og 200x Digital Zoom, Dolby Digital hljóðupptaka, Snapshot möguleiki, Power Producer, ljós að framan, titringsdeyfir og USB 2.0. Tekur SecureDigital kort. Stærð í sm (bxhxd): 7,1x7x10.9.

**TILBOÐ** ▶ **109.990**

FULLT VERÐ kr. 129.990

**JVC**

**GZMC500**

**5 MILLJÓN PUNKTA MYNDAVÉL OG STAFRÆN TÖKUVÉL Í EINU TÆKI**



**MEÐ 4GB MicroDrive**

### TÖKUVÉL ÁN SPÓLU

Ótrúlega Nett Digital Media TÖKUVÉL með þremur 1/4,5" upptökufloðum með 1,33 MegaPixel upplausn, 5 Megapixel **KYRRMYNDAÞÖKU** (2.560x1.920 Pixelar), 1,8" LCD skjá, 4GB MicroDrive, hægt er að taka upp á Microdrive, CompactFlash og SecureDigital kort. Með 10x Optical Zoom og 200x Digital Zoom, innbyggðri vef- og kyrrmyndavél, Dolby Digital hljóðupptöku, Snapshot möguleika, titringsdeyfi og USB2 tengi. Stærð í sm (bxhxd): 8.0x5.5x11.8. Þyngd 400 grömm.

**5 MEGA PIXEL**

**TILBOÐ** ▶ **119.990**

FULLT VERÐ kr. 179.990



1971 - 2006

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

**UMBODSMENN UM LAND ALLT** ▶ REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Samkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrimsfjarðar, Drangsnesi. Þrustur, Ísafirði. NORDURLAND: KF Steingrimsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húsvetninga, Hvammstanga. Krákur, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkrúki. Ljósgröf, Akureyri. Öryggi, Húsvík. AUSTURLAND: KF Héraðsbúa, Egilsstöðum. Verslunin Vík, Neskaupsstað. Kaupþín, Vopnafirði. KF Héraðsbúa, Seyðisfirði. Turnbræður, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Verslunin Vík, Reyðarfirði. Martólvan, Höfn Hornafirði. SUDURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Rás, Þorlákshöfn. Geisli, Vestmannaeyjum. Brimnes, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Tölvusítalinn, Grindavík. Rafeindatekni, Keflavík. Rafagnavinnustofa Sigurðar Ingvarssonar, Garði. Rafmætti, Hafnarfirði.



**Helsinki bjálkahús**  
Alls 54 fm. glæsihús  
**kr. 1.356.000,-**



**Vesi saunahús**  
9 fm. með 8 kW gufubaðsöfnu og saunabekkjum kr.  
**365.000,-**



**Meri grill- og garðhús**  
7,5 fm. áttkantað  
**kr. 456.000,-**



**Saurus bjálkahús**  
Þetta fallega hús 42 fm. fæst nú á stórlækkuðu verði  
**kr. 1.212.000,-**



**Lovisa bjálkahús**  
Alls 31 fm. fallett lítið sumarhús eða gestahús  
**kr. 728.000,-**



**Godði.is**  
S. 5445550.

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

„Truth is appearance, but appearance isn't always truth.“

Svar: Ichabod Crane úr kvikmyndinni Sleepy Hollow árið 1999.

# dagskrá



VIÐ TÆKIÐ FREYR BJARNASON FYLGDIST MEÐ ÚTSENDINGUM NFS

## Plúsar og mínusar hjá NFS

Undanfarið hefur mér gefist tækifæri til að fylgjast náið með fréttastöðinni NFS. Að stofna slíka stöð hér á hinu fámenna Íslandi þótti mörgum mikil bjartsýni. Hvort áhorfstólur hafi staðið undir væntingum eður ei veit ég ekki en engu að síður er ljóst að vel hefur tekist til. Enn má þó finna einhverja vankanta eins og kannski eðlilegt er hjá svo ungrri stöð, þó svo að þeir séu ekki margir.

Að lesa upp úr leiðurum dagblaðanna er í sjálfu sér í góðu lagi en það er engu að síður ekki gott sjónvarpsefni ef rangt er að því farið. Stundum hafa textabrot úr leiðurum birtst á skjánum í stað þess að sýna fréttamanninn lesa upp úr blöðunum. Í raun ættu leiðararnir að birtast í heild sinni á skjánum því hver vill fylgjast með fréttamanni lesa upp úr dagblaði án þess að horfa nema að örlitlu leyti til áhorfandans? Einnig kemur það í veg fyrir að fréttamaðurinn reyni í örvæntingu að finna leiðarann í blaðinu eins og gerðist um daginn. Leit það afar ófagmannlega út.

Stafsetningarvillur og skrítnar setningar birtast einnig stundum í textanum sem flæðir neðst á skjánum og spyr maður sig stundum hvort einhver lesi textann yfir áður en hann er birtur.



FÓLKID Á SKJÁNUM Róbert Marshall, Edda Andrésdóttir og Sigmundur Ernr Rúnarsson eru nokkur af fjölmörgum andlitum NFS.

Best þykir mér þegar fréttamennirnir og t.d. þeir sem fjalla um íþróttir ná vel saman í settinu rétt eins og svo vel hefur tekist til hjá Sky í Bretlandi. Spjall þeirra á milli léttir alltaf á hlutunum og kemur áhorfandnum í gott skap. Slíkt spjall hefur verið alltof stírbusalegt hérlendis undanfarið ár, sérstaklega hjá RÚV, og vonandi nær NFS að standa sig áfram í þessum málum.



▶ 22.25  
Spenna

LOST




▶ 20.50  
Drama

RELATED



▶ 20.30  
Gaman

JAKE IN PROGRESS



▶ 20.30  
Drama

THE O.C.



▶ 19.40  
Fjármál

PENINGARNIR OKKAR

### SKJÓNVARPIÐ



6.58 Ísland í bitíð 9.00 Bold and the Beautiful 9.20 Í finu formi 9.35 Oprah 10.20 My Sweet Fat Valentina 11.10 Grey's Anatomy 12.00 Hádegisfréttir 12.25 Neighbours 12.50 Í finu formi 2005 13.05 Home Improvement 13.30 Oliver Beene 13.55 What About Bob? 15.35 You Are What You Eat 16.00 Skrímslaspilíð 16.20 Ginger segir frá 16.40 Smá skrítnir foreldrar 17.05 Froskafjör 17.15 Bold and the Beautiful 17.40 Neighbours 18.05 Simpsons

### SIRKUS TV

### SKJÁREINN

7.00 6 til sjö (e) 8.00 Dr. Phil (e)

16.10 One Tree Hill (e) 17.05 Dr. Phil 18.00 6 til sjö (e)

### 19.00 Beverly Hills 90210

19.45 Melrose Place Bandarísk þáttaröð um íbúana í Melrose Place, sem unnu hug og hjarta áhorfenda á sínum tíma.

▶ 20.30 The O.C. Það er undurfallegt í Orange County í Kaliforníu og þar býr ríka, fína fólkíð.

21.30 South Beach Æskuvínina Matt og Vince dreymir um bjartari framtíð og flytja frá Brooklyn til sólríkra stranda í South Beach.

22.30 C.S.I. William L. Petersen, sá besti af þeim bestu, er hér í hlutverki réttarrannsóknarmannsins Gil Grissom. Þáttur sem gripur þig hjartatökum um leið og þú byrjar að horfa.

23.25 Jay Leno 0.10 Boston Legal (e) 1.05 Beverly Hills 90210 (e) 1.50 Melrose Place (e) 2.35 Östðvandí tónlist

### NFS

7.00 Ísland í bitíð 9.00 Fréttavaktin 11.40 Brot úr dagskrá

12.00 Hádegisfréttir / Markaðurinn / Íþróttir / Veður / Leiðarar dagblaða / Hádegisfréttavíðtal 13.00 Sportið 14.00 Fréttavaktin 17.00 5fréttir 18.00 Íþróttir og veður

18.30 Kvöldfréttir 19.00 Ísland í dag ▶ 19.40 Peningarnir okkar Ingólfur H. Ingólfsson hefur verið með vinsæl innskot á Fréttavaktinni undanfarna mánuði. Þátturinn er endursýndur á sama tíma á fjóstudagskvöldum á eftir Kvöldfréttunum.

20.00 Fréttayfirlit 20.20 Brot úr fréttavakt 21.00 Fréttir 21.10 60 Minutes 22.00 Fréttir Fréttir og veður 22.30 Peningarnir okkar Þáttur um fjármál heimilanna, eins konar námskeið í sjónvarpi um meðferð fjár og hvernig hægt er að sýna ráðdeild ... og græða.

23.10 Kvöldfréttir 0.10 Fréttavaktin 3.10 Fréttavaktin 6.10 Peningarnir okkar

16.40 Helgarsportíð 17.05 Leiðarljós 17.50 Táknmálfréttir 18.00 Myndasafnið 18.01 Alda og Bára (9:26) 18.06 Bú! (21:26) 18.16 Lubbi læknir (19:52)

18.30 Vístaskipti (7:26) 19.00 Fréttir, íþróttir og veður 19.35 Kastljós

20.05 Kóngur um stund (5:12) Landsmót hestamanna í allri sinni dýrð. Um dagskrárgerð sjá Brynja Þorgeirsdóttir og Konráð Pálmason. Textað á síðu 888 í Textavarp.

20.35 Svona var það (3:22) (That 70's Show) Bandarísk gamanþáttaröð.

21.05 Leyndarmál kynjanna (3:3) (Secrets of the Sexes) Í þriðja og síðasta þættinum er fjallað um ástina og þá lífefna- og sálfræðilegu þætti sem þar koma við sögu.

22.00 Tiúfréttir ▶ 22.25 Lífsháski (49:49) (Lost II) Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.

23.10 Út og suður 23.35 Íslandsmótið í vélhjólaakstri (1:4) 0.05 Kastljós 0.35 Dagskrárlök

### STÖÐ 2 BÍÓ

6.00 City Slickers 8.00 Lóa og leyndarmálið (e) 10.00 The Five Senses 12.00 Hackers 14.00 City Slickers 16.00 Lóa og leyndarmálið (e) 18.00 The Five Senses 20.00 Hackers (Tölvuþrjótar) Dade Murphy er tölvuþrjótur. Ellefu ára var hann kominn á skrá hjá alríkislögreglunni. Hann eyðilagði gögn á annað þúsund starfsmanna fjármálamarkaðarinnar á Wall Street. 22.00 Dreamcatcher (Drauma-gildran) Hér segir frá fjórum góðvinum sem

upplifðu ótrúlega hluti í æsku. Þeir eru nú fullorðnir og eru staddir í veiðiferð í Maine. Það skellur á hrikalegur stormur en félagarnir uppgötva fljótt að þeir eru ekki einir á ferð úti í náttúrunni. Byggt á metsöluþátt eftir Stephen King. Str. b. börnum. 0.00 Killing Me Softly (Stranglegra bönnuð börnum) 2.00 The Ring 2 (Stranglegra bönnuð börnum) 4.00 Dreamcatcher (Stranglegra bönnuð börnum)

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

### E! ENTERTAINMENT

11.30 Extreme Close-Up 12.00 E! News Weekend 13.00 Eva Longoria: The Interview with Ryan Seacrest 14.00 101 Craziest TV Moments 15.00 101 Craziest TV Moments 16.00 101 Craziest TV Moments 17.00 101 Craziest TV Moments 18.00 E! News Weekend 19.00 THS Colin Farrell 20.00 101 Even Bigger Celebrity Oops! 21.00 Sexiest 22.00 Dr. 90210 23.00 Wild On Tara 23.30 Wild On Tara 0.00 THS Colin Farrell 1.00 101 Even Bigger Celebrity Oops!

### AKSJÓN

Fréttabrátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

Útsalan hefst í dag • Útsalan hefst í dag • Útsalan hefst í dag • Útsalan hefst í dag

# ÚTSALA

**HB** HERRAFATAVERSLUN  
BIRGIS

FÁKAFENI 11 • 108 REYKJAVÍK • SÍMI 553 1170

VIÐ MÆLUM MEÐ ...

Út og suður

Sjónvarpið kl. 23.10

Í einu stóru pósthólfi

Gísli Einarsson fer um landið og heilsar upp á forvitnilegt fólk. Að þessu sinni heimsækir hann hjónin Helgu Ingadóttur og Þór Sveinsson sem hafa hreiðrað um sig í hluta pósthússins á Hvolsvelli, í einu stóru pósthólfi ef svo má segja. Þar hafa þau sitt heimili, leirkeraverkstæði Þórs og kaffihús sem opið er gestum og gangandi. Þór og Helga sinna sínum störfum, sem einnig eru þeirra helstu áhugamál, af mikilli ástríðu. Í þættinum segja þau frá lífi sínu og starfi og hvernig þau kynntust fyrir algjöran misskilning.



18.00  
Íþróttir

ÍÞRÓTTASPJALLIÐ



18.00 Íþróttaspjallið 18.12 Sportið

- 18.30 Gillette Sportpakkinn (Gillette World Sport 2006) Íþróttir í lofti, láði og legi.
- 19.00 Veitt með vinum (Veidivötn) Umsjónarmaður er Karl Lúðvíksson en í þessum þætti er farið í Veidivötn. Förunautar Karls eru útvarpsmaðurinn Próstur Gestsson, betur þekktur sem Próstur 3000, og Birgir Nielsen, einn kunnasti trommari landsins.
- 19.45 Landsbankadeildin 2006 (Fylkir – Víkingur) Útsending frá leik í Landsbankadeild karla í knattspyrnu.
- 22.00 History of Football (Knattspyrnusagan) Magnaður myndaflokkur um vinsælustu íþrótt í heimi, knattspyrnu. Í þessum þætti er fjallað um upphafið.
- 22.55 Landsbankadeildin 2006 (Fylkir – Víkingur) Útsending frá leik í Landsbankadeild karla í knattspyrnu.

RÁS 1 FM 92,4/93,5



6.50 Bæn 7.05 Morgunvaktin 9.05 Laufskálinn 9.45 Morgunleikfimi 10.03 Veðurfregnin 10.13 Stefnumót 11.03 Samfélagið í nærmynd 12.20

Hádegisfréttir 13.00 Sakamálaheiti: Flugunarhvisla 13.15 Á sumarvegi 14.03 Útvarpsagan 14.30 Miðdegistónar 15.03 Landbúnaður á krossgötum 16.13 Hlaupanótan 17.03 Víðsjá

18.00 Kvöldfréttir 18.25 Spegillinn 19.00 Á sumarvegi 19.40 Laufskálinn 20.20 Kvöldtónar 21.00 Framtíð lýðræðis 21.55 Orð kvöldsins 22.15 Tónlistarhornið 23.00 Á slóðum Mozarts

0.10 Útvarpað á samtengdum rásum

RÁS 2 FM 90,1/99,9



6.05 Morguntónar 6.30 Morgunútvarp Rásar 2 9.05 Brot úr degi

12.20 Hádegisfréttir 12.45 Poppland 16.10 Síðdegisútvarpið 18.24 Auglýsingar 18.25

Spegillinn 19.30 Á vellinum 22.10 Uppruni tegundanna

BYLGIJAN FM 98,9



7.00 Ísland í bitíð 9.00 Ívar Guðmundsson

12.00 Hádegisfréttir 12.20 Óskalahádegis 13.00 Rúnar Róberts 16.00 Reykjavík Síðdegis

18.30 Kvöldfréttir og Ísland í dag 19.30 Bjarni Ólafur / Ívar Halldórs 1.00 Ragnhildur Magnúsdóttir

AÐRAR STÖÐVAR

FM 90,9 TALSTÖÐIN  
FM 99,4 ÚTVARP SAGA  
FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin  
FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp  
FM 102,9 Lindin / Kristlegt efni  
FM 96,7 Lítt Bylgjan / Tónlist og afþreying  
FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristlegt efni  
FM 89,5 Kiss / Nýja bitíð í bænum  
FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni  
FM 91,9 XFM / Tónlist og afþreying  
FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

MARKAÐURINN

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA

Sögurnar, tölurnar, fólkið.



AUGLÝSINGASÍMI  
550 5000



TÖLVU  
LISTINN

SÚ ÖFLUGASTA

VL18  
Vaxtaloust í 18 mán  
9.994

ACER 5672AWLMib 1.73GHz  
DUO T2250 FERÐAVÉL

- Örgjörvi 1.73GHz Intel Core Duo T2250 Með 533MHz FSB og 2MB flytíminni
- Minni 2GB Dual DDR2 533MHz Einfalt að stækka minnið í 4GB
- Harðdiskur 120GB 5400RPM SATA 5400RPM SATA harðdiskur
- Skrifari 8xDVD±RW Slot DL skrifari Skrifar DVD diska og CD-RW
- Skjari 15,4" WXGA WideScreen skjari Breiðvalds skjari með CrystalBrite
- Skjakort 128MB ATI Radeon X1600 Sjálfst.minni, PCI-E 16X, TV-út
- Hátalarar Hljóðkerfi með 2 hátölurum Hljóðkort, hátalarar og hljóðnemi
- Netkort Gigabit 10/100/1000 Einnig innbyggð 56k mótald
- Þráðlaust 54Mbps þráðlaust netkort Einnig innbyggð BlueTooth kort
- Stýrikerfi Windows XP Home - SP2 Á íslensku eða ensku
- Annað Vefmyndavél og kortalesari Hvoru tveggja innbyggð í tölvu

- INTEL CORE DUO Intel Core Duo er með tvo örgjörva fyrir enn meiri afkast og vinnslu í mörgum forritum í einu án vandræða
- 15,4" CRYSTALBRITE Nýjasti 15,4" WXGA CrystalBrite skjáinn, 16ms viðbragðstími með ótrúlegri djúpt og skerpu
- 8xDVD± SKRIFARI Super Multi 8xDVD DL geisla-skrifari með Slot Load rauf sem þú stingur diskum beint í
- 128MB ATI X1600 Nýjasta PCI-E 16X ATI skjákerfið með sjálfstætt 128MB minni og möguleika á 512MB HyperMemory
- TENGINGAR Hlaðin öllum helstu tengjum FireWire, 4xUSB2, VGA, DVI, TV-út, PCMCIA, kortalesara ofl.
- VEFMYNDAVÉL 1.3 Megapixel Acer Orbicam vefmyndavél innbyggð í skjáinn með 225° snúningsmöguleika

VERÐ 179.900

MasterCard Visa TÖLVU LISTINN SÉRVERSLUN MEÐ TÖLVUBÚNAÐ Í 12 ÁR

REYKJAVÍK NÓATÚNI 17 Sími 562 6730

AKUREYRI Glerárgötu 36 Sími 464 7400

KEFLAVÍK Hafnargötu 90 Sími 534 7400

## SÉRFRÆÐINGURINN HELGI PÁLL ÞÓRISSON LÍNUSKAUTAKENNARI

# Ætlum að stofna félag í kringum línuskauta



### HRÓSIÐ

... fær Rakel Halldórsdóttir fyrir að skipuleggja skemmtilegan Safnadag víða um land í gær.

Helgi Páll Daniélsson er línuskautakennari hjá línuskautar.is. Hann segir að þegar íslensk veðráttu leyfi sé mjög stór hópur fólks á línuskautum. „Línuskautar.is snýst mestmegnis um það að kenna línuskauta. Við höfum einnig verið að sjá um viðburði tengda línuskautum fyrir ýmis fyrirtæki, við höfum verið að fara út á land með götuhökkí mót og ýmiss konar línuskautakeppnir.“ Vegna þess hve margir stunda línuskauta hér á landi segir Helgi Páll að næsta skref hjá þeim sé að þróa félagsstarfssemi í kringum íþróttina. „Við erum byrjaðir að þróa fyrir okkur með að stofna félag sem fólk myndi svo skrá sig í. Markmiðið með félaginu er að stuðla



að því að línuskautamenn fái þolanlegar aðstæður til þess að geta rennt

sér á. Víða erlendis eru línuskautahús eða svokölluð „rólo-rama“ sem eru skautahús þar sem eru diskóljós og skemmtileg kaffihúsaáðstaða. Við viljum koma upp góðri aðstöðu hér heima.“

Helgi Páll og félagar hans hjá Línuskautar.is bjóða upp á línuskautanámskeið fyrir hópa af öllum stærðum. „Við höfum aðallega verið að taka vínahópa, starfsmannafélög og steggi-apartý á námskeið“, segir hann. „Til okkar koma hópar 5-35 manna hópar, við erum staðsettir við Skautahöllina í Laugardal og auðvitað reynum við fyrst og fremst að kenna úti en ef veðrið er slæmt þá höfum við fengið að skjótast inn í Skautahöllina.“



HELGI PÁLL DANIELSSON Línuskautakennari hjá Línuskautar.is. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

1	2	3	4	5
6			7	
8			9	
		10		
	11		12	13
14				15
16			17	
18				

### LÁRÉTT:

2 sýnishorn 6 málmur 8 runa 9 hluti kynfæra 11 í röð 12 á undan 14 kvittanir 16 hvað 17 nögl 18 kærleikur 20 tveir eins 21 málmur.

### LÓÐRÉTT:

1 helminguð 3 kind 4 skikkja 5 svelg 7 dyljast 10 æxlunarkorn 13 stykki 15 leiktæki 16 rámur 19 á fæti.

### LAUSN:

1 tál 2 ísl. 3 kær, 4 móttalu, 5 tál, 6 ísl. 7 leynast, 8 gró, 9 stí, 10 rólá, 11 há, 12 ísl. 13 stí, 14 ísl. 15 stí, 16 há, 17 ísl. 18 ísl. 19 ísl. 20 ísl. 21 ísl.

### VEISTU SVARID

Svör við spurningum á bls. 8

- 1 Lech Kaczynski.
- 2 Amelie Mauresmo.
- 3 Jose Ramos-Horta.

Upplýsingar í síma 590 2626  
Textavarp: Stöð 2 • 150-163  
RÚV • 281, 283 og 284

**Lotto**

Vinningstölur laugardaginn 8.7.2006

1 4 9 12 13

Bónustala 29

Jóker 7 1 5 5 2

VÍKINGA LOTTO Alltaf á miðvikudögum

Vinningstölur miðvikudaginn 5.7.2006

Aðaltölur 1 8 26 33 44 46

Bónustölur Ofurtala 24 43 10

Jóker 8 6 8 0 5

AUGLÝSINGASÍMI 550 5000 FRÉTTABLAÐIÐ

## RAGNHEIÐUR GUÐNADÓTTIR: STJÓRNAR NÝJUM SJÓNVARPSPÆTTI Á NFS

# Jákvæðar stjórnufréttir á skjánum á hverjum degi


„Ég held að þetta sé efni sem vantar því allir vilja vita hvað uppáhalds stjórnum þeirra eru að fást við og eiga hlut í frægu leikurunum,“ segir sjónvarpskonan Ragnheiður Guðfinna Guðnadóttir sem byrjar með nýjan þátt um frægt fólk í næsta mánuði. Þátturinn fær að öllum líkindum nafnið Hér og nú og verður í nánú samstarfi við samnefnt tímarit.

Ragnheiður segir að Hollywood-stjórnum verði áberandi í þáttunum, enda berist íslenskum sjónvarpsstöðvum nóg af efni um þær sem sé lítið nýtt. Sjónvarpsstöðin E! Entertainment verður nokkurs konar fyrirmynd þáttanna. „Auk þess að fjalla um það sem gerist úti í heimi verður íslenskt stjórnufréttir tekið fyrir. Ef þú ætlar að koma þér á framfæri og verða frægur í samfélaginu þá er málið að vera í Hér og nú,“ segir Ragnheiður kokkraust.

Aðspurð segist hún hafa talsverðan áhuga á frægu fólki. „Ég hef svo sem ekki mikið verið í því að fletta slúðurblöðunum hér heima og þarf að setja mig inn í málin. Ég hef fyrst og fremst áhuga á fólki. Þetta verður því mjög gaman.“

Talsverðar breytingar hafa verið gerðar á tímaritinu Hér og nú eftir að Elly Ármannsdóttir tók við ritstjórn þess fyrir skemmstu. Ragnheiður Guðfinna er afar sátt við breytingarnar og ætlar að vera á sömu notum í þætti sínum. „Þetta eru miklu jákvæðari fréttir. Það má líka draga fram það jákvæða sem fólk gerir, þó svo að fólk hafi gaman af slúðri og hliðarsporum. Í þættinum mínum verður sitt lítið af hvoru, sérstaklega í Hollywood-fréttunum.“

Ragnheiður Guðfinna er á leið í stutt frí. Hún hefur undanfarna



RAGNHEIÐUR GUÐNADÓTTIR Stjórnar sjónvarpsþætti á NFS þar sem íslenskt og erlent stjórnufréttir er til umfjöllunar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

mánuði stjórnað Íslandi í bítið og hyggst nota fríið til að safna orku og hugmyndum fyrir nýja þáttinn sem hún segir verða kominn í loftið fyrir 15. ágúst. „Það er mikil hugmyndavinna að baki svona þætti því hann þarf að halda áhorfandanum allan tímann. Ég ætla ekki að bjóða upp á þátt sem verður innantómur að hluta til, það fer ekki hvaða efni sem er í

þáttinn,“ segir Ragnheiður. Fyrst um sinn verður þátturinn á dagskrá NFS en ekki hefur verið gengið frá tímasetningum endanlega. Ragnheiður segist helst vilja vera með daglegan 15 mínútna þátt svo allt efni verði ferskt. Allt á þetta þó eftir að ákveða endanlega. En Ragnheiður er spennt: „Já, þetta verður líf og fjör.“

hdm@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

I dolstjarnan Guðrún Lára Alfredsdóttir gekk í það heilaga um helgina. Guðrún Lára, eða Nana eins og hún er jafnan kölluð, giftist Arndísi Hreiðarsdóttur við háttíðlega athöfn á laugardag. Þær stóllur segja frá þessum áfanga á blogg síðum sínum. Nana skrifar: „Ég elska svona kaflaskipti í lífinu mínu, þau hafa verið ófá og ég elska þau góðu og hata auðvitað þau vondu sem auðvitað voru mér fyrir bestu, tók bara smá tíma að fatta það. Algjör snilld að vera að giftast ... Happiest girl in the world!“ Þær Nana og Arndís hafa verið að semja tónlist saman í hljómsveitinni The Nanas sem væntanlega mun heyrast eitthvað frá á næstunni.



Umboðsmaðurinn og athafnamaðurinn Einar Bárðarson hefur dvalist langdvölum í London við að koma stúlkunum í Nylon á framfæri. Hugur hans hefur þó verið heima á Íslandi, eins og kom fram í persónulegu viðtali við kappann í DV fyrir helgi. Einar lýsir þar tilfinningunni sem fylgir því að verða pabbi og ekki er laust við að lesendur sjái Einar í nokkuð öðru ljósi en áður. „Það vita allir sem reynt hafa hvaða tilfinning gripur foreldri. Þeir sem ekki hafa upplifað það myndu hvort sem er ekki skilja mig þótt ég reyndi að færa þær tilfinningar í einhvern lýsingarorðabúning. Ég vildi ekki sleppa henni og mun sjálfsgætt aldrei gera. Ást mín til móður hennar - sem ég hélt að gæti ekki orðið sterkari - er nú á einhverju allt öðru stigi og ekki lengur bara á milli tveggja einstaklinga heldur ótrúlega sterkt band sem heldur heiminum okkar saman,“ sagði Einar í símaviðtali frá London.



-hdm

# Yngsti Vestfjarðavíkingurinn frá upphafi

Keppnin um Vestfjarðavíkinginn var háð á vestfjörðum um liðna helgi. Átta kraftajötnar börðust um titilinn að þessu sinni, en keppt var í nýu greinum. Það var Stefán Sölvi Pétursson sem stóð að lokum uppi sem sigurvegari en hann var yngsti keppandinn, einungis tvítugur að aldri.

„Þetta er þvilkur ofurmoli og ég spái því að hann eigi eftir að sigra heiminn,“ segir Guðmundur Otri Sigurðsson, einn af skipuleggjendum keppninnar. Stefán Otri er fæddur árið 1986, hann er 196 sentimetrar á hæð og vegur heil 150 kíló að sögn Guðmundar Otra. „Hann er rosalegt efni og hefur lært mikið af Magnúsi Ver og fleirum. Hann er líka svo mikill hugsuður og veit alltaf vel hvað hann er að gera,“ segir Otri.

Stefán Sölvi hafði 20 stiga forystu eftir fyrsta keppnisdag af

þremur og hélt hann forystunni til loka. Hann fékk þó næga keppni, sérstaklega frá Georg Ógmundssyni sem hafnaði í öðru sæti. Lokastaðan varð sú að Stefán Sölvi hlaut 58 stig í fyrsta sæti, Georg hafnaði í öðru sæti með 54,5 stig og Jón Valgeir Williams fékk 38,5 stig í þriðja sæti.

Benedikt Magnússyni hafði verið spáð góðu gengi í keppninni, en fyrirfram var búist að keppnin stæði á milli hans, Stefáns og Georgs. Benedikt meiddist hins vegar í þriðju keppnisgreininni sem var mylluganga. Að sögn Guðmundar Otra er talið að Benedikt hafi þindarslitnað.

Stefán Sölvi Pétursson er yngsti sigurvegari Vestfjarðavíkingssins frá upphafi. Sem dæmi um frábæra frammistöðu hans á mótinu má nefna að hann setti Íslandsmet í kútaasti, kastaði 5,40 metra.



STEFÁN SÖLVI Sigráði keppnina um Vestfjarðavíkinginn með glæsibrag um helgina.

Guðmundur Otri spái því að hann eigi bjarta framtíð í kraftaheimin-

um: „Þessi strákur á eftir að ná langt.“

-hdm

# ÚTSALA

Enn meiri lækkun

50 til 90%

# ZIKNA

T Í S K U H Ú S

Mörkinni • Brekkuhúsum • Hamraborg • Firðinum • Selfossi • Keflavík

# FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMÉR FRÉTTABLAÐSINS: 550 5000, fax: 550 5099 Rítstjórn: 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is  
DREIFING: dreifing@posthusid.is Auglýsingaáskjal: auglysingar@frettabladid.is Veffang: visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR

SMÁUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

Drögum ó morgun

Átt þú miða?



HAPDRÆTTI  
HÁSKÓLA ÍSLANDS  
800 6611 - www.hhi.is

LEGACY

SUBARU



BAKÞANKAR

PRÁINS BERTELSSONAR

## Guð blessi Actavis

Ég sem hélt að lyfjafyrirtækið Actavis væri ræningjafélag og hefði það á samviskunnni að okra á íslensku þjóðinni með því að selja okkur lyf á glæpsamlegum prísnum. En ég hafði á röngu að standa og vil því biðjast afsökunar. Og ekki nóg með það heldur sneri ég dæminu við: Það er ekki Actavis sem skuldar íslensku þjóðinni marga milljarða – heldur er það íslenska þjóðin sem skuldar Actavis.

UM þetta vitnar frétt frá RUV, virtustu fréttastofu landsins: „Svafa Grönfeldt, aðstoðarforstjóri Actavis Group, segir að Actavis framleiði nú um 30 lyf fyrir íslenskan markað í mjög litlum mæli og selji þau undir kostnaðarverði. Tap fyrirtækisins vegna þessarar framleiðslu er 250 milljónir króna.“

ACTAVIS er í rauninni góðgerðastofnun og niðurgreiðir handa okkur lyf sem það tapar 250 milljónum króna á að framleiða, væntanlega á hverju ári. Actavis gefur þjóðinni því milljarð á fjórum árum. Það er stór ólmusa.

MÉR finnst óbærilegt með öllu að standa í svona mikilli þakkarskuld við vandalaust fyrirtæki. Mér blöskrar fórnfýsi þess og hef áhyggjur af því að reksturinn fari á hausinn. Það er glórulaust að tapa milljarði á smá þjóð eins og Íslendingum á hverjum fjórum árum.

ÞESSU verður að linna. Við getum ekki verið þekkt fyrir að liggja uppi á þessu fyrirtæki eins og ómagar. Ekki lengur. Við eigum að þakka auðmjúklega fyrir að hafa í grandaleysi þegið þessa ólmusu og ákveða að valda Actavis ekki frekari fjárútlátum. Við eigum að biðja lækna og afgreiðslufólk í lyfjaverslunum að láta okkur aldrei, aldrei framar hafa lyf frá Actavis. Við höfum nú þegar valdið þessu fyrirtæki nægu tjóni. Við hljótum að geta jafnað lyfjaneyslu okkar niður á önnur lyfjafyrirtæki til að valda Actavis ekki meiri búsigjum. Þannig getum við þakkað stjórnendum Actavis það kærleiksverk sem þeir hafa unnið fyrir íslensku þjóðina – og um leið gert Svöfu Grönfeldt aðstoðarforstjóra og öðrum stjórnendum Actavis kleift að snúa sér loksins að því sem önnur lyfjafyrirtæki stefna að – að græða peninga. Guð blessi Actavis Group!

## Sumartilboð á Legacy 2.470.000 kr.\*



JÓNSSON & LE MACYS • JUS • SÍA

Legacy er mjög kraftmikill bíll og sérlega þægilegur og mjúkur undir stýri - hvort sem þú ert að sækja börnin í leikskólann eða á leiðinni upp í sumarbústað. Legacy er rétti bíllinn fyrir íslenskar aðstæður, og þig.

STAÐALBÚNAÐUR: 2.0 LÍTRAR - 165 HESTÖFL, SÍTENGT FJÓRHJÓLADRIF, 17" ÁLFELGUR, HRADASTILLIR, TÖLVUSTÝRÐ LOFTKÆLING, KASTARAR Í STUÐARA OG MARGT FLEIRA.

Ingvar Helgason	Sævarhóla 2 Sími 525 8000 www.jh.is	Opíð: Mánudaga - föstudaga kl. 9:00-18:00.
Umboðsmenn um land allt	Akureyri 461-2960	Njarðvík 421-8808
	Höfn í Hornafirði 478-1990	Reyðarfirði 474-1453

\* Á meðan birgdir endast.

### SUMARTILBOÐ LEGACY - TAKMARKAÐ MAGN

SEDAN	VERÐ ÁÐUR	VERÐ NÚ
Sjálfskiptur	2.620.000	2.470.000
WAGON	VERÐ ÁÐUR	VERÐ NÚ
Beinskiptur	2.690.000	2.490.000
Sjálfskiptur	2.790.000	2.640.000

## FANGAÐU AUGNABLIKIÐ

... með **OLYMPUS**

SÝNDU TILÞRIF!  
SÝNDU HÆFILEIKA!  
SÝNDU METNAÐ!  
Til þess þarft þú að hafa í höndunum frábæra vél:  
**OLYMPUS**



OLYMPUS mju720SW

Tilvalin í útivistina!

Einstök hönnun · Stál hús - þolir fall úr allt að 1.5 metra hæð · Þolir þrýsting sem jafnast á við 3 metra dýpi · BrightCapture Technology sem auðveldar skoðun myndna og að taka myndir án flass í litli birtu. 7.1 milljón pixlar 2.5" LCD skjár · 3 x optikal aðdráttur (38-114mm) · 24 tókustillingar  
Verð kr. 36.900

OLYMPUS

FÆST EINNIG Í:

FRÍHÖFNinni

Flugstöð Leifs Erikssonar

ÁRVIKJANUM

Eyrarveg 52, Selfossi, s: 480 1160

PIXLAR

Suðurlandsb 52, Reykja, s: 588 3700

GEISLA

Flötum 29, Vestmannaeyjum, s: 481 3333

MODEL

Síðholt 16-18, Akranesi, s: 431 3333

BÓKAVERSLUN ÞÓRARINNS

Garðsbraut 9, Húsavík, s: 464 1234

ORMSSON

SÍÐUMÚLA 9 · Sími 530 2800

SMÁRALIND · Sími 530 2900

KEFLAVÍK · Sími 421 1535

AKUREYRI · Sími 461 5000

SJÁ NÁNAR: www.ormsson.is